skoðun 26

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt

DEKUR
Gjafakort
www.badhusid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
20. desember 2011
297. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA
2001 - 2011
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011

Karatefólk ársins

Aukaæfingin skapar meistarann segja þau Aðalheiður Rósa og Kristján Helgi.

tímamót 36

Miðlar í Berlín

Tinna Pétursdóttir hjálpar íslenskum hönnuðum að koma sér á framfæri erlendis.

fólk 66

Haukar óstöðvandi

Haukar eru með fimm stiga forystu á toppi N1-deildar karla eftir sigur á erkifjendum sínum í FH.

sport 58

veðrið í dag

VÍÐA STREKKINGUR Í dag má búast við stífri SV-átt, einkum NV- og V-lands. Horfur á lítilsháttar snjókomu eða éljum V-til, stöku él við norðurströndina og skúrir allra syðst. Nokkuð bjart eystra.

VEÐUR 4

Kröfuhafar nálgast Hannes

FI fjárfestingar, félag Hannesar Smárasonar, var úrskurðað gjaldþrota á föstudag. Skilanefnd Glitnis mun í kjölfarið stefna Hannesi vegna 400 milljóna króna sjálfsábyrgðar sem hann var í fyrir lánum til félagsins.

DÓMSMÁL FI fjárfestingar ehf., félag í eigu Hannesar Smárasonar, var tekið til gjaldþrotaskipta á föstudag. Í kjölfarið mun skilanefnd Glitnis geta krafið Hannes um 400 milljónir króna vegna sjálfskuldarábyrgðar sem hann gekkst undir þegar FI fjárfestingar, sem hétu áður Fjárfestingafélagið Primus ehf., fékk tvö kúlulán hjá bankanum í lok árs 2007. Lánin standa nú í um 4,7 milljörðum króna.

Skilanefnd Glitnis höfðaði mál á hendur Hannesi og félaginu vegna lánanna tveggja. Í febrúar var félaginu gert að greiða skilanefndinni 4,7 milljarða króna vegna þessa. Dómurinn staðfesti auk þess fyrsta veðrétt í atvinnuhúsnæði Hannesar að Faxafeni 12 og fimm sumarbústaðalóðum sem hann átti við Illagil í Grafningi.

Héraðsdómur komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að Hannesi bæri ekki að greiða sjálfskuldarábyrgðina „að svo stöddu“. Því var ekki hægt að innheimta hana fyrr en fasteignin og sumarbústaðalóðirnar yrðu seldar á uppboði. Það gerðist nýverið og fengust nokkrir tugir milljóna króna fyrir þær. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins fór uppboðið á sumarbústaðalóðunum fram í 20 stiga frosti.

Í kjölfarið gerði skilanefndin tilraun til fjárnáms hjá FI fjárfestingum. Í úrskurði héraðsdóms, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, kemur fram að ekki hafi tekist að boða Hannes til fjárnámsgerðar „þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir“. Fjárnáminu lauk án árangurs.

Lögmaður Hannesar hélt því fram að aðfarargerðirnar væru ólögmætar. Því var héraðsdómur ósammála og úrskurðaði á föstudag að bú FI fjárfestinga yrði tekið til gjaldþrotaskipta.

Skilanefndin mun í kjölfarið höfða mál á hendur Hannesi og krefjast þess að hann greiði 400 milljónir króna vegna sjálfskuldarábyrgðarinnar. Heimildir herma að allur málatilbúnaður liggi fyrir. Einungis eigi eftir að birta Hannesi stefnuna. **- þsj**

Hornsteinninn í veldi Hannesar

FI fjárfestingar var hornsteinninn í umfangsmikilli fjárfestingarstarfsemi Hannesar á árum áður. Eignir samstæðunnar voru til dæmis sagðar 46 milljarðar króna í lok árs 2006. Félagið hefur ekki skilað ársreikningi frá árinu 2007. Eignir þess í dag eru taldar litlar sem engar. Það skuldaði um 31 milljarð króna í lok 2007.

LEIÐTOGINN FALLINN FRÁ Mikil sorg ríkti í Norður-Kóreu í gær eftir að greint var frá fráfalli leiðtogans Kim Jong-il, sem lést á laugardag. Fólk brast í grát á götum úti eftir tilkynninguna. Sonurinn Kim Jong-un tekur nú við völdum. Sjá síðu 12

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Afmarka frest í Iceland-sölu:

Hafa 41 dag til að skila tilboði

VIÐSKIPTI Tilboðsgjafar í hluti skilanefnda Landsbankans og Glitnis í bresku matvörukeðjunni Iceland hafa frest til 29. janúar til að skila bindandi tilboðum. Sum tilboðin eru yfir jafnvirði 240 milljarða króna.

LÁRENTSÍNUS KRISTJÁNSSON

Lárentsínus Kristjánsson, formaður skilanefndar Landsbankans frá hruni, hættir um áramótin þegar skilanefndirnar verða lagðar af. Hann segist ekki skilja rökin fyrir þeirri ákvörðun. Ágætt verði að losna undan álaginu. „Á hinn bóginn er óskemmtilegt að geta ekki fengið að klára þetta verk,“ segir Lárentsínus. Hann segir tugmilljarða verðmætum hafa verið bjargað með láni frá breska Seðlabankanum. Skilanefndarmaður hafi eitt sinn hent þremur aðgangshörðum mönnum á dyr. „Þetta voru alvöru læti.“ **- gar, þsj / sjá síðu 18**

Stærsta rannsókn sinnar tegundar um áhrif reykinga í kvikmyndum:

Rannsókn sýnir skaðleg áhrif

HEILSA Börnum og unglingum sem horfa mikið á kvikmyndir þar sem er reykt er hættara við að byrja að reykja. Þetta er niðurstaða samevrópskrar rannsóknar um áhrif reykinga í kvikmyndum á börn og unglinga.

Yfir sextán þúsund börn og unglingar tóku þátt, þar af rúmlega tvö þúsund frá Íslandi. Rannsóknin er sú stærsta sem gerð hefur verið um þetta efni.

> Hér hefur náðst mikill árangur í baráttunni gegn reykingum og áfengisneyslu ungmenna.
>
> **STEFÁN HRAFN JÓNSSON**
> LEKTOR Í FÉLAGSFRÆÐI

„Ísland sker sig þó úr að því leyti að áhrifin hér eru minni. Það skýrist fyrst og fremst af því að tíðni reykinga er minni hér en í hinum löndunum. Hér hefur náðst mikill árangur í baráttunni gegn reykingum og áfengisneyslu ungmenna,“ segir Stefán Hrafn Jónsson, lektor í félagsfræði við Háskóla Íslands og veltir fyrir sér hvort setja þurfi aldursviðmið þegar kemur að reykingum í kvikmyndum alveg eins og þegar um klám og ofbeldi er að ræða. **- ve / sjá allt í miðju blaðsins**

SPURNING DAGSINS

Helgi, verða börnin ekki bara að skilja eftir sig brauðmolaslóð í Jólaskóginum?

„Nei, ætli smáfuglarnir borði þá ekki. Foreldrarnir verða bara að hafa auga með krökkunum sínum."

Helgi Gíslason er framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur. Þrjú börn týndust í Jólaskógi félagsins á sunnudag, en varð sem betur fer ekki meint af.

Sendifulltrúahjón voru 30 ár að safna listaverkum og fengu 75 milljónir í bætur frá utanríkisþjónustunni:

Ólíft í gámi með íslenskum nútímalistaverkum

STJÓRNSÝSLA „Allt myglaði sem myglað gat og fýlan sem gaus upp þegar gámurinn var opnaður var slík að verkamennirnir, sem tæmdu gáminn settu upp sóttvarnargrímur," segir í lýsingu hjónanna Kristínar Þorsteinsdóttur og Skafta Jónssonar sem misstu búslóð við flutning til Bandaríkjanna.

Fram hefur komið að Skafti og Kristín fóru til Bandaríkjanna vegna starfa Skafta fyrir utanríkisþjónustuna. Í yfirlýsingu þeirra segir að gámur með búslóð þeirra hafi í apríl fyllst af sjó og innihaldið velkst í gámnum dögum saman í stórsjó í Norður-Atlantshafi. Síðan hafi gámurinn staðið á bryggju í ellefu daga í hitabylgju áður en heimild fékkst til þess að rjúfa innsigli og opna hann. Notaðar hafi verið skóflur til að moka út úr gámnum.

> „Við teljum okkur hafa haldið vel á spöðunum og vorum stolt af safninu okkar.
>
> KRISTÍN ÞORSTEINSDÓTTIR OG SKAFTI JÓNSSON.

Hjónin segjast þarna hafa tapað nánast öllum sínum lausamunum. „Þar á meðal var safn nútímalistaverka, sem hefur tekið okkur tæpa þrjá áratugi að byggja upp, og var um margt einstakt. Undirstaða safnsins voru verk frá fyrri hluta síðustu aldar, sem Kristín erfði frá foreldrum sínum. Við teljum okkur hafa haldið vel á spöðunum og vorum stolt af safninu okkar," segja hjónin sem einnig misstu húsgögn, húsbúnað, fatnað, mikið safn áritaðra listaverkabóka og aðra persónulega muni sem aldrei verði bættir „eins og myndir af látnu fólki og fjölskyldualbúm frá tíma sem aldrei kemur aftur".

Skafti og Kristín segja tjónið hafa verið metið af hlutlausum aðila. Þau fengu 75 milljónir króna í bætur frá ríkinu. Þau segja veruleikann þann að vinnuveitandi Skafta hafi tekið að sér að flytja búslóð þeirra á sína ábyrgð og kostnað og hafi vitað af verðmæti hennar. „Það er sárt að missa eigur sínar. Ekki bætir úr að þurfa að sitja undir alls konar dylgjum, hálfkveðnum vísum og jafnvel hreinum ásökunum í opinberri umræðu," segja Kristín og Skafti. - gar

Sex mánaða fangelsi:

Með hálft kíló af maríjúana

DÓMSMÁL Karlmaður á fertugsaldri hefur verið dæmdur í sex mánaða fangelsi, þar af þrjá á skilorði, fyrir ræktun á nær hundrað kannabisplöntum, auk þess sem hann var með í fórum sínum nær hálft kíló af maríjúana.

Maðurinn játaði brot sitt fyrir dómi. Maðurinn á talsverðan sakaferil að baki. Á árinu 2003 var hann dæmdur í fangelsi í Danmörku í 21 mánuð fyrir fíkniefnabrot. Við ákvörðun refsingar nú leit dómurinn til þess að varsla umræddra fíkniefna var í sölu- og dreifingarskyni og var það virt manninum til refsiþyngingar. - jss

Hvítvoðungur fannst yfirgefinn:

Móðir drengsins er enn ófundin

DANMÖRK Lögregla á Lálandi í Danmörku leitar enn að móður drengbarns sem fannst yfirgefið í plastpoka við þjóðveg nálægt bænum Maribo á föstudag.

Nýfæddur drengurinn fannst bak við spennukassa við veginn, kaldur en á lífi, en talið er að hann hafi aðeins verið um klukkustundar gamall þegar kona á gangi með hund sinn gekk fram á hann.

Danskir miðlar segja frá því að lögregla hafi yfirheyrt um tuttugu konur í tengslum við málið, en hafi ekki gefið upp von um að finna móðurina. - þj

SAMGÖNGUMÁL

Átján flugfélög til Keflavíkur

Átján flugfélög hafa sótt um afgreiðslutíma á Keflavíkurflugvelli næsta sumar. Þar af eru þrjú flugfélög sem aldrei hafa flogið til Keflavíkur áður. Það eru Easy Jet, Norwegian Air og Wow Air.

Síld á fjörum segull á tugþúsundir fugla

Dauð og deyjandi síld á fjörum í Breiðafirði dregur að sér þúsundir fugla. Fjörutíu hafernir sáust við Jónsnes. Rotnandi síld gefur frá sér grút og óþef í þíðunni. Veiði og síldarsýkingu kennt um. Hafró fer til rannsókna í janúar.

UMHVERFISMÁL „Þarna voru þúsundir máva, sennilega um hundrað hrafnar en tilkomumest var að sjá samankomna fjörutíu haferni," segir Jóhann Kjartansson, einn eigenda jarðarinnar Jónsness á Snæfellsnesi. „Það var töluvert af dauðri og deyjandi síld á svæðinu, hvað sem því veldur."

Eins og kunnugt er hefur meirihluti stofns íslensku sumargotssíldarinnar haldið sig inni á Breiðafirði undanfarin ár. Þangað hefur flotinn sótt til veiða, og hefur vel gengið að taka þann kvóta sem gefinn hefur verið út eftir að sýking kom upp í stofninum. Voru veiðarnar í ár einskorðaðar við Breiðafjörð, en sýking hefur mælst minni í síld sem veiðst hefur utan þess svæðis.

Því eru tvær kenningar uppi um hvað veldur því að töluvert magn af dauðri síld rotnar nú á fjörum og á botni fjarðarins. Annars vegar að sjómenn hafi gengið of skart fram við veiðar í haust en hins vegar að síldarsýkingunni sé um að kenna. Sýkingin í stofninum er um 30 prósent og því ljóst að mikið magn drepst vegna hennar, og því líklega meginástæðan.

Hjá Náttúrustofu Vesturlands var það að fregna að fjöldi sjómanna hafi haft samband sem segja að mikið magn liggi dautt á botni fjarðarins og rotnandi síld sé um allar fjörur.

Lárus Hallfreðsson, bóndi í Ögri stutt frá Stykkishólmi, tekur undir þetta en hann fór í Sellónseyjar á föstudaginn. „Það er mikið magn af síld sem er að rotna í fjörunum. Þetta er hábölvað núna og versnar þegar líður á. Í logni sér maður gasbólur koma upp á yfirborðið eins og sjórinn sjóði. Það hlýtur mikið að vera að rotna á hafsbotni." Lárus segir jafnframt að þari á fjörum sé þakinn grút og lyktin sé mikil og ógeðfelld. „Mér finnst líklegt að sýking sé skýring að hluta en ekki síður veiðar stóru skipanna sem voru hérna uppi í fjöru við síldarveiðar."

MÁFUR TEKUR SÝKTA SÍLD Máfur er mikilvægt æti fyrir haförn svo máfager í síldaráti á Breiðafirði er eitthvað sem þessi tignarlegi fugl stenst ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

HAFÖRN

Hafrannsóknastofnunin hyggst fara til rannsókna á Breiðafirði í janúar en Fiskistofa hefur þegar hafið vinnu við að taka sýni fyrir stofnunina til rannsókna.

Jóhann, sem var á Jónsnesi á laugardag, segist oft hafa séð tvo og þrjá haferni í einu á þessu svæði en þetta hafi verið einstakt. „Í raun má segja að ótrúlega stórt hlutfall af stofninum hafi verið þarna á litlum bletti," segir Jóhann en stofn hafarnar á Íslandi er talinn vera 65 pör. „Það svíður mest að hafa ekki verið með myndavél, því maður verður ekki vitni að þessu aftur."

svavar@frettabladid.is

UTANRÍKISMÁLANEFND Funduðu um forræði í Icesave-dómsmálinu.

Ráðuneytisstjórar skýra málin:

Icesave vistað hjá Össuri

STJÓRNSÝSLA Ráðuneytisstjórar forsætisráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins ásamt sérfræðingi í málefnum EFTA-dómstólsins mættu í gær á fund utanríkismálanefndar Alþingis til að skýra hvaða ráðuneyti hafi forræði í samskiptum Íslands við ESA vegna Icesave-dómsmálsins. Sögðu þeir málið heyra undir utanríkisráðherra. Það hefur hins vegar um skeið verið unnið í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu sem verður nú í samstarfi við utanríkisráðuneytið um dómsmálið.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks auk Guðfríðar Lilju Grétarsdóttur úr VG bókuðu að málið ætti að vera áfram hjá efnahags- og viðskiptaráðherra. - gar

Malmö og Kaupmannahöfn:

Skoða lest milli miðborganna

SVÍÞJÓÐ Yfirvöld í Kaupmannahöfn og Malmö skoða nú möguleikann á því að koma upp neðanjarðarlest á milli miðbæja borganna tveggja.

Ilmar Reepalu, borgarstjóri Malmö, segir ljóst að núverandi samgöngumátar milli borganna muni ekki duga til lengri tíma litið. Því þurfi að skoða neðanjarðarlest, sem myndi kosta um þrettán milljarða sænskra króna. - þeb

Hermenn skutu í það minnsta þrjá til bana í átökum á Frelsistorginu í Kaíró:

Fjórtán fallnir á fjórum dögum

EGYPTALAND, AP Hundruð hermanna réðust í gær til atlögu við mótmælendur á Frelsistorginu í Kaíró í Egyptalandi. Heilbrigðisyfirvöld staðfesta að þrír hafi verið skotnir til bana af hermönnum, og hafa þá alls fjórtán verið drepnir í átökum hers og almennings frá því á föstudag.

Mótmælendur krefjast þess að herstjórnin, sem hefur stýrt landinu frá því að Hosni Mubarak hrökklaðist frá völdum, fari frá völdum.

Mótmælendur hafa fylkt liði á Frelsistorginu og krafist breyttra stjórnarhátta síðustu þrjár vikur. Frá því á föstudag hafa hermenn ítrekað reynt að ryðja torgið. Þeir hafa beitt kylfum og skotið gúmmíkúlum að mótmælendum, en engar fréttir höfðu borist af því að þeir hafi beitt hefðbundnum skotvopnum gegn mótmælendum fyrr en í gær.

„Það rigndi byssukúlum í morgunsárið," segir Ahmed Saad, læknir sem staðið hefur vaktina í sjúkratjaldi sem sett hefur verið upp á torginu. Hann segir í það minnsta sex hafa verið skotna til bana í gær, tvöfalt fleiri en heilbrigðisráðuneytið fullyrðir. - bj

BARÁTTA Mótmælendur hafa hent grjóti og eldsprengjum að hermönnum í óeirðaklæðum, sem hafa svarað með kylfum og byssukúlum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ENNEMM / SÍA / NM49313
Hafðu Yrsu
hjá þér um jólin
1.000 kr.
notkun á mán.
í 12 mán. fylgir
símanum
Netnotkun
á 0 kr. í
1 mán. fylgir
spjaldtölvum
Hljóðbók og tónlist fylgja með í jólapakkann
fyrir GSM viðskiptavini Símans
Þegar þú kaupir Samsung Galaxy SII
eða Samsung Galaxy Tab hjá Símanum
færðu Brakið eftir Yrsu Sigurðardóttur á
hljóðbók og mánaðaráskrift að Tónlist.is
SAMSUNG
GALAXY TAB 10.1
Loksins komin til Íslands.
6.490 kr.
á mánuði í 18 mánuði*
Staðgreitt: 114.900 kr.
SAMSUNG
GALAXY TAB 8.9
Frábær græja fyrir leik og starf.
5.990 kr.
á mánuði í 18 mánuði*
Staðgreitt: 104.900 kr.
Netnotkun á 0 kr.
í 1 mán. fylgir
Hljóðbókin Brakið
Mánaðaráskrift
að Tónlist.is
SAMSUNG GALAXY SII
Nettur snjallsími á frábæru verði.
5.990 kr.
á mánuði í 18 mánuði*
Staðgreitt: 99.900 kr.
1.000 kr. notkun á
mán. í 12 mán. fylgir
Hljóðbókin Brakið
Mánaðaráskrift
að Tónlist.is
TAB 10.1 = 10.1"skjár
TAB 8.9 = 8.9"skjár
Síminn
siminn.is/vefverslun
*Greiðslugjald 325 kr. bætist við mán. gjald

GENGIÐ 19.12.2011

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	122,20	122,78
Sterlingspund	189,15	190,07
Evra	159,05	159,95
Dönsk króna	21,398	21,524
Norsk króna	20,473	20,593
Sænsk króna	17,681	17,785
Japanskt jen	1,5671	1,5763
SDR	187,81	188,93

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
217,6242

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ríkissaksóknari hefur ákært tvo karlmenn fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur:

Ákærðir fyrir hrottalega nauðgun

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært tvo karlmenn fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir hrottalega nauðgun.

Mönnunum er gefið að sök að hafa að morgni sunnudagsins 16. október tekið konu upp í bifreið við Laugaveg í Reykjavík, ekið með hana að Reykjavíkurflugvelli, og þeir þar í félagi, í aftursæti bifreiðarinnar, þröngvað henni með ofbeldi til samræðis.

Mennirnir játuðu við yfirheyrslur hjá lögreglu að hafa tekið konuna upp í bifreiðina og ekið með hana að Reykjavíkurflugvelli þar sem kynferðisleg samskipti hafi átt sér stað. Framburður þeirra um hvað gerðist nákvæmlega er þó ekki samhljóða, en hvorugur kannast við að hafa þvingað konuna til kynferðismaka.

Framburður konunnar hefur aftur á móti verið greinargóður og skýr. Hún segir mennina hafa boðist til að aka sér í verslun sem hún ætlaði í og hafi hún þegið það. Hún hafi reynt að telja mönnunum trú um að hún væri smituð af HIV í þeim tilgangi að fá þá til að hætta ofbeldinu. Þá hafi hún einnig sagst hafa óskrað en þegar hún hafi gert það hafi ökumaðurinn tekið hana hálstaki og lamið hana í andlitið. - jss

HÉRAÐSDÓMUR Mennirnir eru ákærðir fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Líklega einstakt tilvik:

Falsaður þúsundkall í banka

LÖGREGLUMÁL Lögreglunni á Selfossi barst nýverið tilkynning um falsaðan þúsund króna seðil sem fannst innan um aðra þúsund króna seðla í bankaútibúi á Selfossi. Ekki er vitað hvenær né með hvaða hætti seðillinn barst til bankans. Engin önnur tilvik hafa komið til lögreglu og virðist því sem um eitt einstakt tilvik sé að ræða.

Lögreglan á Selfossi biður alla þá sem veitt geta upplýsingar um þessi mál að hafa samband í síma 480 1010. - jss

Mál upp á tvær milljónir:

Bloggari sýknaður fyrir dómi

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur hefur sýknað bloggara í meiðyrðamáli vegna ummæla sem hann viðhafði á bloggsíðu á DV um fjölskyldu í Garðabæ.

Fjölskyldan sem um ræðir hefur átt í útistöðum við nágranna sína og hefur verið fjallað um málið í fjölmiðlum. Fólkið krafðist samtals tveggja milljóna króna af bloggaranum, en hann og útgáfufélag DV voru sýknuð. Í dómnum er litið til þess að stefnendur séu ekki nafngreindir í bloggfærslunni og ekki unnt að átta sig á því við hverja er átt, nema að kynna sér fjölmiðlaumfjöllun. - jss

14 ár nógu þung refsing:

Þorvarður ekki ákærður aftur

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákveðið að gefa ekki út nýja ákæru á hendur Þorvarði Davíð Ólafssyni fyrir manndráp. Ástæðan er sú hversu þunga refsingu, fjórtán ára fangelsisdóm, hann hlaut fyrir tilraun til manndráps.

Þorvarður réðst á föður sinn, tónlistarmanninn Ólaf Þórðarson, í nóvember í fyrra og veitti honum lífshættulega áverka. Hann var síðan ákærður og dæmdur fyrir tilraun til manndráps. Ólafur náði sér hins vegar aldrei af áverkunum og lést í byrjun mánaðarins. - sh

MENNTAMÁL

Leikskólabreytingar kynntar

Breytingar á morgunmat leikskólabarna á Akureyri verða kynntar á fundi í dag. Foreldrar eru mjög óánægðir með að ekki verði boðið upp á morgunmat eins og áður og gagnrýna yfirvöld harðlega.

Taldir hafa reynt að breiða yfir brotið með skjalafalsi

Saksóknari telur að tilgangur Glitnismanna með tíu milljarða láni til Milestone hafi verið að koma í veg fyrir að bréf í bankanum hryndu. Lárus Welding og Guðmundur Hjaltason eru ákærðir fyrir umboðssvik.

DÓMSMÁL Sérstakur saksóknari telur að Glitnismenn hafi falsað lánasamning upp á tíu milljarða til að láta líta út fyrir að lánið hafi verið veitt félaginu Vafningi, þegar það hafi í raun runnið beint til Milestone.

Þetta kemur fram í ákæru á hendur Lárusi Welding, fyrrverandi bankastjóra Glitnis, og Guðmundi Hjaltasyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs bankans.

Tvímenningarnir eru ákærðir fyrir að hafa misnotað aðstöðu sína og stefnt fé bankans í stórfellda hættu með lánveitingunni, sem var afgreidd 8. febrúar 2008. Í ákærunni segir að lánið hafi verið veitt Milestone án tryggingа eða ábyrgða og andstætt reglum bankans um hámarkslánveitingar til einnar og sömu félagasamstæðunnar.

Með láninu fóru heildarlánveitingar Glitnis til Milestone-samstæðunnar í 18,8 prósent af eigin fé bankans, en hámarkið var sautján prósent.

Tilgangur lánsins, að því er segir í ákærunni, var að gera Milestone kleift að greiða skuld dótturfélags síns, Þáttar International, við bandaríska bankann Morgan Stanley.

Glitnir átti hagsmuna að gæta við það uppgjör, því að hefði skuldin ekki verið greidd var fyrirsjáanlegt að Morgan Stanley mundi ganga að sjö prósenta hlut sem Þáttur International átti í Glitni og setja hann á almennan markað. Í ákærunni segir að það hefði líklega rýrt virði bréfa í bankanum umsvifalaust.

Lánið, sem var að andvirði um 102 milljóna evra, eða tíu milljarða króna á gengi þess tíma, fluttist fjórum dögum seinna í félagið Vafning. Um þá lánveitingu var smíðaður nýr samningur svo að á pappír leit ferlið þannig út að Vafningur hefði fengið nýtt lán og með því greitt niður skuld Milestone sem stofnað var til fjórum dögum fyrr.

10 milljarðar króna er upphæð lánasamnings sem sérstakur saksóknari telur Glitnismenn hafa falsað.

Sérstakur saksóknari telur ljóst að sú hafi alls ekki verið raunin, enda hafi Vafningur engan reikning átt í Glitni og því hafi verið ómögulegt að lána félaginu beint. Lánið hafi þvert á móti verið til Milestone, það síðan flutt til Vafnings og skjöl útbúin eftir á til að það liti þannig út að lánið hefði verið veitt beint til Vafnings.

Síðar í sama mánuði var félaginu Svartháfi, skráð í eigu Werners Rasmussonar, föður Karls og Steingríms Wernerssona sem áttu Milestone, veitt ríflega átján milljarða lán.

Tilgangur þess var sá sami og hins: að greiða niður skuld Milestone við Morgan Stanley. Af því fóru hins vegar um fimm milljarðar í að greiða niður helming skuldar Vafnings við Glitni. Hinn helmingurinn hefur aldrei verið greiddur. Svartháfur greiddi heldur aldrei sitt lán og því situr Glitnir eftir með um 23 milljarða tap af fléttunni, eða tæplega 35 milljarða tap miðað við gengi evrunnar í dag.

Síðari lánveitingin – sú til Svarthafs – er ekki undir í ákærunni sem nú hefur verið gefin út þótt heimildir Fréttablaðsins hermi að hún hafi jafnframt verið til rannsóknar hjá embætti sérstaks saksóknara. Ekki er útséð með að fleiri ákærur verði gefnar út sem tengjast þessum viðskiptum.

Tjónið af láninu sem ákært er fyrir er metið á að minnsta kosti fimm milljarða á þáverandi gengi eða 7,5 milljarða miðað við gengi evrunnar í dag. „Lánveitingin átti þátt í að Glitnir féll í byrjun október 2008 með mjög alvarlegum afleiðingum fyrir kröfuhafa, ríkissjóð og almenning á Íslandi," segir í ákærunni. stigur@frettabladid.is

TVEIR UNDIR Lárus Welding er annar tveggja manna sem ákærðir eru í þriðja máli sérstaks saksóknara sem ratar til dómstóla. Guðmundur Hjaltason hafði umsjón með lánveitingunum sem yfirmaður fyrirtækjasviðs bankans. Hann var skömmu síðar ráðinn til Milestone. FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

RICOH

Aficio MP C300 með skáp.
A4 litaljósritunarvél, prentari & skanni. Skannar og sendir beint í tölvupóst. 30 síður/mínútu í lit og svart/hvítt. Matari og duplex.
Takmarkað magn

STOFNAÐ 1953
OPTIMA
Vínlandsleið 6-8, S. 588 9000
www.optima.is

Aukabúnaður á mynd: 3 skúffueiningar

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

BEST A-TIL Í dag eru horfur á strekkingi og éljum eða snjókomu NV- og V-til á landinu. Austanlands verður hægari vindur og bjart með köflum. Á morgun á myndarleg lægð leið yfir landið og horfur eru á töluverðri úrkomu S-til, slyddu í fyrstu og síðar rigningu.



Á MORGUN Hvessir við suðurströndina.

FIMMTUDAGUR N-læg eða breytileg átt.

HEIMURINN

Alicante	16°
Basel	1°
Berlín	2°
Billund	4°
Frankfurt	4°
Friedrichshafen	2°
Gautaborg	3°
Kaupmannahöfn	3°
Las Palmas	22°
London	7°
Mallorca	16°
New York	6°
Orlando	24°
Ósló	-4°
París	8°
San Francisco	14°
Stokkhólmur	1°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is

Verslun
Ármúla 26

522 3000

hataekni.is

Opið:
virka daga
9.30–18
laugardag
12–17
sunnudag
12–17

ALLT Í PAKKANN
FJÖLBREYTTAR JÓLAGJAFIR

7" stafrænn myndarammi
Flottur stafrænn myndarammi. 480 x 234 upplausn. Spilar myndir af minniskorti eða USB.

Verð: 10.995

TF71

8" stafrænn myndarammi
Flottur 8" myndarammi frá Telefunken. 4:3 myndhlutfall. 128 MB minni. Spilar myndir af minniskorti eða USB. Fjarstýring fylgir með.

Verð: 17.995

TF81

Inni- og útihitamælir
Rakastig inni, veðurspá (12–24 klst.), hálkuviðvörun (3 til -2°C), hægt að tengja 3 skynjara, minni fyrir hæsta og lægsta gildi, klukka og vikudagar, baklýsing á skjá og borðstandur fylgir.

Verð: 9.995

BAR206

Knopex Retro útvarp
Knopex FM-útvarpið er þægilegt, stílhreint og einfalt í notkun.

Verð: 5.995

5009108

PIPAR\TBWA • SÍA • 113353

Laserklukka
Vekjaraklukka með 2 vekjurum. Varpar tíma upp í loft, baklýstur skjár og sýnir vikudag.

Verð: 6.995

RM308P

Laserklukka
Varpar tíma upp í loft, baklýsing á skjá, klukka með dagsetningu og vekjaraklukka.

Verð: 8.995

EW96

Laserklukka
Dagatal/vikudagar, 2 vekjarar og blundtakki, baklýstur skjár, hægt að stilla laser, mjög þunn, aðeins 18 mm, til í svörtu og hvítu.

Verð: 14.995

RM368P

Ný og stærri verslun – á sama stað



Full búð af frábærum tilboðum

Archos Flipper MP3/MP4 4 GB spilari
Flottur MP3/MP4 spilari. 4 GB minni og innbyggður USB–kapall.

Verð: 6.995

501666

Verð: 8.995

501774

Archos Clipper MP3 4 GB spilari
Einn minnsti MP3/4 spilari í heimi. Frábær í ræktina, einfaldur í notkun og heyrnatól fylgja.

Philips CD270
Þráðlaus Dect heimasími frá Philips. Virkilega flottur sími með endurval í síðustu 20 númer, XHD hljóðbæti, vekjaraklukku og handfrjálsann möguleika.

Verð áður: 8.495

Tilboð: 6.995

ÞÚ SPARAR **1.500**

PHI130046

Motorola TLKR-T4
PMR talstöðvar frá Motorola. Allt að 6 km drægni. Takkalæsing, beltisfesting og stöðumælir rafhlöðu.

Verð: 6.995

P14MAA03A1AX

Hátækni

KJÖRKASSINN



Er vírusvörn og eldveggur í tölvunni þinni?

Já 84,6%

Nei 15,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Kaupir þú íslenskar bækur í jólagjafir?

Segðu þína skoðun á Vísir.is. VÍSIR

HVALFJARÐARGÖNG Skagamenn segja vetrarþjónustu frá göngunum slælega.

Gagnrýni frá Skagamönnum:

Kvarta undan litlum mokstri

SAMGÖNGUR **Framkvæmdaráð Akraness hyggst senda kvörtun til Vegagerðarinnar vegna „slælegrar vetrarþjónustu“ á veginum frá Hvalfjarðargöngum að Akranesi. Kom fram á síðasta fundi ráðsins að fjöldi kvartana hefði borist vegna hálku og lélegs moksturs.**

„Ráðið telur að almennt ástand vegarins sé óásættanlegt og umferðaröryggi sé ógnað og því afar brýnt að þegar verði farið í viðhaldsaðgerðir,“ segir í bókun framkvæmdaráðsins. - gar

Umferðareftirlit lögreglu:

Tók fimm fulla undir stýri

LÖGREGLUMÁL Fimm ökumenn sem lögreglan stöðvaði í sérstöku umferðareftirliti á höfuðborgarsvæðinu um helgina reyndust ölvaðir. Alls voru 1.800 manns stöðvaðir í átakinu. Einn var undir áhrifum fíkniefna. Ökumennirnir sex verða sviptir ökuleyfi.

Ellefu ökumönnum til viðbótar var gert að hætta akstri vegna þess að þeir höfðu neytt áfengis en voru undir leyfilegum mörkum. Þá voru margir ökumenn án ökuskírteinis og ljósabúnaði var ábótavant hjá mörgum. - jss

Dómsuppkvaðning í einu stærsta glæpamáli síðustu ára í Danmörku:

Amager-maðurinn dæmdur sekur

DANMÖRK Marcel Lychau Hansen, betur þekktur sem Amager-maðurinn, var í gær dæmdur sekur um tvö morð og sex nauðganir á rúmlega tuttugu ára millibili. Málið hefur vakið mikla athygli í Danmörku þar sem hann er virkasti raðafbrotamaður í sögu landsins. Hansen verður ákvörðuð refsing á fimmtudag.

Lögreglu hafði ekki orðið ágengt í fjölda afbrota sem framin höfðu verið í Amager-bæjarhlutanum í Kaupmannahöfn um langt skeið.

Hreyfing komst hins vegar á málið þegar Hansen var handtekinn í fyrra vegna nauðgunar. Lífsýni og önnur sönnunargögn bendluðu hann við fyrrnefnda glæpi, en hann neitaði staðfastlega sök.

MARCEL LYCHAU HANSEN

Mat dómarans var hins vegar að sannað þætti að hann hafi framið alla þá glæpi sem hann var ákærður fyrir, að undanskildu einu nauðgunarmálanna sjö sem hann var sakaður um.

Fyrsta málið sem Hansen var sakfelldur fyrir var morð á 73ja ára konu árið 1987, þegar hann sjálfur var 22ja ára. Síðasta málið var svo í fyrra, eins og áður sagði.

Við dómsuppkvaðninguna, hristi hinn ákærði höfuðið, líkt og í forundran, segir á vef Jótlandspóstsins, en í þéttsetnum salnum sat einnig fjölskylda Hansens auk nokkurra fórnarlamba hans. - þj

Fjarskiptafyrirtæki verður til:

Orkufjarskipti hefja starfsemi

FJARSKIPTI Um áramót taka til starfa Orkufjarskipti hf. Félagið er stofnað á grunni Fjarska, fyrirtækis Landsvirkjunar, en auk þess eru lagðar inn fjarskiptaeignir Landsnets, sem á í því helmingshlut á móti Landsvirkjun.

„Á fundi stjórnar Landsnets í júní 2011 var viðskiptaáætlun hins nýja fyrirtækis kynnt sem og mat þeirra eigna Landsvirkjunar og Landsnets sem ganga inn í hið nýja fyrirtæki,“ segir á vef Landsnets. - óká

Stjórn OR haldið utan við stöðuna í sölu á Perlunni

Aðili sem bauð 1.689 milljónir króna í Perluna fær frest út mars til að gera arðsemismat. Stjórn OR var ekki upplýst áður en málið var gert opinbert. Óheppilegt játar stjórnarformaðurinn. Engin leynd sé yfir málinu.

STJÓRNSÝSLA Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins og stjórnarmaður í Orkuveitu Reykjavíkur, segir stjórn OR haldið utan við samninga um sölu Perlunnar.

Greint var frá því í gær að Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitunnar, og fulltrúar ónefnds félags hefðu 24. nóvember síðastliðinn skrifað undir viljayfirlýsingu um kaup á Perlunni. Fyrirsvarsmaður tilboðsgjafans, sem eru aðilar á sviði ferðaþjónustu og húsbygginga, er Garðar Vilhjálmsson lögmaður. Hann hefur meðal annars rekið Bílaleiguna Geysi.

Garðar og félagar áttu hæsta tilboðið af sex sem bárust í október. Það er upp á 1.688,8 milljónir króna. Þeir hafa nú frest til 31. mars til að gera arðsemismat og kanna breytta nýtingarmöguleika á Perlulóðinni. Gert er ráð fyrir baðstað við Perluna og hótelrekstri.

Kjartan Magnússon segir stjórn OR ekki hafa fengið í hendur upplýsingar um einstök tilboð í Perluna áður en skrifað var undir viljayfirlýsinguna. „Umrædd viljayfirlýsing var undirrituð af forstjóra Orkuveitunnar 24. nóvember síðastliðinn en hefur ekki enn verið borin upp í stjórn fyrirtækisins til kynningar eða samþykktar. Hún var send stjórnarmönnum í tölvupósti laust fyrir klukkan 16 í dag [í gær] eftir að undirritaður hafði óskað sérstaklega eftir henni,“ segir í yfirlýsingu Kjartans frá í gær.

Kjartan kveður fulltrúa Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna hafa lagt til á stjórnarfundi OR á föstudaginn að stjórnarmenn fengju strax upplýsingar um öll tilboðin sem bárust og útfærslur einstakra tilboðsgjafa. Samþykkt hafi verið að upplýsa yrði stjórn fyrirtækisins um öll tilboð áður en afstaða til þeirra yrði tekin. „Þau vinnubrögð eru því með algerum ólíkindum að næsta virkan dag eftir stjórnarfundinn, það er á mánudagsmorgni, lesi stjórnarmenn Orkuveitunnar það í fréttum að skrifað hafi verið undir viljayfirlýsingu um sölu Perlunnar,“ segir Kjartan.

Haraldur Flosi Tryggvason, formaður stjórnar OR, segir það vissulega hafa verið óheppilegt að stjórnin hafi ekki fengið vitneskju um viljayfirlýsinguna áður en greint var frá henni opinberlega. „Það stendur ekki til að halda neinu leyndu. Viljayfirlýsingin felur ekkert annað í sér en að hæstbjóðandi fær tíma til að klára tilboðið sitt. Málið fer aldrei neitt lengra áfram án atbeina stjórnarinnar,“ segir Haraldur. gar@frettabladid.is

NÝIR TÍMAR Í PERLUNNI Hæstbjóðandi hefur nú ríflega þrjá mánuði til að ná fram hugmyndum sínum um breytta nýtingu á Perlunni og lóð hennar. Meðal annars er gert ráð fyrir baðstað við húsið. Hönnunin er enn í þróun. MYND/THG-ARKITEKTAR

BREYTT YFIRBRAGÐ Frumtillaga að nýju yfirbragði Perlunnar. MYND/THG-ARKITEKTAR

Nauðsynlegt er að bæta í forðann hjá Blóðbankanum fyrir hátíðarnar:

Kalla eftir blóðgjöfum fyrir jól

HEILBRIGÐISMÁL Blóðbankinn sendi frá sér ákall til blóðgjafa í gær þar sem mikil þörf er á blóði um þessar mundir. Mikilvægt er að byggja upp forða fyrir jól og áramót.

„Það er mikil þörf fyrir blóð á spítölunum og það er eðlilegt að það fari um 200 til 300 einingar af blóði um hverja helgi. Þess vegna er mikilvægt að það sé nóg inni fyrir jólahelgina sem er að koma núna,“ segir Jón Þorsteinn Sigurðsson hjá Blóðgjafafélagi Íslands. Lokað er í Blóðbankanum frá föstudegi og opnað er á ný á þriðjudag eftir viku. Sama fyrirkomulag er um áramótin, en opið er þriðjudag, miðvikudag og fimmtudag milli jóla og nýárs.

„Við hvetjum fólk til að gefa dýrmæta lífgjöf í jólagjöf, áður en það fer inn í hátíðarnar.“ Vonast er til þess að sem flestir blóðgjafar láti sjá sig síðustu dagana fyrir jól, en opið er til klukkan sjö á fimmtudagskvöld.

„Fólk sem hefur ekki komið áður getur komið, þá gefur það blóðprufu og er komið á skrá og getur þá gefið næst þegar það kemur.

BLÓÐ Blóðbankinn hvetur alla gjafa sem eru aflögufærir til að gefa blóð fyrir jólin. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Við hvetjum fólk til að gefa dýrmæta lífgjöf í jólagjöf, áður en það fer inn í hátíðarnar.
>
> **JÓN ÞORSTEINN SIGURÐSSON**
> HJÁ BLÓÐGJAFAFÉLAGI ÍSLANDS

Við fögnum öllum nýjum jólagjöfum líka.“

Jón segir að forðinn sé venjulega í kringum 600 til 700 einingar af blóði. Þörf sé á að bæta á forðann nú því lítið þurfi að gerast til þess að forðinn klárist. Aðeins þyrfti eitt slys þar sem nokkrir slasist og þurfi blóðgjöf til þess að svo fari. - þeb

VELDU JÓLASTEIKINA
AF KOSTGÆFNI

Hagkaups smjörsprautað kalkúnaskip

Undanfarin 10 ár hefur Hagkaup boðið upp á smjörsprautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.

Skosk rjúpa

Rjúpan er ómissandi jólamatur fyrir marga Íslendinga. Rjúpan er bragðmikil villibráð, kjötið dökkt, fínlegt og mjúkt.

Hreindýralundir & file

Hreindýrakjöt er dökkt með sterku villibráðabragði. Þýðingarmesti þátturinn við matreiðslu á hreindýrakjöti er að ofelda það ekki.

ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR

VILLIBRÁÐ:
RJÚPA
GRÁÖND
SKÓGARDÚFUBRINGUR
FASHANI
AKURHÆNA
LYNGHÆNA
KRÓNHJÖRTUR
GRÁGÆS
VILLISVÍN
HREINDÝR

ÞETTA KLASSÍSKA:
FERSKUR KALKÚNN
SMJÖRSPRAUTAÐ KALKÚNASKIP
HANGIKJÖT
ANDABRINGUR
SVÍNARIFJASTEIK
HUMAR
REYKTUR OG GRAFINN LAX
CARPACCIO
PATÉ
PEKING ÖND

24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

OPNUNARTÍMI VERSLANA: www.hagkaup.is/opnunartimi

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hvaða danska byggingavörukeðja vill kaupa Húsasmiðjuna?*
2. *Hvað sátu margir dæmdir barnaníðingar í fangelsi í fyrra?*
3. *Hvað hét rithöfundurinn og fyrrverandi forseti Tékklands sem lést á sunnudag?*

SVÖR
1. Bygma A/S. 2. Tuttugu og einn. 3. Vaclav Havel.

Ísland byrjaði að greiða í Mannvirkjasjóð NATO 2007 og fær nú styrki úr honum:

NATO styrki breytt rafkerfi á varnarsvæði

VARNARMÁL Íslenzk stjórnvöld hafa samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu sótt um styrk til Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins (NATO) til að skipta um rafkerfi í stjórnstöð loftvarnakerfisins á Keflavíkurflugvelli og í mannvirkjum á varnarsvæðinu á vellinum, sem notuð eru vegna loftrýmisgæzlu NATO. Í þessum mannvirkjum er notuð 110 volta spenna, sem er arfleifð frá tíma varnarstöðvar Bandaríkjanna, en staðallinn á Íslandi er 230 volt.

Eftir brotthvarf varnarliðsins frá Íslandi 2006 tóku íslenzk stjórnvöld við ábyrgð á mannvirkjum NATO og framkvæmdum á vegum mannvirkjasjóðsins sem gistiríki. Ísland átti áður ekki sjálfstæða aðild að sjóðnum, þar sem Bandaríkin sátu þar fyrir Íslands hönd.

Ísland byrjaði að borga í sjóðinn 2007 og árið eftir var samþykktur fyrsti styrkurinn til Íslands eftir brotthvarf varnarliðsins. Styrkurinn rennur til reksturs og viðhalds á loftvarnakerfinu, sem Landhelgisgæzlan rekur nú. Hann nemur þremur milljónum evra, eða um 480 milljónum króna, og dreifist á tímabilið 2008-2015.

Umsóknin vegna breytingar á rafmagnskerfinu er enn til umfjöllunar. Þá er í undirbúningi að sækja um fé til mannvirkjasjóðsins vegna tveggja annarra verkefna, annars vegar uppfærslu á hugbúnaðarkerfi loftvarnakerfisins og hins vegar vegna fyrirhugaðrar aðlögunar þess að nýju og heildstæðu loftvarnakerfi NATO á árunum 2016-2018.

- óþs

LOFTVARNIR Styrkir NATO renna til reksturs loftvarnakerfisins sem er þáttur í sameiginlegum vörnum bandalagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

JÓLABJÓR Salan á jólabjór hefur aukist um 48% frá því í fyrra. MYND/KRISTJÁN SIGURJÓNSSON

Söluaukning nemur 48%:

Jólaölið aldrei vinsælla en nú

NEYTENDAMÁL Um 48 prósenta aukning hefur verið í sölu á jólabjór í ár miðað við sama tíma í fyrra, samkvæmt upplýsingum frá Sigrúnu Ósk Sigurðardóttur, aðstoðarframkvæmdastjóra Vínbúðanna.

„Það er búið að selja tæplega 48 prósent meira magn en í fyrra. En framboðið er líka meira. Það getur vel verið að það hefði verið selt meira í fyrra ef framboðið hefði verið meira," segir Sigrún Ósk. Engin jólabjórstegund er uppseld í Vínbúðunum en margar tegundir langt komnar.

Sigrún segir að þótt jólabjórinn sé vinsæll séu ekki merkjanlegar vísbendingar um að eitthvað minna hafi selst af öðrum tegundum bjórs. „Mér er það til efs að það sé merkjanlegt í tölum. En ég get ekki alveg fullyrt um það," segir hún.

Sigrún Ósk segir að framboðið á jólabjór og eftirspurn hafi haldist í hendur, en ekki sé hægt að fullyrða neitt um það hvort komi á undan.

- jhh

HS Orka skal afhenda raforku til Helguvíkur

Sænskur gerðardómur hefur úrskurðað að HS Orku beri að standa við orkusölusamninga við Norðurál. Tekist var á um afhendingu raforku og orkuverð. Norðurál segir fjármögnun fyrsta áfanga álvers í Helguvík vera tilbúna.

VIRKJANIR HS Orku ber að standa við samninga við Norðurál um afhendingu raforku vegna álvers í Helguvík. Þetta er niðurstaða gerðardóms í Svíþjóð, en ágreiningur kom upp á milli fyrirtækjanna um túlkun samningsins.

Norðurál stefndi HS orku 19. júlí 2010 og krafðist þess að staðið yrði við samninginn eins og hann var gerður árið 2007. HS Orka hafði annan skilning á ákvæðum samningsins um afhendingu raforkunnar og verð hennar. Málinu var skotið til gerðardóms í Svíþjóð sem ítrekað hefur frestað úrskurði sínum. Niðurstaða dómsins er að túlka afhendingar- og verðákvæði samningsins Norðuráli í vil.

Fréttablaðið óskaði eftir samtali við Júlíus J. Jónsson, forstjóra HS Orku, án árangurs. Þess í stað sendi fyrirtækið frá sér fréttatilkynningu. Þar segir að niðurstaðan sé ekki einhliða og báðir aðilar hafi fengið jákvæða niðurstöðu í ákveðnum atriðum kröfugerða sinna.

„Þó úrskurðurinn kveði á um ákveðna afhendingarskyldu HS Orku til hins nýja álvers er sú afhendingarskylda háð því að uppfyllt verði nokkur skilyrði sem gerðardómurinn úrskurðaði að ekki hefðu verið uppfyllt," segir í tilkynningunni.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er þar vísað í ákvæði varðandi umhverfismat og fleira sem því tengist.

Ágúst F. Hafberg, hjá Norðuráli, segir fulltrúa fyrirtækisins munu setjast yfir málið með HS Orku við fyrsta tækifæri og leysa úr þeim málum sem eftir eru. Markmið fyrirtækisins sé að koma framkvæmdum við álver í Helguvík af stað sem fyrst.

Ágúst segir fyrirtækið hafa tryggt fjármögnun fyrsta áfanga, en til hans þarf 150 megawött af orku. „Fjármögnun okkar verður ekki vandamál."

Hann segir hins vegar að fyrirtækið verði að fá tryggingu fyrir tveimur áföngum, af fjórum fyrirhuguðum, áður en til framkvæmda komi. Hægt sé að hefja framleiðslu í fyrsta hluta nýs álvers tveimur til tveimur og hálfu ári eftir að ákvörðun um framkvæmd hefur verið tekin.

Kröfu Norðuráls um skaðabætur var hafnað. Ágúst segir að þar hafi verið um bætur vegna tafa á verkefninu að ræða sem orsökuðust, meðal annars, vegna þess að HS Orka hafi vefengt samninginn.

kolbeinn@frettabladid.is

HELGUVÍK Norðurál segist tilbúið með fjármögnun 1. áfanga álvers í Helguvík og framleiðsla geti hafist tveimur til tveimur og hálfu ári eftir ákvörðun um framkvæmd. Fyrirtækið vill tryggingu fyrir tveimur áföngum hið minnsta. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Á líka við OR

Norðurál og Orkuveita Reykjavíkur (OR) hafa einnig deilt um hvort samningar undirritaðir fyrir hrun séu í fullu gildi. Ágúst Hafberg segir dóminn styrkja túlkun Norðuráls.

„Við höfum alltaf staðið fast á því að báðir samningarnir [við HS Orku og OR] séu í fullu gildi. Þessi niðurstaða staðfestir þá trú okkar."

VINSÆL Nærri því annar hver karlmaður ætlar að borða skötu á Þorláksmessu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Rúmlega 40% borða skötu:

Eldri karlmenn hrifnir af skötu

KÖNNUN Eldri karlmenn virðast hrifnastir af skötu ef marka má niðurstöður könnunar MMR um skötuát á Þorláksmessu.

Alls sögðust 41,8 prósent þeirra sem afstöðu tóku ætla að borða skötu á Þorláksmessu en 58,2 prósent sögðust ekki ætla að leggja skötuna sér til munns.

Mun fleiri karlar en konur ætla að borða skötu. Tæplega 47 prósent karla sögðust ætla að borða skötu en 37 prósent kvenna.

Þá sögðust þeir sem eldri eru frekar ætla að borða skötu en þeir yngri. Alls ætluðu tæp 56 prósent fólks yfir 50 ára aldri að leggja sér hana til munns á Þorláksmessu.

- bj

Svíar gripnir í Noregi:

Smygl á smjöri

NOREGUR Tveir íbúar í Umeå í Svíþjóð héldu til Noregs með 250 kíló af smjöri sem þeir ætluðu að selja Norðmönnum. Gerðu Svíarnir ráð fyrir að selja hvert kíló á rúmlega 600 sænskar krónur, eða 10 þúsund íslenskar krónur.

Norska lögreglan fann hins vegar smjörið í bíl Svíanna og verða þeir látnir greiða sekt. Smjörið sem lögreglan lagði hald á verður eyðilagt, mörgum Norðmönnum til mikillar gremju vegna smjörskortsins sem nú ríkir í Noregi.

- ibs

JÓLATILBOÐ
LANDMANN
Grill sem endast
99.900
FULLT VERÐ 139.900
17,6 kw/h
59.900
FULLT VERÐ 95.000
16,5 kw/h
42.900
FULLT VERÐ 59.900
YFIR 30 GERÐIR GASGRILLA
MIKIÐ ÚRVAL GRILLÁHALDA
Grillbúðin
www.grillbudin.is
Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400

Kínverskir fjárfestar fengu ekki að kaupa fyrirtækið:

Saab búið að sækja um gjaldþrotaskipti

VIÐSKIPTI Eigendur Saab-bílaframleiðandans hafa óskað eftir því að fyrirtækið verði tekið til gjaldþrotaskipta. Reynt hefur verið að bjarga fyrirtækinu lengi en nú hefur verið gefist upp á því.

Til stóð að selja fyrirtækið til kínverskra fjárfesta, meðal annars bílaframleiðandans Youngman Lotus. Bandarískra fyrirtækið General Motors, sem á hluta í Saab, vildi hins vegar ekki að kínverskir bílaframleiðendur fengju aðgang að tæknileyfum og kom því í veg fyrir söluna. Því var ákveðið að sækja um gjaldþrotaskipti.

General Motors seldi Saab til hollenska bílaframleiðandans Spyker í fyrra, en hélt áfram hlut í fyrirtækinu. Yfirmaður Saab, Victor Muller, sagði að ákvörðun General Motors hefði verið „síðasti naglinn í líkkistu þessa fallega fyrirtækis". Hann sagði að þó væri enn von um að hægt væri að bjarga fyrirtækinu.

Framleiðsla var stöðvuð í stærstu verksmiðju Saab í Trollhättan í Svíþjóð í apríl. Þá hafði fyrirtækið átt í erfiðleikum með að borga birgjum sínum. Starfsfólkið fékk ekki greidd laun um síðustu mánaðamót.

Í síðustu viku var viðskiptum með hlutabréf í Saab hætt í Hollandi. Fyrr í mánuðinum hafði dómstóll í Svíþjóð tjáð stjórnendum fyrirtækisins að þeir yrðu að leggja fram björgunaráætlun eða lýsa yfir gjaldþroti.

- þeb

JÓLAGJAFIR

OPIÐ Í ÖLLUM VERSLUNUM TIL KL. 22:00 OG TIL KL. 23:00 Á ÞORLÁKSMESSU

TILBOÐIN GILDA 20.12 - 21.12

WellPur™ MEMORYFOAM

KRONBORG TELEMARKEN andadúnsæng
Lúxus andadúnsæng fyllt með 900 gr. af andadúni og andafiðri. Vandað, þéttofið bómullaráklæði með áprentun. Þyngd: 900 gr. Má þvo við 60°C. Stærð:135 x 220 sm. **19.950**
200 x 220 sm. **29.950** Koddi: 50 x 70 sm. **5.995**

Glærir vaxdúkar
Góðir, glærir vaxdúkar á frábæru verði.
Þykkt: 0,1 mm. **399** pr. mtr.
Þykkt: 0,2 mm. **595** pr. mtr.

CROWN kerti
100% stearin kerti. 8 stk. í pakka. Fást í rauðu og hvítu.

CertiPUR
GOLD
EINSTÖK GÆÐI

90 x 200 sm.	**12.950** nú	**9.950**
120 x 200 sm.	**16.950** nú	**13.560**
140 x 200 sm.	**19.950** nú	**15.960**
160 x 200 sm.	**24.950** nú	**19.960**
180 x 200 sm.	**26.950** nú	**21.560**

DREAMZONE™

GOLD T30 yfirdýna
Virkilega vönduð yfirdýna úr MEMORY FOAM svampi með þrýstijafnandi eiginleika. Lagar sig vel að líkamanum og veitir góðan stuðning. Endingargott áklæði sem hægt er að taka af og þvo við 60°C. Dýnan er 5 sm. þykk.

25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM LEIK-FÖNGUM

SINGER

SINGER TALENT 3321 saumavél
Frábær SINGER saumavél sem gerir öll helstu sporin, zikkzakk, hnappagöt o.fl. Er með nálarþræðara.

JÓLAVÖRU-ÚTSALA! ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

Herra-sokkar
10 pör saman í pakka. Stærðir: 36-41.

DREAMZONE™

BONELL gormar | Smár BONELL gormar | Svampur | Yfirdýna | Miðlungs | Dönsk gæða-framleiðsla | 2 ár dýna Ábyrgð | 2 ár áklæði Ábyrgð

BASIC B20 boxdýna
Tvöfalt gormakerfi og yfirdýna. Góð dýna, miðlungsstíf með 115 BONELL gormum pr. m². í efra lagi og 150 gormum í neðra lagi. Vönduð yfirdýna innifalin í verði.
Fætur verð frá: **4.995** Verð án fóta.

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

MAGNUS sængurverasett
Efni: 100% bómullarflónel. Köflótt sængurverasett, fæst í vínrauðu, bláu og brúnu. Stærð: 140 x 200 sm. og 50 x 70 sm.

Á VESTURBAKKANUM Palestínskur maður gengur fram hjá brunnum bílum og skemmdu húsi í Beitin á Vesturbakkanum eftir árás sem lögregla taldi hefndarárás öfgamanna í röðum gyðinga í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Matfugl ehf. innkallar tiltekinn hluta framleiðslu sinnar:

Grunur um salmonellu í kjúklingi

HEILBRIGÐISMÁL Komið hefur upp grunur um salmonellusmit í ferskum kjúklingi framleiddum af Matfugli ehf. Frekari rannsókna er þörf til þess að staðfesta gruninn en þangað til þykir fyrirtækinu rétt að innkalla vöruna að því er fram kemur í tilkynningu.

Dreifing á afurðum hefur verið stöðvuð og í samræmi við innra eftirlit fyrirtækisins er unnið að innköllun vörunnar. Hafi fólk ferskan kjúkling heima hjá sér er það beðið um að gæta að rekjanleikanúmerinu, sem er að finna á umbúðunum, og skila kjúklingnum í viðkomandi verslun eða beint til Matfugls ehf., Völuteigi 2, Mosfellsbæ. Rekjanleikanúmer kjúklingsins er 011-11-45-5-22.

Til að varast óróleika hjá neytendum skal það tekið fram að þessi kjúklingur er hættulaus fari neytendur eftir leiðbeiningum um eldun kjúklinga, steiki í gegn og passi að blóðvökvi fari ekki í aðra vöru.

Vakin er athygli á að innköllunin á eingöngu við um kjúkling með þessu tilteknu rekjanleikanúmerum. - jss

KJÚKLINGAR Grunur leikur á salmonellusmiti.

Réttur rýmdur á fjórða degi:

Fjalla átti um tölvurannsókn

BANDARÍKIN, AP Áhorfendum og fjölmiðlum hefur verið vísað frá réttarhöldunum yfir bandaríska hermanninum Bradley Manning.

Manning var dreginn fyrir herrétt í Bandaríkjunum, grunaður um að hafa lekið hundruðum þúsunda leyniskjala til WikiLeaks.

Yfirmaður herréttarins rýmdi í gær dómsalinn þegar taka átti til umfjöllunar gögn sem leynd á að ríkja yfir, jafnvel þótt þau séu á netinu. Vitnaleiðslur í gær, fjórða dag réttarhaldanna, áttu að snúa að réttarfarsrannsókn á tölvunum á vinnustað Mannings. - óká

MÁVAR Í RUSLI Langtímabreytingar á stofnum eru metnar með vetrarfuglatalningu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Árleg vetrarfuglatalning:

Fuglar taldir í sextugasta sinn

NÁTTÚRUFAR Árleg vetrarfuglatalning Náttúrufræðistofnunar Íslands fer fram helgina 7. til 8. janúar næstkomandi.

„Markmið vetrarfuglatalninga er að kanna hvaða fuglategundir dvelja hér að vetrarlagi, meta hversu algengir fuglarnir eru og í hvaða landshlutum þeir halda sig. Eins nýtast upplýsingarnar til að fylgjast með langtímabreytingum á stofnum margra fuglategunda," segir á vef stofnunarinnar.

Talning vetrarfugla var hafin í desember 1952 og þessi því sú sextugasta í röðinni. Frekari upplýsingar um talninguna eru á vefnum www.ni.is. - óká

LÖGREGLUFRÉTTIR

Barnafólk með eiturlyf

Við húsleit á heimili á Selfossi fann lögreglan í umdæminu lítilræði af kannabis, töflum og neyslutólum. Þar sem ungt barn var á heimilinu var barnaverndaryfirvöldum gert viðvart.

Lögregla leitar þakullar

Bretti með 24 pökkum af sérskorinni þakull var stolið úr geymslu SG húsa á Selfossi á tímabilinu frá 8. til 11. desember síðastliðinn. Lögreglan á Selfossi biður alla þá sem veitt geta upplýsingar að hafa samband í síma 480 1010.

Tók 16 mánuði að úrskurða

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál var nærri eitt og hálft ár að komast að niðurstöðu vegna kæru Fréttablaðsins. Menntamálaráðuneytinu ber að afhenda gögn um deilu starfsmanna Iðnskólans í Hafnarfirði.

STJÓRNSÝSLA Það tók úrskurðarnefnd um upplýsingarmál nærri eitt og hálft ár að fella úrskurð vegna kæru blaðamanns Fréttablaðsins eftir að menntamálaráðuneytið neitaði að afhenda gögn á grundvelli upplýsingalaga.

„Þetta er óhæfilega langur málsmeðferðartími, ég dreg enga dul á það," segir Trausti Fannar Valsson, formaður úrskurðarnefndarinnar. Hann segir eðlilegan málsmeðferðartíma hjá nefndinni þegar allt gangi vel eiga að vera frá einum og hálfum mánuði að þremur mánuðum.

TRAUSTI FANNAR VALSSON

Fréttablaðið óskaði í lok júlí 2010 eftir gögnum frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem vörðuðu deilu kennara og skólameistara Iðnskólans í Hafnarfirði. Ráðuneytið neitaði að afhenda gögnin, og var synjunin kærð til úrskurðarnefndar um upplýsingamál í lok ágúst það sama ár.

Úrskurðarnefndin hefur nú komist að þeirri niðurstöðu að ráðuneytinu beri að afhenda stóran hluta þeirra gagna sem beðið var um, og tengjast deilu tveggja kennara við skólameistarann.

Úrskurðurinn kemur hins vegar heldur seint þar sem skólameistarinn sagði í millitíðinni öðrum kennaranum upp störfum, og lét svo sjálfur af störfum um síðustu áramót, eins og Fréttablaðið fjallaði um á síðasta ári.

Trausti segir að af ýmsum orsökum hafi safnast upp talsverður hali af málum hjá úrskurðarnefndinni, sem nú sé að takast að greiða úr að mestu. Það mál sem hér sé fjallað um sé eitt af þeim sem hafi tekið hvað lengstan tíma að úrskurða um. Þó séu dæmi um mál sem hafi tekið enn lengri tíma.

„Það eru engar beinar skýringar á þessu, aðrar en þær að við höfum ekki haft mannafla eða aðstöðu til að klára málin hraðar. Það eru í sjálfu sér ekki afsakanir miðað við hvernig lögin eru," segir Trausti.

Hann segir nefndina hafa fengið fleiri og umfangsmeiri mál á síðustu tveimur árum en tíðkast hafi fyrir það. Nefndin þurfi að fara yfir stóra gagnabunka í mörgum málum, sem taki tíma.

Trausti bendir einnig á að ákveðin verkefni hafi bæst á nefndina, til dæmis með setningu laga um upplýsingarétt um umhverfismál. Þá fjalli nefndin um mál sem varða aðgengi að gögnum rannsóknarnefndar Alþingis vegna bankahrunsins sem séu oft afar umfangsmikil.

Trausti er lektor í stjórnsýslurétti við Háskóla Íslands, og hann segir að í gegnum það starf verði hann var við að málsmeðferðartími hjá hinu opinbera sé almennt að lengjast. Stjórnsýslan standi nú frammi fyrir þeirri áskorun að halda málsmeðferðarhraðanum í lagi þrátt fyrir minna fjármagn.

brjann@frettabladid.is

UPPLÝSINGAR Menntamálaráðuneytið synjaði beiðni Fréttablaðsins um upplýsingar í ágúst 2010, en hefur nú verið skikkað til að afhenda megnið af umbeðnum gögnum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Töldu fjölmiðlaumfjöllun skaðlega

Menntamálaráðuneytið hafnaði því að afhenda gögn um deilur kennara og skólameistara Iðnskólans í Hafnarfirði meðal annars með þeim rökum að sáttaferli væri í gangi í skólanum.

„Er það mat ráðuneytisins að afhending [gagnanna] til fréttamiðils á grundvelli upplýsingalaga og sú opinbera umfjöllun sem færi fram í kjölfarið sé til þess fallin að torvelda ásættanlega niðurstöðu í því sáttaferli sem ráðuneytið stendur fyrir í skólanum," segir meðal annars í synjunarbréfi ráðuneytisins.

Úrskurðarnefndin hafnar þessum rökum ráðuneytisins alfarið. Í úrskurði sínum áréttar nefndin að rétturinn til að óska eftir upplýsingum takmarkist ekki af því hvernig til standi að nota þær upplýsingar sem beðið sé um. „Stjórnvöldum er óheimilt að synja um aðgang að gögnum vegna þess að ætla megi að upplýsingarnar verði birtar, svo sem í fjölmiðlum," segir í úrskurðinum.

Forvitnileg rannsókn bandarískra og japanskra taugavísindamanna:

Áreynslulaust nám framtíðin?

VÍSINDI Ný rannsókn, sem fjallað var um í tímaritinu Science í síðustu viku, bendir til þess að hægt sé að nýta heilaörvandi tækni til að auka færni eða þekkingu einstaklinga án áreynslu.

Í rannsókninni var þátttakendum gert að leysa ákveðin sjónræn verkefni í tölvu á meðan vísindamennirnir notuðu stafræna segulómmyndun til að fylgjast með heilastarfsemi þeirra. Vísindamennirnir höfðu áður kortlagt heilastarfsemina í einstaklingum sem höfðu mikla færni við úrlausn þessara sömu verkefna. Því næst var sjónbörkurinn í heila þátttakendanna örvaður þannig að heilastarfsemi þeirra líktist heilastarfseminni sem hafði þegar verið kortlögð.

Kom í ljós að við þetta jókst færni þátttakendanna við úrlausn verkefnanna talsvert þar sem þeir beittu heila sínum á líkan hátt og þeir sem voru færir við úrlausn verkefnanna.

Niðurstöðurnar vekja vonir um að í framtíðinni verði hægt að beita svipuðum aðferðum til að auka færni einstaklinga við ýmis önnur verkefni, svo sem við hljóðfæraleik eða jafnvel hefðbundið bóknám.

Það voru vísindamenn við Boston-háskóla og ATR Taugavísindastofnunina í Kyoto sem stóðu fyrir rannsókninni. - mþl

HLJÓÐFÆRALEIKUR Rannsókn bandarísku og japönsku vísindamannanna vekur vonir um að í framtíðinni verði hægt að auðvelda til dæmis hljóðfæranám til muna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

25% STGR.AFSLÁTTUR AF GJAFAVÖRU OG HÚSGÖGNUM TIL JÓLA!



NÝKOMNAR SENDINGAR FRÁ LSA OG KARE DESIGN

Opið laugardag 10-18
Opið sunnudag 13-16

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

HEIMA HÚSIÐ

Opið virka daga 10-18
laugardaga 11-16

Ordrag mood lifum
GALLERY GÓLF
PARKET·FLÍSAR

FRÉTTASKÝRING: Kim Jong-il, leiðtogi Norður-Kóreu lést um helgina

Fékk hjartaáfall um borð í lest

Tilkynnt var um fráfall Kim Jong-il leiðtoga Norður-Kóreu í gær. Hann tók við eftir fráfall Kim Il-sung, föður hans, árið 1994 og nú tekur sonur hans, Kim Jong-un, við valdataumunum. Mikil sorg ríkir í Norður-Kóreu, en kommúnískir leiðtogar landsins hafa verið hafðir í guðatölu. Kim Il-sung, faðir Kim Jong-il er hylltur sem stofnandi landsins og ber titilinn „eilífur stofnandi lýðveldisins“. Landið er eitt það einangraðasta í heimi.

Frá því var greint í gær að fallinn væri frá Kim Jong-il leiðtogi Norður-Kóreu. Af myndum frá landinu að dæma var leiðtoginn þjóð sinni mikill harmdauði, en landið er eitt það einangraðasta í heimi og laut alræðisstjórn leiðtoga síns. Þá hefur staða landsins, sem er kjarnorkuríki, aukið á spennu á sviði alþjóðastjórnmála.

Kim Jong-il erfði leiðtogarétttindin eftir föður sinn, Kim Il-sung, sem stofnaði ríkið árið 1948, en gat þó aldrei hlotið forsetatitilinn sem eilíflega tilheyrir föðurnum. Kim Il-sung lést árið 1994 og tók sonur hans við leiðtogastarfinu þremur árum síðar. Þjóðin gekk á þessum tíma í gegnum miklar þrengingar og mikið mannfall í hungursneyð. Stórveldi heims hafa svo átt í stopulum viðræðum við þjóðarleiðtogann um neyðaraðstoð í skiptum fyrir tilslakanir í kjarnorkuvopnastefnu Norður-Kóreu.

Kim Jong-il var ein af fáum birtingarmyndum kalda stríðsins sem eftir voru og hefur fráfall hans því valdið titringi og spennu vegna óvissu um hvaða breytingar kunni að verða á stjórn landsins.

Fyrst var greint frá fráfalli hans í gær, tveimur dögum eftir andlát hans. Fréttastofa Norður-Kóreu greindi frá því að hann hefði látist klukkan hálfníu á laugardagsmorguninn, eftir að hafa fengið hjartaáfall um borð í lest. Sögunni fylgdi að leiðtoginn hefði um langt skeið verið í læknismeðferð vegna hjarta- og æðasjúkdóma. Samkvæmt opinberum gögnum var Kim Jong-il 69 ára þegar hann lést, þótt aðrar heimildir segi hann hafa verið sjötugan.

Kim Il-sung, sem sagður var hafa verið veikur fyrir vindlum, koníaki og veislumat, er talinn hafa fengið hjartaáfall árið 2008, en virtist tiltölulega hress á myndum og myndskeiðum sem ríkisfréttastofan hefur birt úr nýlegum heimsóknum hans til Kína, Rússlands og víðar um heiminn.

Á GÓÐRI STUNDU Fréttastofa Norður-Kóreu sendi frá sér þessa ljósmynd í október í fyrra. Feðgarnir Kim Jong-il og Kim Jong-un fylgjast þarna með hátíðarhöldum í tilefni af 65 ára afmæli kommúnistaflokksins í landinu. Milli þeirra stendur Ri Yong-ho, hershöfðingi í her landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Enn tekur sonur við af föður sínum

Í september í fyrra lýsti Kim Jong-il því yfir að sonur hans, Kim Jong-un, yrði eftirmaður hans sem leiðtogi Norður-Kóreu. Jong-un er á þrítugsaldri og tók þegar við valdamiklum embættum í Norður-Kóreu.
Fréttastofa Norður-Kóreu kallaði Kim Jong-un „eftirmanninn mikla“ í fréttaflutningi í gær.

Nokkur óvissa ríkir um hvaða mann Kim Jong-un hefur að geyma, en stöðug spenna hefur verið síðustu áratugi milli Kóreuríkjanna tveggja. Endurteknar hótanir Norður-Kóreu í garð Suður-Kóreu hafa ýtt undir áhyggjur af því að stríð hefjist að nýju og Bandaríkjastjórn hefur lýst áhyggjum af því að Norður-Kórea kynni að útvega hryðjuverkamönnum vopn og skjól. Kóreustríðið endaði fyrir meira ein 50 árum með vopnahléi, en ríkin á Kóreuskaga eiga tæknilega enn í stríði.

Ríkisstjórn Baracks Obama Bandaríkjaforseta lýsti því yfir í gær að hún léti sig enn varða áframhaldandi frið á Kóreuskaga og fylgdist náið með þróun mála eftir andlát Kim Jong Il og valdatöku sonar hans.

SYRGJENDUR Í N-KÓREU Ríkisfréttastofa Norður-Kóreu dreifði þessari mynd í gær, en á henni getur að líta syrgjandi almenning fyrir framan veggspjald með mynd af Kim Jong-il og föður hans Kim Il-sung. Tilkynnt var um fráfall Kim Jong-il í gær, en hann lést úr hjartaáfalli 17. þessa mánaðar, 69 ára að aldri. Við völdum tekur sonur leiðtogans, Kim Jong-un. NORDICPHOTOS/AFP

Þjóðin ber harm sinn ekki í hljóði

Rétt eins og þegar Kim Il-sung, stofnandi Norður-Kóreu, féll frá þá fara landsmenn ekki hljótt með harm sinn yfir fráfalli leiðtoga landsins. Fjöldi ljósmynda og hreyfimynda sýndi í gær hvernig fólk brast í grát á götum úti og fréttaþulir ríkissjónvarpsstöðvarinnar í Norður-Kóreu voru klökkir þegar frá því var greint að Kim Jong Il hefði látist um helgina.

10 óvænt atriði – Vefútgáfa breska dagblaðsins Guardian birti í gær

1. Á reiki hefur verið hvar hinn mikli framtíðarleiðtogi Norður-Kóreu var fæddur. Fjölskyldan hélt á lofti þeirri sögu að hann hefði fæðst árið 1942 í bjálkakofa föður síns í hlíðum helga fjallsins Paektu. Skrár Sovét sýna hins vegar að hann fæddist í þorpinu Vyatskoje í Síberíu árið 1941.

2. Kim Jong-il sást fyrst opinberlega snemma á áttunda áratugnum, í frii á Möltu. Þar átti hann að hafa fengið einkakennslu í ensku frá Dom Mintoff, forsætisráðherra landsins.

3. Árið 1944 þegar hann tók við af föður sínum og „eilífðarforseta“, Kim Il-sung, sem leiðtogi Norður-Kóreu fékk hann úthlutað fyrstu opinberu titlum sínum. Þeir eru yfir 200 talsins og á meðal þeirra heiti á borð við: „Leiðarljós 21. aldarinnar“, „Stórkostlegi herforingi sem steig niður af himnum“, „Magnaði stjórnmálamaður“, „Ávallt sigursæli leiðtogi með járnvilja“, og „Æðsta birtingarmynd félagakærleika byltingarinnar“.

4. Kim Jong-il lék fyrstu umferð þegar fyrsti golfvöllurinn í Pyongyang var opnaður árið 1994. Að leik loknum kom fram að hann hefði farið völlinn á 38 höggum undir pari og ellefu sinnum í leiknum hefði leiðtoginn farið holu í höggi. Til vitnis um einstakt afrekið voru 17 lífverðir leiðtogans.

5. Árið 2006 brugðust Bandaríkin við tilraunum Norður-Kóreu með kjarnavopn með hertum tökum á viðskiptabanni við landið. Trufla átti hóglífi leiðtogans, en 60 lúxusvörur bættust á bannlistann. Þar á meðal voru snekkjur, Chanel No 5 ilmvatn, Segways-hjól og fágæt frímerki. Og af því að leiðtoginn var sagður kaupa koníak fyrir næstum 100 milljónir króna á ári, var líka skellt á áfengisbanni.

6. Önnur tilraun til að hamla lífsstíl Kim Jong-il var bann á flutningi sjónvarpa með stærri skjá en 29 tommum til landsins. Leiðtoginn unni kvikmyndum og átti safn með yfir 20 þúsund myndum, þar á meðal uppáhaldsmyndir á borð við Rambo, Föstudaginn þrettánda og heildarsafn mynda Elizabeth Taylor.

7. Árið 1978 er Kim Jong-il sagður hafa fyrirskipað rán á suðurkóreska kvikmyndagerðarmanninum Shin Sang Ok og eiginkonu hans og leikkonu Choi Eun Hee til þess að hægt yrði að gera sósíalíska útgáfu myndarinnar Godzilla.

8. Ítalski kokkurinn Ermanno Furlanis sem í eina tíð eldaði ofan í Kim Jong-il skrifaði bók um veru sína í Norður-Kóreu. Hann greinir frá því að honum hafi verið skipað að skera „sashimi“ fiskisneiðar úr lifandi fiskum. Hann var sendur til Úsbekistan að kaupa kavíar, til Danmerkur eftir svínakjöti, Kína eftir vínberjum og til Taílands eftir mangói og papæja-ávöxtum. Fyrrverandi einkalæknir segir 200 vísindamenn hafa unnið að því að þróa mataræði sem tryggja átti langlífi leiðtogans.

9. Árið 2000 fann leiðtoginn ástsæli upp „nýja“ tegund matar sem hann nefndi „Gogigyeopbbang“ og kynnti samlöndum sínum. Réttinum var lýst sem tvöföldu brauði með kjöti og þótti merkilega líkur hefðbundnum hamborgurum. Árið 2006 vildi hann líka að brugðist yrði við matvælaskorti með ræktun á risakanínum.

10. Eitt sinn var því haldið fram á einum af opinberum vefjum Norður-Kóreu að Kim Jong-il þyrfti hvorki að kasta af sér þvagi né hafa hægðir. Fullyrðingin var seinna fjarlægð.

MILANO LEÐURSKÓR

Verslunin Arna – Grímsbæ við Bústaðarveg • **KoKo** – Laugavegi 40 • **Stíll** – Laugavegi 58 • **Belladonna** – Skeifunni 8 • **Skóbúð Selfoss** – Austurvegi 13–15
Eyjavík – Vesturvegi 5, Vestmannaeyjum • **Mössubúð** – Glerártorgi, Akureyri • **Skóbúð Húsavíkur** – Garðarsbraut 13 • **Ozone** – Kirkjubraut 12, Akranesi

Hátíðar tilboð

999 kr./kg

Sérlega bragðgóður fimm stjörnu hamborgarhryggur frá Esju.
Rómaður fyrir einstakt bragð og gæði í hverjum munnbita.

Fæst aðeins í verslunum 10-11.
Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.

Dragðu úr jólaútgjöldunum – frábær jólatilboð

Kók 2 L 4 í kippu **799 kr.**

Nóa konfekt 1 kg **2.399 kr.**

Grænar baunir 1/2 **99 kr.**

Egils Malt 0,5 L **179 kr.**

Fjölskyldu Alías **4.899 kr.**

Robin klementínu-kassi **799 kr.**

Mackintosh 1 kg **1.999 kr.**

Kjöríss Jólaís **699 kr.**

1011

...opið í 20 ár

Fíton ehf / SÍA

Leitið ekki langt yfir skammt!

Við bjóðum marg verðlaunuð
gæða sjónvörp á góðu verði – og verslanir um land allt.

GÆÐI Á GÓÐU VERÐI

–6500 LÍNAN

SAMSUNG hlaut fjögur
EISA VERÐLAUN 2011-2012
fyrir framúrskarandi framleiðslu.

Ein þessara verðlauna voru veitt
fyrir *ÞETTA SJÓNVARP:*
SAMSUNG 6505
„BESTU SJÓNVARPSKAUPIN“

SAMSUNG 6500 SJÓNVÖRP
LED · 3D · SMART TV
STÆRÐIR: 32"/37"/40"/46"/55"/60"

TOPPLÍNAN Í SAMSUNG

–8000 LÍNAN

SAMSUNG
8000 SJÓNVÖRP
LED · 3D · SMART TV
800 Hz
STÆRÐIR: 40"/46"/55"/60"

SAMSUNG SMART TV
veit allt um kvikmyndir, þætti og forrit!

SAMSUNG færir þér framtíðina með
8000 · LED · SMART TV

SMART TV færir þér það besta sem sjónvarp hefur upp á að bjóða í dag.
Þú getur núna notað Internetið að fullu í sjónvarpinu með nýjum möguleikum eins og *Search All*.
Þar getur þú leitað að allskonar sjónvarpsefni og fréttum á netinu. Hægt er nálgast allt þitt efni á þínu eigin heimaneti,
t.d sækja tónlist frá síma eða kvikmyndir frá tölvu beint í sjónvarpið. Endalausir möguleikar með Samsung TV Forritum en þar er t.d. boðið upp á Facebook, Skype, Picasa o.mfl.

SAMSUNG 8000 LED SMART TV er tilbúið til að gera alla skemmtun og samskipti í sjónvarpi *enn skemmtilegri*!

KOMDU OG GERÐU BESTU KAUPIN!

SAMSUNG SETRIÐ
samsungsetrid.is
SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900

ORMSSON
LÁGMÚLA 8
SÍMI 530 2800
www.ormsson.is

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	**ORMSSON** MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333	**ORMSSON** ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	**ORMSSON** AKUREYRI SÍMI 461 5000	**ORMSSON** HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	**ORMSSON** VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038	**ORMSSON** PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900	**ORMSSON** ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

KVIKA

JÓLAGJÖFINA FINNUR ÞÚ ÖRUGGLEGA Í ORMSSON

Tefal

POTTAR OG PÖNNUR AF BESTU GERÐ HÖNNUÐUR:
Jamie Oliver

Tefal

Að elda góðan mat verður leikur einn!

FRÁBÆRIR POTTAR OG PÖNNUR

Fallegt úrval!

NÝ SENDING!
FLAME LEIRPOTTARNIR frá *Emile Henry*
Alltaf glæsilegir og spennandi á matarborðinu.
Frönsk leirvara. Frönsk matarmenning. Betra bragð og meira næringargildi.

NÝJAR BRAUÐRISTAR

AEG
AT 5110/5210

Ný og falleg hönnun.
Fyrir kröfuharða fagurkera.
Verð kr. 7.990,- (hvít)
kr. 10.990,- (stál)

HRAÐSUÐUKÖNNUR AF BESTU GERÐ

AEG
EWA 3140

2200 W · 1,5 L · Auðvelt að opna
Sýnir vatnsmagn · 360° snúrulaus
á hitaplötu · Innbyggt element
Verð kr. 7.990,-

assistent

FÆST Í FIMM LITUM

ASSISTENT
hefur marg oft fengið
topp einkunn
"BEST IN TEST"
í samanburðarprófum
fyrir mikla
vinnslugetu og
fjölbreytni.

Assistent® Original
hrærivélin er lífstíðareign.

Moulinex

Öflug hrærivél og blandari.
Klassísk og virkilega falleg.

Einfalt og
þægilegt
rifjárn fyrir
ávexti og
grænmeti.

Verð kr. 13.900,-

Verð kr. 49.900,-

POPPVÉLIN SEM GERIR ÞAÐ ROSALEGA GOTT

OBH NORDICA

Ómissandi græja fyrir
alla alvöru poppara
Tilboðsverð: 9.990 kr.

AEG
DB5110/5110
Í EINU ORÐI SAGT:
FRÁBÆRT!

Nýtt straujárn.
nýjar öryggisstillingar
Verð kr. 7.990,-

AEG ACE 4120
„HIN FULLKOMNA RYKSUGA!"
- 2000W
- HLJÓÐLÁTUR ORKUBOLTI

Verð kr. 19.900,-

ÞVOTTAVÉL
LAVAMAT 52840

1200 snúninga
Taumagn 6 kg
Öll hugsanleg
þvottakerfi
Íslensk
notendahandbók

Verð kr.:
109.900,-

Tefal
ACTIFRY
Djúpsteikingarpottur

Djúpsteikir
í örlítilli olíu!
Hollari
eldamennska.

Nýtt snilldartæki frá Tefal
Verð: 39.900 kr.

UPPÞVOTTAVÉLAR
FAVORIT 45010-W/M

Tekur 12 manna stell
5 þvottakerfi
Turbo-þurrkun
Hljóðlát vél:
47db (re 1 pW)

Verð kr.:
99.900,-
HVÍT

Verð kr.:
109.900,-
STÁL

Tefal
Aquaspeed 160

AFBRAGÐS GÓÐ HÖNNUN
sem skilar sér í mikilli ánægju
Verð frá kr. 9.990,-

MIKIÐ ÚRVAL AF RYKSUGUM
20% AFSLÁTTUR TIL JÓLA!

OBH NORDICA

Frábært hnífabrýni.
Flott jólagjöf fyrir
góða kokka.
Verð: 14.900 kr.

AEG
ÞÆR GERAST EKKI BETRI!

Skaftryksugan
þægilega
sem ætti
að vera til
á hverju
heimili.

JÓLATILBOÐ
kr. 19.900,-

ORMSSON

LÁGMÚLA 8
SÍMI 530 2800
www.ormsson.is

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON MÓDEL-AKRANESI SÍMI 431 3333
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
ORMSSON PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

EFTIRLITSFERÐ Hermenn friðarsveita Sameinuðu þjóðanna höfðu í gær eftirlit með svæði í Suður-Líbanon nærri landamærum Ísraels. Þar sagðist líbanska lögreglan hafa fundið flugskeyti í ólífulundi. NORDICPHOTOS/AFP

Dalai Lama, andlegur leiðtogi Tíbeta, hvetur Evrópusambandið til að taka afstöðu:

ESB rannsaki aðstæður í Tíbet

TÍBET Kínversk stjórnvöld hafa þvertekið fyrir að hleypa eftirlitsfólki frá Evrópusambandinu til Tíbet til að kynna sér aðstæður þar.

Tilefni þessa er að á dögunum hvatti Dalai Lama, andlegur leiðtogi Tíbeta, sem heyra undir Kína, Cathrine Ashton, utanríkismálastjóra ESB, til þess að senda fólk á vettvang.

EUobserver hefur eftir Dalai Lama að ESB gæti veitt Kína mikið aðhald með slíkum ferðum. „Ef Kína hafnar hins vegar slíkum sendinefndum getur ESB vakið athygli á málinu á alþjóðavettvangi, meðal annars fyrir mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna."

DALAI LAMA

Kínverjum sé umhugað um orðspor sitt og geti því ekki komist hjá frelsis- og lýðræðisumbótum.

Kínverski landsstjórinn í Tíbet, Zhu Weiqun, sem var í Brussel í vikunni, sagði hins vegar að Kína væri fullvalda ríki sem hefði fulla stjórn á innanríkismálum sínum.

„Ég held ekki að íhlutun erlendra aðila yrði uppbyggileg," sagði hann við EUobserver.

„Það gæti þvert á móti leitt til aukins óróa og jafnvel stríðs."

Zhu bætti því við að hann skildi ekki hví ESB væri að skipta sér af innanríkismálum í Kína. Samskipti milli ESB og Kína séu sérstaklega mikilvæg nú, í ljósi skuldavanda ESB-ríkja.

- þj

Tæplega þrítug dæmd:

Stal fyrir tugi þúsunda króna

DÓMSMÁL Tæplega þrítug kona hefur verið dæmd í sextíu daga skilorðsbundið fangelsi og til sviptingar ökuréttar ævilangt.

Lögreglan stöðvaði akstur konunnar þrívegis, þar sem hún reyndist óhæf til að stjórna bifreiðinni sökum fíkniefnaneyslu. Þá hafði konan látið greipar sópa í verslunum í Kringlunni og tveimur verslunum á Laugavegi, þar sem hún stal einkum fatnaði, en einnig úrum og veski fyrir tugi þúsunda.

Konan játaði sök fyrir dómi. - jss

Sahlin gefur í söfnun:

Tobleronekortið selt á uppboði

SVÍÞJÓÐ Mona Sahlin, fyrrverandi leiðtogi sænska jafnaðarmannaflokksins og fyrrverandi aðstoðarforsætisráðherra, setti krítarkort embættisins, sem hún notaði fyrir 16 árum til þess að kaupa Toblerone, í sölu á uppboðsvef á dögunum. Með því vildi Sahlin styðja við alþjóðlega söfnun handa stúlkum sem ekki fá að ganga í skóla.

Eftir að Sahlin lét af embætti 1995 klippti hún kortið í tvennt og gaf tveimur vinum sínum hlutina. Hún fékk þá innrammaða þegar hún varð fertug.

Boð upp á jafngildi nokkurra hundraða íslenskra króna bárust í kortið. - ibs

Harmleikur í Kaupmannahöfn:

Tengdamóðirin drakk eitrað te

DANMÖRK Úkraínsk kona í Kaupmannahöfn var flutt á sjúkrahús á sunnudag þar sem óttast var að hún hefði drukkið te með sýru í. Konan var í heimsókn hjá dóttur sinni og þar var einnig staddur eiginmaður dótturinnar sem hún er að skilja við.

Maðurinn hitaði te handa konunum og í kjölfarið fékk tengdamóðirin illt í magann og hálsinn og kastaði upp.

Mælingar á afganginum á teinu, sem gerðar voru á sjúkrahúsinu, gáfu til kynna að örlítil sýra hafi verið í því.

Tengdasonurinn var handtekinn en síðar sleppt.

Beðið er niðurstöðu úr frekari efnagreiningu á teinu. - ibs

Geta ekki gengið lengra en nemur agavaldi biskupsins

Biskup Íslands gerir athugasemdir við nýjar vinnureglur Selfosskirkju. Reglurnar eiga að sporna gegn kynferðisbrotum. „Menn hljóta að breyta þessum reglum," segir sóknarprestur Selfosskirkju.

TRÚMÁL Sóknarpresti og sóknarnefnd Selfosskirkju ber ekki saman um hvernig bregðast skuli við athugasemdum Karls Sigurbjörnssonar biskups við hluta nýrra starfsreglna Selfosskirkju. Reglurnar voru samþykktar í lok nóvember og er ætlað að sporna gegn kynferðisbrotum.

KRISTINN ÁGÚST FRIÐFINNSSON

KARL SIGURBJÖRNSSON

Frá því var fyrst greint í Dagskránni á Selfossi að biskup hefði eftir samþykkt nýju reglnanna sent bréf til presta Selfosskirkju, formanns sóknarnefndar, vígslubiskups í Skálholti og prófastsins í Suðurkjördæmi.

Bréfið er tölvupóstur þar sem hann svarar formanni sóknarnefndar á Selfossi og fagnar frumkvæði Selfosskirkju í að bregðast við kynferðisbrotamálum. Um leið gerir biskup athugasemd við þann hluta reglnanna sem kveður á um að fólk sem orðið hafi uppvíst að kynferðisbrotum skuli ekki ráðið til starfa hjá Selfosskirkju.

Reglurnar ná bæði til þeirra sem brotið hafa landslög og þeirra sem brotlegir hafa orðið við starfs- og siðareglur kirkjunnar er varða kynferðisbrot. Þjóðkirkjan sjálf gengur ekki lengra en svo en að krefja menn um hreint sakavottorð.

„Áhorfsmál er hvort sóknarnefnd hafi stöðu til að heimila eða synja ákveðnum prestum afnot af kirkju," segir biskup í bréfi sínu og áréttar að ekki geti verið hlutverk sóknarprests, annarra presta eða sóknarnefndar „að ganga eftir því hvort sá prestur sem aðstandendur treysta fyrir athöfninni sé með hreinan skjöld".

Bendir hann á að biskup hafi yfirumsjón með kirkjuaga. „Sóknarnefnd, sóknarprestur eða aðrir prestar geta ekki gengið lengra en biskup í þessum efnum."

Sóknarnefnd Selfosskirkju fjallaði um bréf biskups á fundi sínum síðastliðið fimmtudagskvöld. Heimildir blaðsins herma að nefndin skilji athugasemd biskups ekki þannig að hann telji afdráttarlaust að nýju vinnureglurnar séu á skjön við reglur þjóðkirkjunnar.

„Biskup Íslands sendi formanni sóknarnefndar í tölvupósti nokkrar línur þar sem hann lýsir ánægju með að sóknarnefnd og prestar marki sér stefnu í kynferðisbrotamálum. Sóknarnefnd þakkar biskupi góð orð og ábendingar," segir í bókun nefndarinnar. Kristinn Ágúst Friðfinnsson, sóknarprestur á Selfossi, áréttar að nýju reglurnar hafi verið settar án hans aðkomu, þótt aðrir prestar sóknarinnar hafi átt þar hlut að máli. Hann hafi hins vegar bent formanni sóknarnefndar á að vissara væri að bera þær undir biskup. „Agavald í kirkjunni er í höndum biskups og ekki neinna annarra," segir Kristinn og telur einsýnt að breyta þurfi reglunum.

olikr@frettabladid.is

Nýjar reglur gætu náð til séra Gunnars

Séra Gunnar Björnsson, fyrrverandi sóknarprestur á Selfossi, var í desember 2008 sýknaður fyrir héraðsdómi af ákæru um kynferðisbrot og í Hæstarétti í mars 2009. Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar taldi hann hins vegar hafa sýnt af sér siðferðisbrot í starfi þegar hann strauk ólögráða sóknarbörnum sínum á Selfossi, faðmaði þau og kyssti og talaði blíðlega til þeirra.

Þá var bæði æskulýðssamband og fagráð þjóðkirkjunnar mótfallið því að hann sneri aftur til starfa á Selfossi.

Séra Gunnar var fluttur til í embætti og ráðinn til Biskupsstofu í sérverkefni, en heldur rétti til prestsstarfa.

Nýjar vinnureglur Selfosskirkju gætu meinað Gunnari að vinna embættisverk þar. Hann hefur fengið inni í kirkjunni með athafnir eftir að hann lét þar af störfum, en ekki eftir að nýju reglurnar tóku þar gildi.

2. grein nýrra vinnureglna

Sóknarnefnd Selfosskirkju, í samráði við presta kirkjunnar, athugar áður en fólk er ráðið til starfa við kirkjuna, jafnt í launuð sem og ólaunuð störf, hvort viðkomandi hafi gerst sekur um kynferðisbrot. Snýr það jafnt að brotum er varða landslög og brotum á þeim starfs- og siðareglum sem í gildi eru hjá þjóðkirkjunni og varða kynferðisbrot. Þau sem orðið hafa uppvís að brotum á fyrrnefndum reglum og/eða lögum skulu ekki ráðin til starfa hjá Selfosskirkju og að jafnaði heldur ekki annast athafnir innan veggja hennar, og aldrei nema að fengnu samþykki sóknarnefndar og presta kirkjunnar.

LAGERSALA
GJAFAVÖRUR
VILLAGE

Mikill afsláttur!
Góð kaup!

Erum innst við Lyngháls – ekið fyrir neðan ÁTVR í austur – í sama húsi og Go Pro-Hugvit.
Á jarðhæð. Opið kl. 16–18 þriðjudag til fimmtud.
Facebook: Village á Íslandi.

Útséð með að geimfarið Fóbos-Grunt muni komast leiðar sinnar:

Mun hrapa til jarðar í janúar

MOSKVA, AP Rússneska geimfarið Fóbos-Grunt, sem hefur verið fast á lágri jarðbraut síðan í nóvember eftir tæknileg mistök, mun sennilega hrapa til jarðar um miðjan næsta mánuð.

Farið átti að fara til Fóbosar, annars af tunglum Mars, lenda þar og snúa til baka með jarðvegssýni.

Vegna bilana í geimskoti náði farið ekki út fyrir gufuhvolfið og endurteknar tilraunir vísindamanna hjá rússnesku geimvísindastofnuninni, til að koma því af stað aftur, voru árangurslausar.

Talsmaður stofnunarinnar lýsti stöðu mála í liðinni viku og sagði að jarðarbúum yrði engin hætta búin þrátt fyrir að farið innihaldi geislavirk efni. Þau muni brenna upp þegar það hrapar.

Þessi uppákoma er mikið áfall fyrir Rússa. Fyrir utan kostnaðinn, sem er metinn á þriðja tug milljarða, verða þeir fyrir álitshnekki þar sem þetta var fyrsta tilraun Rússa til að senda rannsóknarfar út í geim frá árinu 1996, en far sem átti að lenda á Mars og senda heim upplýsingar brann upp í geimskotinu sökum vélarbilunar.

BROSTNAR VONIR Rússneska geimvísindastofnunin hefur gefið upp von um að koma Fóbos-Grunt af stað á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þessi ógæfa veltir upp alvarlegum efasemdum um stöðu geimiðnaðarins í Rússlandi, en embættismenn segja úreltum tækjabúnaði og takmarkaðri nýliðun í faginu um að kenna.

Vísindamönnum leikur forvitni á að vita hvers eðlis Fóbos er. Hvort um sé að ræða smástirni sem hafi fest á braut um Mars, en aðrir vilja meina að Fóbos sé hluti af Mars sem hafi losnað frá eftir árekstur við annan hnött. - þj

Í TILEFNI JÓLALEIKSINS VEITIR DÆLULYKILL ATLANTSOLÍU

7. KRÓNA

JÓLA-AFSLÁTT Í DAG

FRAM TIL MIÐNÆTTIS. GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM.

Á HVERJUM DEGI FRAM AÐ JÓLUM FÆR EINN HEPPINN DÆLULYKILSHAFI ÁFYLLINGUNA ENDURGREIDDA. Á ÞORLÁKSMESSU VERÐUR SVO AÐALVINNINGURINN DREGINN ÚT, 250.000 KR. ELDSNEYTISÚTTEKT Í BEINNI ÚTSENDINGU Á BYLGJUNNI.

LENGI LIFI SAMKEPPNI

ATLANTSOLÍA

SÆKTU UM DÆLULYKIL Á WWW.ATLANTSOLIA.IS

Atlantsolía var stofnuð til að veita stóru olíufélögunum samkeppni. Við rufum einokun olíurisanna þriggja árið 2003 og höfum haldið keppinautunum við efnið síðan.

Dælulykillinn gefur afslátt hjá þessum frábæru fyrirtækjum:

AB Varahlutir · Málningarvörur · kemi · Bónstöðin Þvottastöðin · Gúmmívinnslan · Aðalskoðun

ÍSLENSKA SIA.IS AOL 57139 12.2011

FRÉTTAVIÐTAL: Lárentsínus Kristjánsson, formaður skilanefndar Landsbankans

LÁRENTSÍNUS KRISTJÁNSSON Að hans mati eru enn matarholur í eignarsafni skilanefndar Landsbankans. Iceland Foods sé til dæmis metið langt undir raunverulegu virði í fjárhagsupplýsingum búsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vanþakklátasta starf í heimi

Lárentsínus Kristjánsson var í hópi þeirra sem kallaðir voru til fundar í Fjármálaeftirlitinu (FME) snemma morguns þriðjudaginn 7. október 2008 til að taka sæti í skilanefnd fallins banka, Landsbankans. Undanfarin ár hefur hann gegnt starfi formanns nefndarinnar en hún verður lögð niður um áramótin.

„Við vorum kallaðir út klukkan þrjú að nóttu til aðfaranótt þriðjudagsins 7. október 2008. Ég fann strax að það var eitthvað mikið að gerast og fór niður á skrifstofu til að undirbúa mig fyrir fund með stjórn FME klukkan átta um morguninn. Við sátum í um klukkutíma hjá stjórninni. Það var mjög eftirminnilegt þegar Jón Sigurðsson, þáverandi formaður stjórnarinnar, sagði við okkur að við værum líklegast að taka að okkur vanþakklátasta starf sem væri í boði. Á þeim tíma skildi ég ekki þau ummæli. Ég taldi mig vera að fara að hreinsa upp eftir aðra og leysa vandamál. Síðar kom þó á daginn að þetta var kannski rétt ályktað hjá Jóni og við höfum aldrei lent ofarlega á vinsældalistum," segir Lárentsínus Kristjánsson, formaður skilanefndar Landsbankans, sem mun láta af því starfi þegar nefndin verður lögð niður um áramót.

Eins og járnbrautarstöð

Hann segir að það hafi verið eins og að koma inn á járnbrautarstöð þegar skilanefndin kom fyrst inn í Landsbankann eftir að hafa tekið hann yfir. Ringulreiðin hafi verið mikil. „Þegar við sáum umfangið, hversu miklar skuldir voru í bankanum og hversu lítið okkur fannst vera til upp í þær á þeim tímapunkti þá kom á okkur. Þessi gríðarlega stærð var mjög yfirþyrmandi og fyrstu mánuðina unnum við 14-18 klukkutíma alla daga vikunnar. Þetta hefur verið gríðarlegt álag, en líka mjög skemmtilegur og lærdómsríkur tími. Það er í mjög mörg horn að líta í svona vinnu."

Lárentsínus segir blendnar tilfinningar fylgja því að hætta að starfa fyrir skilanefndina. „Það er ágætt að losna undan þessu mikla álagi sem hefur fylgt þessari vinnu og geta snúið mér aftur að lögmennskunni. Á hinn bóginn er óskemmtilegt að geta ekki fengið að klára þetta verk sem er svona langt komið og hefur gengið jafn vel og raun ber vitni.

> Það var mjög eftirminnilegt þegar Jón Sigurðsson, þáverandi formaður stjórnarinnar, sagði við okkur að við værum líklegast að taka að okkur vanþakklátasta starf sem væri í boði.

Ég hef ekki skilið þau rök sem ráðherra hefur beitt fyrir því að leggja niður skilanefndirnar. Að við höfum verið einhvers konar millistykki við kröfuhafa. Ég sé ekki að neitt breytist við það að skilanefndirnar verði lagðar niður. Eins og einhver orðaði það þá gerist ekkert annað en að verkefnin fara frá einum lögfræðingahópi, skilanefndinni, til annars, slitastjórnarinnar. Verkefnin breytast ekkert. Um leið er tekin út þriggja ára reynsla og tengsl."

Stóru málin búin

Að sögn Lárentsínusar eru flest stóru ágreiningsmálin sem skilanefndin hefur þurft að glíma við á síðustu rúmlega þremur árum leyst. Stærsta verkefnið sem stendur eftir er salan á eignarhlut búsins í Iceland Foods og minni smásölukeðjum á borð við Hamleys, Aurum og House of Frasier. Hann er sannfærður um að allar forgangskröfur, alls um 1.319 milljarðar króna, verði greiddar og að almennir kröfuhafar fái líka eitthvað upp í sínar kröfur. „Ef farið er yfir fjárhagsupplýsingarnar hjá okkur þá er það mitt mat að þar eru ennþá matarholur. Til dæmis Iceland Foods. Við erum augljóslega að meta það niður um tugi milljarða króna. Við höfum heldur ekki bókfært skilyrta skuldabréfið sem við eigum á nýja bankann að fullu þrátt fyrir að hafa lýst því yfir að við teljum okkur ná því að fullu. Það verða því einhverjar endurheimtur fyrir almenna kröfuhafa. Það er nokkuð ljóst í mínum huga miðað við að engar þær breytingar verði til hins verra í efnahagsmálum einkum á meginlandinu sem áhrif geta haft á lánasöfn.

Vinnan í kringum þetta, fyrir utan Iceland Foods, er orðin hverfandi. Lánasöfnin eru í góðum farvegi og fyrir utan eitt og eitt lánamál sem kemur inn á borð til okkar er þetta allt komið í mjög fastar skorður. Þegar salan á Iceland Foods klárast þá verður umfangið líkast til orðið um 10-15% af því sem það var þegar við byrjuðum, þ.e.a.s vinna skilanefndar."

Skiptir miklu máli

Gamli Landsbankinn greiddi fyrstu greiðsluna til kröfuhafa í byrjun desember, alls 432 milljarða króna, eða 31% af forgangskröfum í bú bankans. Að sögn Lárentsínusar skiptir það miklu máli að það sé byrjað að greiða út úr þrotabúinu. „Það er auðvitað slitastjórnin sem

Björguðu tugum milljarða

Skömmu eftir að Landsbankinn var tekinn yfir af skilanefnd beittu Bretar hryðjuverkalögum á bankann og Ísland. Á sama tíma var teymi frá breska fjármálaeftirlitinu sent inn í útibú Landsbankans í Bretlandi til að taka það yfir. Lárentsínus segir að það teymi hafi ætlað sér að selja stóra lánabók, sem var upp á 800 milljónir punda, rúmar 150 milljarðar króna á gengi dagsins í dag, á brunaútsölu. „Við náðum að útvega lán upp á 20 milljarða króna frá breska Seðlabankanum til að koma í veg fyrir þá brunaútsölu. Það var starfsfólk í breska útibúinu sem átti mestan heiðurinn að því láni og óneitanlega mjög magnað að fá lán frá breska Seðlabankanum á sama tíma og það var búið að beita hryðjuverkalögunum á okkur. Lánið var veitt með því skilyrði að við myndum borga það til baka fyrir 1. desember 2008. Það náðist. Með þessari aðgerð björguðum við tugum milljarða króna."

Hann segir ýmsa aðila, bæði innlenda og erlenda, hafa viljað kaupa kröfur og eignir fyrir brotabrot af virði þeirra á fyrstu lífdögum skilanefndarinnar. Hún hafi þó aldrei selt eign út úr búinu undir slíkri pressu. „Þetta voru bæði erlendir og innlendir aðilar sem vildu kaupa eignir af okkur. Það var verið að þreifa á þessu og mikill handagangur í öskjunni. Það gekk oft svo mikið á að einu sinni tók einn félagi minn í nefndinni, Ársæll Hafsteinsson, sig til og henti þremur mönnum út nánast með valdi. Yfirgangurinn og frekjan í þeim var svo mikill. Þetta voru því alvöru læti."

sér um að greiða út. Verkaskiptingin á milli okkar og hennar er, í einföldu máli, þannig að við sækjum peningana, réttum slitastjórninni þá og hún ákveður hversu mikið er greitt út og hversu mikið í einu. Það er ómögulegt að segja hvenær þetta ferli mun klárast. Það getur vel verið að málin þróist á þann veg að hægt sé að ljúka skiptum fljótlega í gegnum nauðasamning en ef það gerist ekki þá geta lánasöfn verið tiltölulega lengi að borga sig niður. Það gæti tekið nokkur ár enn."

Samningaviðræður í gangi

Óformlegar viðræður hafa verið í gangi milli skilanefndarinnar og nýja Landsbankans um uppgjör á skilyrtu skuldabréfi sem gefið var út í tengslum við uppgjör á milli þeirra í desember 2009. Skuldabréfið er bundið við frammistöðu ákveðinna eigna sem færðar voru inn í nýja bankann og á að gefa út í árslok 2012. Skilanefndin vill flýta uppgjörinu til að eyða óvissu en virði þess getur hæst numið 92 milljörðum króna. Ef það innheimtist að fullu mun skilanefndin skila íslenska ríkinu 18,7% hlut í nýja Landsbankanum og hann þar með verða að fullu í eigu þess.

Lárentsínus segir viðræður um uppgjörið enn standa yfir og að þær þokist áfram. „Við teljum að nýi bankinn ætti nú þegar að geta gefið út bréfið þar sem undirliggjandi verðmæti hafi náð þessum 92 milljörðum. Það er einhver meiningarmunur þar á milli aðila en það eru allra hagsmunir að það verði gengið frá þessu máli sem fyrst.

Sterkasta vopnið í okkar höndum er að við erum með mjög góðan samning í höndunum. Við getum beðið út árið 2012 og fengið bréfið útgefið fljótlega í kjölfarið. Nýi bankinn vill auðvitað fá eitthvað í staðinn fyrir að gera þetta upp núna og sleppa því þá að fara í virðismatsferli sem verður flókið og dýrt. Það er verið að þreifa á niðurstöðu í því og viðræður standa yfir."

Þórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is

Bindandi tilboð í Iceland 29. janúar

Söluferli á 67% hlut skilanefndar Landsbankans og 10% hlut skilanefndar Glitnis í bresku matvörukeðjunni Iceland Foods hefur staðið yfir um nokkurra mánaða skeið. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa fimm bjóðendur skilað inn tilboðum og bresk dagblöð hafa greint frá því að hluti þeirra hafi verið yfir 1,3 milljörðum punda, eða um 240 milljörðum króna. Lárentsínus vill hvorki staðfesta fjölda bjóðenda né stærð tilboðanna en segir að búið sé að ákveða að þeir verði að skila inn bindandi tilboðum fyrir 29. janúar næstkomandi. „Nú er búið að opna gagnaherbergi. Þeir bjóðendur sem eru eftir hafa verið að skoða gögnin og eiga síðan að koma með bindandi tilboð 29. janúar næstkomandi. Við ætluðum að klára þetta fyrr, en það náðist ekki. Þessi dagsetning mun þó halda. Mjög fljótlega í kjölfarið verður tekin ákvörðun um hvort eignin verður seld eða ekki. Það verða aðrir en ég sem taka þá ákvörðun."

67% Eignarhlutur skilanefndar Landsbankans í Iceland Foods.

Á LOKASPRETTINUM Búð er að opna gagnaherbergi fyrir bjóðendur í hlut skilanefndarinnar í Iceland. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HOLLT & GOTT
VEISLUSALAT

499 KR./STK.

VÍNBER GRÆN

849 KR./KG

NÝBAKAÐ OG ILMANDI

JÓLABRAUÐ

299 KR./STK.

Hátíðar-lambalæri Nóatúns 2011

Fyllt með rjómaosti, trönuberjum, grænpipar og einiberjum

HÁTÍÐARLAMBALÆRI NÓATÚNS 2011

2498 KR./KG

ÚR KJÖTBORÐI – BESTIR Í KJÖTI – ÚR KJÖTBORÐI

NÝTT

AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI

KALKÚNN FERSKUR

1998 KR./KG

AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI

NÓATÚNS GRÍSAHAMBORGAR-HRYGGUR

1598 KR./KG

ÚR KJÖTBORÐI – BESTIR Í KJÖTI – ÚR KJÖTBORÐI

FYLLTAR KALKÚNA-BRINGUR FRÁ ÍSFUGL

3698 KR./KG

AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI

GRÍSALUNDIR MEÐ HUMARFYLLINGU

2998 KR./KG

ÚR KJÖTBORÐI – BESTIR Í KJÖTI – ÚR KJÖTBORÐI

KALKÚNASKIP FRÁ ÍSFUGL

3398 KR./KG

AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI

GRÍSAHRYGGUR MEÐ PÖRU

1038 KR./KG

ÚR KJÖTBORÐI – BESTIR Í KJÖTI – ÚR KJÖTBORÐI

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl

EXPO - www.expo.is

DAG Nótt noatun.is 24·7

NÓATÚN

Við gerum meira fyrir þig

Komdu í kjötborð Nóatúns og veldu þína fyllingu í lambalærið

- Ávaxtafylling með sveskjum, þurrkuðum eplum og apríkósum
- Með trönuberjum, villisveppum og camembert
- Með gráðaosti og döðlum
- Með rjómaosti, trönuberjum, grænpipar og einiberjum

OSTAR Í ÚRVALI
10% afsláttur

DGF TYTTEBERJASULTA
698 KR./STK.

JACOBS OSTAKEX, 2 TEGUNDIR
249 KR./PK.

GUNNARS MAYONNAISE 250 ML
214 KR./STK.

BRÚNEGG, VISTVÆN, 6 STK. Í PK.
344 KR./PK.

AFTER EIGHT SÚKKULAÐI, 200 G
348 KR./PK.

EGILS JÓLAÖL Í DÓS, 0,5 LÍTRI
188 KR./STK.

23 PRÓSENT er hækkunin á verði hlutabréfa í Högum á fyrstu tveimur viðskiptadögunum með bréfin. Bréfin hækkuðu um 4,1% í gær.

Stærsta skyndibitakeðja landsins malar gull:

Subway hagnaðist um 124 milljónir

Stjarnan ehf., sem er með einkaleyfi á Íslandi fyrir veitingahúsakeðjunni Subway, hagnaðist um 124,3 milljónir króna í fyrra. Það er rúmum fimmtán milljónum króna meiri hagnaður en árið 2009 þegar félagið hagnaðist um 109 milljónir króna. Stjarnan er í 100% eigu félags Skúla Gunnars Sigfússonar athafnamanns. Stjarnan opnaði nýverið tuttugasta Subway-staðinn á Íslandi.

Alls nema eignir Stjörnunnar 436 milljónum króna og jukust þær um 152 milljónir króna á milli ára. Hækkunin er nánast einvörðungu vegna þess að krafa á tengd félög jókst um 146 milljónir króna frá árinu 2009. Tengdir aðilar eru Leiti eignarhaldsfélag, sem er að fullu í eigu Skúla Gunnars. Það félag hefur ekki skilað ársreikningi fyrir síðasta ár. Stjarnan skuldaði 128,4 milljónir króna um síðustu áramót. Þar af voru 44,9 milljónir króna skuldir við lánastofnanir.

Á meðal annarra eigna Skúla er 26,32% hlutur í Nautafélaginu ehf., sem á og rekur Hamborgarafabrikkuna. Aðrir eigendur þess félags eru Jóhannes Ásbjörnsson og Sigmar Vilhjálmsson, sem eiga 36,84% hlut hvor. Nautafélagið hagnaðist um tæpar 35 milljónir króna á árinu 2010. Á grundvelli þeirrar afkomu ákvað stjórn félagsins að greiða 30 milljónir króna út í arð til hluthafa á árinu 2011. **- þsj**

EIGANDI Skúli Gunnar Sigfússon stofnaði fyrsta Subway-staðinn á Íslandi 1994. Staðirnir eru nú orðnir 20 talsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Forsætisráðherra Spánar boðar umbætur:

Nauðsynleg aðgerð

Mariano Rajoy, sem tók nýlega við embætti forsætisráðherra Spánar, boðaði í gær yfirgripsmiklar aðgerðir til að endurreisa efnahag landsins og orðspor þess á alþjóðavettvangi.

Aðgerðirnar felast bæði í niðurskurði í útgjöldum og kerfisumbótum.

Rajoy sagði í ræðu sinni á þingi í gær að útlitið hefði aldrei verið eins dökkt. Stefnan er því sett á jafnvægi í ríkisfjármálum, umbætur í fjármálakerfinu með niðurfellingu skulda og endurskipulagningu á vinnumarkaði til að gera efnahagskerfið sveigjanlegra og samkeppnishæfara.

Þó verði ekki skorið niður í lífeyriskerfinu, sem verði áfram vísitölutengt.

Rajoy sagði að verkefnið yrði erfitt og ekki líklegt til vinsælda, en aðgerða væri þörf. **- þj**

www.hafnarfjordur.is
HAFNARFJÖRÐUR
ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

LAUSAR STÖÐUR Í GRUNNSKÓLUM VORÖNN 2012

Hraunvallaskóli (590 2800 lars@hraunvallaskoli.is)
Skólaliði (frá kl. 8:00-14:00)

Hvaleyrarskóli (565 0200 helgi@hvaleyrarskoli.is)
Sérkennsla vegna forfalla (80%)
Skólaliði (40%)

Öldutúnsskóli (s. 555 1546 erla@oldutunsskoli.is)
Íþróttakennsla (80%)

Allar upplýsingar veita skólastjórnendur viðkomandi skóla.

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.

Umsóknarfrestur er til og með 22. desember 2011.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

BYGMA Byggingavörukeðjan er með starfsemi í Danmörku, Svíþjóð, Færeyjum og nú á Íslandi. MYND/KRISTINN ÁSGEIRSSON

Borguðu 3,3 milljarða fyrir Húsasmiðjuna

Bygma hefur gengið frá kaupum á Húsasmiðjunni. Ein af forsendunum fyrir kaupunum var að endursamið yrði um leigukjör fyrirtækisins. Sigurður Arnar Sigurðsson verður forstjóri áfram. Samlegðaráhrif fyrirtækjanna verða könnuð.

Danska byggingavörukeðjan Bygma Gruppen A/S keypti í gær rekstur og eignir Húsasmiðjunnar af Framtakssjóði Íslands (FSÍ) á 3,3 milljarða króna. Félagið mun yfirtaka 2,5 milljarða króna af skuldum Húsasmiðjunnar og greiðir auk þess 800 milljónir króna til FSÍ í reiðufé. Bygma tekur við rekstri Húsasmiðjunnar í byrjun árs 2012.

Samhliða voru leigusamningar Húsasmiðjunnar lækkaðir en leigukostnaður fyrirtækisins vegna ársins 2011 hafði verið áætlaður 1.020 milljónir króna, sem er um 7,9% af veltu Húsasmiðjunnar. Fréttablaðið greindi frá því í gær að samkomulag hefði náðst um kaupin í lok síðustu viku.

Sigurður Arnar Sigurðsson, forstjóri Húsasmiðjunnar, segir það mjög góð tíðindi fyrir fyrirtækið að söluferlinu sé loks lokið. „Bygma er þriðji eigandi Húsasmiðjunnar á tveimur árum. Það er mjög gott að loksins sé kominn langtímaeigandi og því hægt að fara að vinna áætlanir um framtíðaruppbyggingu. Það er líka mjög gott að eigandinn sem kominn er að Húsasmiðjunni sé í sams konar starfsemi.

Það auðveldar alla skipulagsvinnu að fá aðgang að mjög stóru fyrirtæki á byggingavörumarkaði.“

Samhliða kaupunum voru gerðir nýir leigusamningar við leigusala Húsasmiðjunnar sem fela í sér lækkun á leigukjörum. Að sögn Sigurðar var það ein af forsendunum sem settar voru í kaupferlinu. Hann segir að eitt af því fyrsta sem verði kannað nú eftir að kaupin eru frágengin séu samlegðaráhrif milli Húsasmiðjunnar og Bygma. „Við munum athuga hvort við getum átt samstarf á innkaupahliðinni, hvaða birgja Bygma er með og hvernig við getum nýtt sameiginlegan styrk.“

Sigurður var ráðinn forstjóri Húsasmiðjunnar í byrjun árs 2010. Hann mun gegna því starfi áfram eftir að nýir eigendur taka við. „Mitt verkefni var upphaflega að fara í gegnum reksturinn, endurskipuleggja hann, fara í stefnumótun og koma Húsasmiðjunni í söluhæft ástand. Sú vinna gekk vel og áhugi Bygma á að kaupa fyrirtækið er viðurkenning á því. Ég mun halda áfram að starfa að þessu verkefni og nú munum við einbeita okkur að því að sækja fram á markaðinum með Bygma sem traustan eiganda og bakhjarl.“ **thordur@frettabladid.is**

Mun áfram heita Húsasmiðjan

SIGURÐUR ARNAR SIGURÐSSON

Sigurður segir nýja eigendur hafa lýst yfir mikilli ánægju með vörumerkið Húsasmiðjuna og búið sé að taka ákvörðun um að halda því nafni á starfseminni.

Bygma Gruppen A/S veltir um 100 milljörðum króna árlega og er með starfsemi í Danmörku, Svíþjóð, Færeyjum og nú á Íslandi. Í fréttatilkynningu vegna kaupanna er haft eftir Peter H. Christiansen, forstjóra Bygma, að „kaupin á Húsasmiðjunni eru einnig mikilvægur liður í því að vinna eftir þeirri stefnu Bygma-samstæðunnar að starfa á öllum Norðurlöndunum“.

Endurálagning skatta vegna skuldsettra yfirtaka á fyrirtækjum:

Fleiri gætu fengið bakreikning

Afstaða skattayfirvalda varðandi vexti á lánum vegna skuldsettra yfirtaka á fyrirtækjum er sú að þeir séu ekki frádráttarbærir frá tekjum fyrirtækja, þar sem ekki séu uppfyllt grundvallarskilyrði fyrir frádráttarbærni. Þetta segir í fréttatilkynningu frá embætti Ríkisskattstjóra frá desember 2009.

Eins og kom fram í frétt blaðsins í gær herma heimildir að fyrri eigendur Húsasmiðjunnar hafi fengið endurálagningu skatta af þessum sökum. Mun upphæðin hafa numið um hálfum milljarði króna.

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri sagðist ekki geta tjáð sig um málið í samtali við Fréttablaðið.

Í ljósi þess sem tekið er fram í fyrrnefndri fréttatilkynningu má hins vegar áætla að fleiri félög sem beitt hafa skuldsettri yfirtöku hafi fengið eða muni fá tilkynningu um endurálagningu. Þar sem þess konar gjörningar voru algengir fyrir bankahrun gæti verið um verulegar fjárhæðir að ræða.

Lög um tekjuskatt heimila endurákvörðun skatta vegna tekna og eigna síðustu sex ára sem næst eru á undan því ári þegar endurákvörðun fer fram. Samkvæmt því geta skattayfirvöld krafist endurálagningar vegna áranna 2005 til 2010, sé tilkynning send út áður en þetta ár er liðið. **- þj**

FLEIRI BAKREIKNINGAR Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fengu fyrri eigendur Húsasmiðjunnar bakreikning frá skattinum vegna skuldsettrar yfirtöku á fyrirtækinu. Samkvæmt yfirlýstri afstöðu skattayfirvalda má ráða að líklegt sé að fleiri fyrirtæki eigi von á slíkum reikningi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

FRÁBÆRT ÚRVAL

GOTT
– Eftirréttir –

Vanilluís með brownies-kökum, karamellusósu og Bourbon vanillu

Súkkulaðimús með kókos og rommi

Silkimjúk súkkulaðimús með hindberjum

Heit súkkulaðikaka með mjúkri miðju

EINFALDIR OG GÓÐIR EFTIRRÉTTIR

Debic Parfait
Gerðu þinn eiginn ís eða ístertu.
Parfait er hrist í umbúðunum í ca 20 sek. og sett í skál. Þeytt í 2 mín. á miklum hraða. Síðan er tilvalið að bæta hinum ýmsu hráefnum við t.d súkkulaði, hnetum, líkjöri, sælgæti, marengs o.fl. Síðan er allt sett í form og inn í frysti í 4-6 klukkustundir.

Debic Crème Brûlée
Crème brûlé eins auðvelt og það gerist. Crème brûlé er hrist í umbúðunum í 20 sek. og síðan sett í pott og hitað. Því er síðan hellt í skál, kælt og sykur bræddur ofan á. (Sjá nánari leiðbeiningar á umbúðum).
Úr verður frábært crème brûlé eins og þekkist á veitingastöðum.

OSTAKAKA AÐ HÆTTI JÓA FEL
-með appelsínusúkkulaði

BREYERS ÍS
-ekta ameríska ís

CAPPUCHINO KARAMELLU ÍS

SKYRTERTA

GULRÓTARKAKA

ÍSLENSKA
HAMB ORGARA FABRIK KAN
ZOLO

OPNUNARTÍMI VERSLANA: www.hagkaup.is/opnunartimi

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

MYNDASYRPA: Jólin undirbúin víðsvegar um heiminn

BÖRN AÐ LEIK Í TÓKÝÓ Þótt aðeins örlítill hluti af japönsku þjóðinni sé kristinn eru jólin haldin hátíðleg þar í verslunarlegum tilgangi. Þessi börn léku sér í garði verslunarmiðstöðvar í miðborg Tókýó og munu vonandi fá eitthvað fallegt að gjöf. NORDICPHOTOS/AFP

JÓL Í NEW YORK Fyrir áhrif bandarísks sjónvarps og kvikmynda er hvergi jólalegra á aðventunni en í New York. Og það er satt að hvort sem farið er á skauta á Rockafeller-torgi eða gengið eftir breiðgötunum er jólaandinn í loftinu.

FÆÐINGARSTAÐUR KRISTS Kona kveikir á kertum í Fæðingarkirkjunni á Vesturbakkanum í Betlehem. Gert er ráð fyrir að ferðamenn hvaðanæva úr heiminum komi til að heimsækja fæðingarstað Krists fyrir jólin.

Um heim allan lýsa jólaljósin á aðventu

Kristnar þjóðir hafa hver sinn sið við undirbúning jólahátíðarinnar á jólaföstunni, sem við köllum í daglegu tali aðventu. Aðventan á það þó sameiginlegt alls staðar að lýsa upp hjörtu mannanna, færa okkur birtu og yl og gleðja hjörtu barnanna.

VETRARRÍKI Í opinberum heimabæ „ameríska" jólasveinsins Rovaniemi í Finnlandi eru jólin mikilvæg hátíð. Í bænum er jólasveinabær opnaður árlega þar sem snjókarlar taka vel á móti gestum.

Á KAFI Jólasveinninn hefur nóg að gera á aðventunni en hann hafði tíma til að skreppa til Suður-Kóreu og kafa í fiskasafninu í Seúl. Jólin eru stór hátíð Suður-Kóreu því yfir helmingur þjóðarinnar er kristinn.

MARKAÐIR VINSÆLIR Í Berlín eru haldnir 60 jólamarkarkaðir fyrir þessi jól. Parísarhjólið er hluti af markaðinum á Ráðhústorginu, með Sjónvarpsturninn í bakgrunn.

Veiðileg Jól

SIMMS HOODY
Hettupeysa frá Simms. Gott verð. **Aðeins 14.995**

SIMMS HÚFUR
Hlýjar og góðar húfur í vor- og haustveiðina. Gott úrval.

Munið vinsælu gjafabréfin okkar!



CASCADE VEIÐITASKA
Frábær veiðitaska sem tekur stangirnar, hjólin, boxin, línurnar, taumana eða bara allt í veiðiferðina. Frábært verð.
Aðeins **29.900,-**



SIMMS FREESTONE VÖÐLUPAKKI
Allir þekkja Simms gæðin. Öndunarvöðlur og skór.
Aðeins **49.900,-**

BERETTA BAKPOKI
Sérhannaður fyrir skotveiðimenn. Byssufesting á hlið pokans. Felulituð veðurhlíf fylgir. Frábært verð.
Aðeins **18.995,-**

NIKKO STIRLING FJARLÆGÐARMÆLIR
Mælir allt að 800 metra. Frávik +/- 1m. Tilvalinn fyrir skotveiðimanninn eða kylfinginn. Hvergi betra verð. Fullt verð 26.980,-
Jólatilboð aðeins **22.980,-**

HEAT FACTORY SOKKAR
Hlýir og háir ullarsokkar og Heat Factory varmapúðar.
Aðeins **4.495,-**

SCIERRA FLUGUVEIÐISETT
Fjögurra hluta stöng, hjól og góð flotlína með baklínu. Frábært verð.
Aðeins frá **19.995,-**

DANVISE
Vinsælasta öngulklemman um langt árabil. Nauðsynleg fyrir fluguhnýtarann. Fullt verð 12.995,-
Jólatilboð aðeins **9.995,-**
Gerðu verðsamanburð

DAM VÖÐLUTASKA
Vel hönnuð taska undir vöðlur og skó. Taskan er með öndun og hörðum, vatnsheldum botni.
Aðeins **5.995,-**

ÍSLENSK FLUGUBOX ÚR ÍSLENSKU BIRKI
Hægt að fá boxin sérmerkt. Verð með 10 vönduðum laxaflugum aðeins 11.400. Merking innifalin í verði.
Aðeins **11.400,-**

SCIERRA VEIÐIGLERAUGU
Polaroid gleraugu. Drepur glampa á yfirborði vatns svo auðveldara er að sjá til botns auk þess sem gleraugun verja augu veiðimanna.
Jólatilboð aðeins **9.995,-**

PROLOGIC GÆSAGALLI
Felugalli. Smekkbuxur og jakki. Vatns- og vindhelt. Útöndun. Frábært verð.
Aðeins **29.900,-**

NRS FLOTVEIÐIVESTI
3 stærðir. Fullt verð 18.995,-
Jólatilboð aðeins **14.995,-**

RJÚPNAVESTI
Þessi gömlu góðu. Yfir 20 ára gömul hönnun. Fullt verð 8.995,-
Jólatilboð aðeins **5.995,-**

GERVIGÆSIR
Vinsælu skeljarnar með lausum hausum. 12 í kassa og festijárnin fylgja með. Fullt verð 18.995,-
Jólatilboð aðeins **14.995,-**

RON THOMPSON REYKOFN
Töfraðu fram veislumáltíð á einfaldan og fljótlegan hátt.
Verð aðeins **8.995,-**

VENIARD FLUGUHNÝTINGASETT
Allt efni er fyrsta flokks auk þess sem öll nauðsynleg handverkfæri og leiðbeiningar fylgja með.
Aðeins **12.995,-**

RON THOMPSON OG DAM KASTSTANGIR
- í miklu úrvali og ómótstæðilegu verði.
20% jólaafsláttur

OKUMA OG DAM KASTHJÓL
Gott úrval og frábært verð.
20% jólaafsláttur

HEAT FACTORY ULLARVETTLINGAR
- með thinsulate einangrun og Heat Factory varmapokum.
Verð aðeins **3.895,-**

BUFFALO RIVER VERÐMÆTAHÓLF
Ódýrt öryggishólf fyrir skotfæri eða verðmæti. Gott verð.
Aðeins **10.995,-**

Veiðibúð allra landsmanna -
VEIDIMADURINN.IS

VEIÐIHORNIÐ - SÍÐUMÚLA 8 - 568 8410 - VEIDIHORNID.IS

SPORTBÚÐIN - KRÓKHÁLSI 5 - 517 8050

skoðun

greinar@frettabladid.is

Óvisst ástand í Austur-Asíu vegna andláts einræðisherra.

Ríki sturlunarinnar

Fréttamyndir af íbúum Norður-Kóreu hágrátandi á almannafæri vegna andláts einræðisherrans Kim Jong-il eru hugsanlega til marks um að fólkið hafi trúað linnulausum áróðri stjórnvalda um að maðurinn væri nokkurs konar guð. Kannski lét fólkið svona af því að það hefur rökstuddan grun um að hverjum þeim sem ekki virðist virkilega sorgmæddur verði stungið í einangrunarbúðir, jafnvel með alla fjölskylduna sem félagsskap. Og hugsanlega er alþýða manna í Norður-Kóreu frávita af áhyggjum af því að eitthvað enn verra taki við að Kim gengnum.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Hver sem skýringin er, sýna ofsafengin viðbrögð við dauða leiðtogans vel hvílík sturlun ríkir í Norður-Kóreu. Okkur hættir til að gleyma hvers konar mannvonzka einkennir alla stjórnarhætti þar, vegna þess hvað það er auðvelt að gera grín að Kim-fjölskyldunni.

Í opinberri ævisögu leiðtogans gengna var því haldið fram að tvöfaldur regnbogi hefði myndazt á himninum og ný stjarna kviknað við fæðingu hans. Hann var farinn að læra að ganga aðeins þriggja vikna, samdi tugi ef ekki hundruð merkra bóka strax á háskólaárum sínum og er höfundur sex óperа, sem taka öllu öðru á tónlistarsviðinu fram, samkvæmt sömu heimildum. Ögn áreiðanlegri eru frásagnirnar af ást Kims á amerískum bíómyndum, ferðalögum í brynvarinni lest og óhófi í mat og drykk – hann drakk meira Hennessy Paradis-koníak en heilu hagkerfin samanlögð.

Á valdatíma hans er hins vegar talið að um tvær milljónir manna hafi látizt úr hungri. Hið miðstýrða og lokaða hagkerfi Norður-Kóreu ræður einfaldlega ekki við að brauðfæða íbúana. Talið er að um 200.000 manns sitji í fangabúðum vegna stjórnmálaskoðana sinna. Eins og svo margir aðrir einræðisherrar lagði Kim áherzlu á að útmála útlönd sem óvini. Hann hefur varið ómældu fé til að halda úti einum fjölmennasta herafla heims og til að þróa kjarnorkuvopn og langdrægar eldflaugar sem geta borið þau. Ítrekaðar tilraunir annarra ríkja til að fá Norður-Kóreumenn til að hætta kjarnorkutilraununum og fá í staðinn efnahags- og neyðaraðstoð hafa farið út um þúfur; hluti af aðstoðinni hefur reyndar verið þeginn en minna hefur orðið um efndir í afvopnunarmálunum.

Það er því ekki að furða að ástandið í Austur-Asíu einkennist nú af óvissu vegna fráfalls einræðisherrans. Lítið er vitað um son hans og arftaka Kim Jong-un og allsendis óvíst að hann geri nokkrar breytingar til hins betra í landinu. Hann gæti alveg eins viljað þjappa fólki saman með því að stofna til ófriðar við nágrannalöndin og sumir þykjast þegar sjá þess merki, því að ein af tilraunaeldflaugum Norður-Kóreu fór á loft fljótlega eftir að gamli leiðtoginn var allur.

Nýr leiðtogi Norður-Kóreu þarf að vita að umheimurinn er reiðubúinn að semja um friðsamlegri samskipti, meiri aðstoð og viðskipti – en umheimurinn þarf um leið að vera viðbúinn hinu versta. Það eru engin venjuleg, sammannleg gildi sem stýra viðbrögðum stjórnvalda í Norður-Kóreu.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

GPS sportúr
með púlsmæli, kaloríubrennslu ofl.

voruhusid.is
Sími 823 9448 Frí heimsending

FRÁ DEGI TIL DAGS

Yfirvöldin illa dönsk

Til eru þeir menn sem erfitt eiga með að koma sér inn í nútíðina. Sumir sjá kommúnista í hverju horni og aðrir eru enn í slagsmálum við löngu horfna nýlenduherra. Einn þeirra er Óli Björn Kárason, sem greinilega hefur enn horn í síðu Dana. Gefum Óla orðið: „Jæja, dönsku kaupmennirnir eru komnir aftur. Og við hljótum öll að vera kát og glöð. Það er magnað að lífeyrissjóðir skuli standa að því að selja dönskum kaupmönnum, íslenska verslun. Magnað! “

Maðkað mjöl

Tilefni skrifa Óla Björns er að erlendum fjárfestum hugnast að koma með fjármagn sitt hingað til lands. Nokkuð sem flestir, ef ekki allir, telja landinu nauðsynlegt. Óli hefur kannski ekki enn fyrirgefið dönskum kaupmönnum maðkað mjöl einokunarverslunarinnar.

Rétta boðleiðin

Mikið er nú gert úr því að utanríkisráðuneytið eigi að vera með forræði málareksturs Íslands gagnvart EFTA-dómstólnum. Ólöf Nordal, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, vill til dæmis að Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, véli um þessi mál.

Samkvæmt forsetaúrskurði um verkaskiptingu Stjórnarráðsins eiga svona mál hins vegar heima hjá utanríkisráðuneytinu. Til að breyta því þarf að breyta lögum um Stjórnarráðið og þá fyrst hefðu verið tíðindi á ferð.

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR



Gjöfin mín í ár verður ekki metin til fjár

Palestína

Salmann Tamimi
formaður Félags múslíma á Íslandi

Alveg frá því að ég var ungur drengur í Skóla heilags George í Jerúsalem fannst mér gaman um jólin. Það voru haldin jól í skólanum mínum og við tókum allir þátt í því, bæði múslímar og kristnir. Svo kom ég til Íslands og hélt áfram að njóta þessa tímabils og hafði ánægju af því að fá gjafir og gefa gjafir. Ég er enn spenntur að fá að vita hvort ég fái mjúka eða harða pakka og reyni að giska á það fyrir aðfangadagskvöld en það hefur aldrei tekist hjá mér að giska rétt.

En í ár fékk ég dýrmætustu gjöf sem ég hef fengið og meira að segja fyrir aðfangadagskvöld. En þessi gjöf var ekki í pakka. Hún var umvafin virðingu, réttlæti og miklum tilfinningum. Þessi gjöf verður ekki metin til fjár. Hún er dýrmætari en allar gjafir sem ég hef fengið. Gjöf sem ég hef fengið frá heilli þjóð. Þjóð sem ég bý með og hefur mikil áhrif á mig. Þjóð sem tók við mér þegar ég var 16 ára gamall og tók þátt í að móta mig í fullorðinn mann sem trúir á réttlæti og mannvirðingu.

> En í ár fékk ég dýrmætustu gjöf sem ég hef fengið og meira að segja fyrir aðfangadagskvöld. En þessi gjöf var ekki í pakka. Hún var umvafin virðingu, réttlæti og miklum tilfinningum. Þessi gjöf verður ekki metin til fjár.

Þetta er gjöf sem fer beint í hjartastað og hefur varanleg áhrif á mig og mína.

Gjöfin mín í ár er viðurkenning Íslands á Palestínu sem sjálfstæðu og fullvalda ríki.

Ég vona að ég geti endurgoldið þetta með einhverjum hætti, en ég vil núna bara þakka fyrir mig og óska öllum gleðilegrar hátíðar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Jól og áramót

Í DAG

Jónína Michaelsdóttir
blaðamaður

Aðventan er ekki bara jólabókaveisla, heldur kvikna út um allt skemmtilegar hugmyndir og sköpunargleði eins og hvarvetna má sjá og heyra. Það iðar allt af hvers kyns tilboðum og uppákomum, bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Börn og unglingar láta ekki sitt eftir liggja, það er sungið og leikið og snjórinn rammar inn stemninguna. Atorkan er ótrúleg. Það er eins og fólk ætli ekki að láta ástandið í þjóðfélaginu skyggja á jólagleðina, hvað sem öðru líður.

Auðvitað er víða erfitt og sums staðar nánast óbærilegt eftir fjöldauppsagnir og hvers kyns áföll. Margir eru vonlitlir eða vonlausir, en vonina má aldrei missa. Aldrei. Síst ef maður er foreldri. Það er auðvitað útlátalaust fyrir þá sem sitja í öryggi að slá slíku fram, en þetta er engu að síður staðreynd sem maður má aldrei gleyma, þegar lífið hefur trúað manni fyrir börnum.

Það er dálítið sérkennilegt að það sé verið að taka frá börnum kristindóminn á þessum tímum. Heimta að hann sé ekki kenndur í skóla. Við hvað eru menn hræddir? Börn sem alast upp við sitt faðirvor fyrir svefninn og falleg vers finna gjarnan fyrir öryggi og vellíðan. Ef þetta er spurning um sagnfræði geta þau sjálf tekið ákvörðun um hvort hún hentar þeim á fullorðinsárum.

Jólagleði

Nú orðið hefst jólavertíðin svo snemma að aðventan er mun líflegri og stundum jafn hátíðleg og jólin sjálf. Þau eru eins og lokapunktur á löngu ferli. Samt finnst manni enn að helgin komi klukkan sex á aðfangadag. Oftast er það svo að börnin hafa mestan áhuga á jólagjöfunum en fullorðna fólkið á jólamatnum. Sums staðar er sungið og gengið kringum jólatréð, en það eru ekki allir krakkar svo heppnir. En þegar best lætur eru jólin dásamlegur samverutími fyrir fjölskylduna.

> Það er dálítið sérkennilegt að það sé verið að taka frá börnum kristindóminn á þessum tímum. Heimta að hann sé ekki kenndur í skóla. Við hvað eru menn hræddir? Börn sem alast upp við sitt faðirvor fyrir svefninn og falleg vers finna gjarnan fyrir öryggi og vellíðan.

Og svo koma áramótin. Þau eru öðruvísi en önnur mánaðamót, þó að þau breyti í sjálfu sér engu. Segja má að hver dagur í lífi manns sé nýtt upphaf, ný tækifæri, en um áramót lítur maður um öxl. Skoðar hvernig til hafi tekist í tilverunni þetta árið og veltir fyrir sé hvað sé framundan. Strengir áramótaheit sem sumir halda, aðrir ekki.

Þegar ártalið hverfur smám saman af skjánum á gamlárskvöld og nýtt birtist fær maður stundum á sekúndubroti tilfinningu fyrir því sem bíður manns á nýju ári. Það er að minnsta kosti mín reynsla, og ég vil hafa kyrrð meðan gamla árið kveður og nýja ártalið er á leiðinni á skjáinn.

Tækifærissinnar

Ef litið er á þjóðmálin síðustu misserin er naumast tilefni til mikillar bjartsýni fyrstu misserin 2012. Við sitjum uppi með ríkisstjórn sem er fundvís á skatta og hvers kyns álögur og niðurskurð, en skortir skilning á mikilvægi öflugs atvinnulífs.

Pólitískir tækifærissinnar sem bera ábyrgð á því að einn maður á svara til saka fyrir landsdómi vegna hrunsins, fá nú tækifæri til að hressa upp á æruna ef vera kynni að þeir væru komnir niður á jörðina. Viðbrögð flestra þeirra sýna að svo er ekki. Og það merkilega er, að forystumaður á Alþingi talar um að bíða eftir því hvort þessi fyrrum samþingsmaður hans verði kærður. Hann virðist ekki skilja að meirihluti þingsins ákærði hann með atkvæði sínu.

En eins og aðrir vona ég sannarlega að árið 2012 verði gjöfult og gott – þrátt fyrir ríkisstjórnina.



Mikil arðsemi af raforkusölu til stóriðju

Orkumál

Þorsteinn Víglundsson
framkvæmdastjóri
Samtaka álframleiðenda

Á liðnum áratug hefur handbært fé Landsvirkjunar frá rekstri fjórfaldast í Bandaríkjadölum. Handbært fé frá rekstri er það fjármagn sem Landsvirkjun hefur til umráða í lok hvers rekstrarárs eftir að hafa staðið skil á rekstrargjöldum og vöxtum. Á sama tímabili hefur raforkusala Landsvirkjunar aukist úr 6.800 GWh í nær 13.000 GWh, eða því sem næst tvöfaldast. Stærstur hluti þessarar aukningar er tilkominn vegna raforkusölu til stóriðju.

Arðsemi eigin fjár Landsvirkjunar undangengin tíu ár hefur verið liðlega 18% að jafnaði í Bandaríkjadölum. Eigið fé fyrirtækisins hefur liðlega fjórfaldast á tímabilinu og félagið greitt um 45 milljónir dala í arð til eigenda sinna að auki.

Þrátt fyrir miklar fjárfestingar á liðnum árum, m.a. í Kárahnjúkavirkjun, og tilheyrandi vaxtakostnað, hefur handbært fé á hverja selda einingu í raun tvöfaldast. Þessi þróun ber aukinni arðsemi Landsvirkjunar á sama tíma glögglega vitni.

Í nýlegri skýrslu Sjónarrandar er því haldið fram að raforkusala til stóriðju hafi ekki skilað eigendum sínum tilhlýðilegri arðsemi. Landsvirkjun er ríkisfyrirtæki og því í eigu íslensku þjóðarinnar. Hún hefur sem eigandi bæði notið þess að eigið fé Landsvirkjunar hefur margfaldast á sama tíma og raforkuverð til almennings hefur lækkað að raungildi.

Í skýrslu Sjónarrandar kemur fram að arðsemi Landsvirkjunar af raforkusölu til stóriðju hefur verið liðlega tvöfalt hærri en arðsemi af raforkusölu til almennings.

Áríðandi tilkynning til launagreiðenda vegna nýrra lagaákvæða varðandi lífeyrissparnað

Alþingi samþykkti nú fyrir jólahlé á störfum sínum að breyta lögum á þann veg að heimild til frádráttar iðgjalda í viðbótarlífeyrissparnað frá tekjuskattsstofni verði 2% í stað 4% næstu þrjú ár, þ.e. frá byrjun janúar 2012 til ársloka 2014.

Lagasetningin kallar ekki á að breyta þurfi núgildandi samningum um viðbótarlífeyrissparnað, heldur ber launagreiðanda að tryggja að frjálst framlag launafólks í viðbótarlífeyrissparnað verði ekki umfram 2% af iðgjaldastofni.

Að óbreyttum nýsamþykktum lögum verður heimild til frádráttar iðgjalda í viðbótarlífeyrissparnað frá tekjuskattsstofni hækkuð á ný í 4% frá og með árinu 2015.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Landssamtaka lífeyrissjóða ll.is og á heimasíðum vörsluaðila viðbótarlífeyrissparnaðar.

Það ber að taka skýrt fram að Landssamtök lífeyrissjóða mótmæltu eindregið öllum áformum um þessa lagabreytingu og vöruðu við afleiðingum hennar.

Landssamtök lífeyrissjóða

Umrædd breyting varðar 30. grein laga um tekjuskatt nr. 90/2003.
Nýtt lagaákvæði hljóðar svo:

„Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 4. og 5. tölul. A-liðar 30. gr. skal heimilaður frádráttur frá tekjum manna, á árunum 2012–2014, vera allt að 2% af iðgjaldsstofni samkvæmt ákvörðun sjóðfélaga vegna iðgjalda sem greidd eru til lífeyrissjóða til aukningar lífeyrisréttinda, til aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, eða til starfstengdra eftirlaunasjóða samkvæmt lögum um starfstengda eftirlaunasjóði. Þeir sem annast iðgjaldaskil samkvæmt samningum um viðbótartryggingavernd og séreignarsparnað á tímabilinu 2012–2014 skulu þrátt fyrir ákvæði umræddra samninga draga að hámarki 2% af iðgjaldsstofni rétthafa nema hann óski sérstaklega eftir því að hlutfall iðgjalds verði hærra.“

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

Landssamtök lífeyrissjóða Sætúni 1 • 105 Reykjavík • Sími: 563 6450 • www.ll.is

Sparað hér og skorið þar

Heilbrigðismál

Ingimar Einarsson
ráðgjafi um stefnumótun í heilbrigðismálum

Víða um lönd er tilvísanaskyldu beitt til að efla heilsugæsluna, tryggja sem mesta samfellu í þjónustu við sjúklinga og stuðla að skilvirkri verkaskiptingu í heilbrigðiskerfinu. Í stuttu máli sagt felur tilvísanaskyldan í sér að hið opinbera eða sjúkratryggingar af ýmsum toga greiða að jafnaði ekki fyrir meðferð sjúklings hjá sérgreinalækni eða á sjúkrahúsi nema honum hafi verið vísað þangað af heimilislækni. Heilsugæslan er því við venjulegar kringumstæður fyrsti viðkomustaðurinn í heilbrigðiskerfinu. Útfærsla tilvísanaskyldu er samt sem áður breytileg frá einu landi til annars.

Forsaga

Tilvísanaskylda til sérgreinalækna gilti hér á landi frá því á fjórða áratug síðustu aldar fram til ársins 1984. Frá þeim tíma og fram á síðustu ár hafa verið uppi deilur um hvort taka eigi aftur upp tilvísanaskyldu. Flestir heimilislæknar hafa verið fylgjandi tilvísanaskyldunni. Sérgreinalæknar hafa aftur á móti talið að ekki ætti að hefta aðgang fólks að þjónustu þeirra. Stjórnmálaflokkarnir voru sömuleiðis klofnir í afstöðu sinni til tilvísanaskyldunnar, en hin síðari ár er ekki annað að sjá en að vaxandi pólitísk samstaða sé um að fólk skuli snúa sér fyrst til heilsugæslunnar þegar það þarf á heilbrigðisþjónustu að halda.

Sérgreinalækningar dafna

Starfsemi sjálfstætt starfandi sérgreinalækna er einn af grunnþáttum heilbrigðiskerfisins hér á landi. Þessi þáttur heilbrigðisþjónustunnar hefur vaxið mikið á síðustu áratugum. Hefur þar ráðið miklu að rýmkaðar hafa verið heimildir sérgreinalækna til að sinna flóknum og dýrum læknisverkum á eigin stofum. Þetta hefur m.a. komið til vegna framfara á sviði tækni og meðferðar, auk þess sem oft á tíðum eru langir biðlistar á sjúkrahúsum.

Enn fremur hefur frjálst aðgengi að sérgreinalæknum gert það að verkum að að stór hluti sjúklinga leitar beint til þeirra án viðkomu hjá heimilislækni.

Þegar litið er til síðustu áratuga vekur athygli að sérgreinalæknar hafa haft nánast óhefta möguleika á að starfrækja eigin sérfræðiþjónustu. Í nýlegu yfirliti um þróun fjárveitinga til sérgreinalækna á árunum 2006-2012 kemur jafnframt fram að fjárframlög vegna sérfræðiþjónustu hafa hækkað úr 3.672 m.kr. árið 2006 í væntanlega 6.036 m.kr. árið 2012, miðað við verðlag hvers árs. Á meðan skorið er niður í sjúkrahúsrekstri aukast framlög til sérgreinalækna. Þessi þróun gæti bent til þess að tekjumöguleikar sérgreinalækna séu rýmri en heilsugæslulækna, svo dæmi sé tekið.

Heilsugæsla í vanda

Á sama tíma og sérgreinalækningar hafa blómstrað og dafnað utan sjúkrahúsa hafa heimilislæknar barið lóminn. Kvartað er undan læknaskorti, vinnuálagi, löngum biðtíma og ófullnægjandi starfsaðstöðu. Vormenn íslenskra heimilislækninga sem luku læknaprófi á áttunda áratugi síðustu aldar séu farnir að eldast og innan áratugar verði þeir allir komnir á eftirlaun og þá verði ekki nægjanlega margir ungir heimilislæknar til þess að taka við af þeim.

> Á sama tíma og sérgreinalækningar hafa blómstrað og dafnað utan sjúkrahúsa hafa heimilislæknar barið lóminn.

Til þess að koma til móts við heimilislækna hafa stjórnvöld tekið undir sjónarmið um fjölgun lækna í sérnámi í heimilislækningum og að gert verði átak í að innleiða rafræna sjúkraskrá á landsvísu. Flutningur verkefna heilsugæslunnar til sveitarfélaganna er einnig talinn geta orðið henni til framdráttar. Erfitt efnahagsástand hefur þó gert það að verkum að lítið hefur orðið úr framkvæmdum.

Nauðsyn umbóta

Rannsóknir sýna að meiri samfella í meðhöndlun fólks innan heilbrigðiskerfisins leiðir til lægri kostnaðar, skilvirkari verkaskiptingar og betri þjónustu. Sterk rök styðja því þá skoðun að taka skuli upp tilvísanskyldu eða einhvers konar þjónustustýringu. En áður en ráðist er í þess háttar breytingar á heilbrigðiskerfinu þurfa að vera til staðar tilteknar forsendur. Það þarf að mennta og þjálfa heilbrigðisstarfsmenn til ákveðinna verka og tryggja viðunandi mönnun á öllum stigum heilbrigðisþjónustunnar. Einnig er nauðsynlegt að líta til umbóta í daglegum rekstri, svo sem með því að taka upp afkastatengingu launa á dagtíma í heilsugæslunni, a.m.k. að vissu marki. Samanburður við önnur lönd sýnir að fjöldi heilbrigðisstarfsmanna á Íslandi er, hvað sem öðru líður, sambærilegur við það sem gerist í nágrannalöndunum. Með breytingum á vinnuskipulagi, kjörum, launakerfum og hagnýtingu upplýsingatækni má örugglega gera starfsemina mun skilvirkari en hún er í dag. Slíkar umbætur gætu sömuleiðis leitt til þess að heilsugæslan sinnti í framtíðinni stórum hluta þeirra verkefna sem nú eru unnin af sérgreinalæknum.

Valkostir

Að því er snýr að upptöku tilvísanaskyldu eða þjónustustýringu virðast aðallega þrír valkostir koma greina:

Í fyrsta lagi tilvísanaskylda með fáum undantekningum eða undantekningalaus, þar sem heimilislæknir greinir og skipuleggur meðferð sjúklings eða vísar honum áfram á viðeigandi stað í heilbrigðiskerfinu.

Í öðru lagi sveigjanlegt tilvísanakerfi sem næði til mismunandi fjölda sérgreina frá einum tíma til annars.

Og í þriðja lagi mætti hugsa sér að taka upp „valfrjálst stýrikerfi“ að danskri fyrirmynd. Í því fælist að fólk hefði val um að gangast undir tilvísunarskyldu með fáum undantekningum eða gæti farið beint til sérgreinalækna gegn því að greiða nær allan kostnað sjálft.

Uppbygging á nýju skipulagi, hvaða leið sem valin verður, er ekki einfalt mál og þarfnast ítarlegrar útfærslu, sem hefði m.a. að markmiði að tryggja betra jafnvægi milli heilsugæslu, sérgreinalækninga og sjúkrahúsþjónustu.

Sendið okkur línu

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð, að hámarki um 4.500 tölvuslög með bilum. Aðeins er tekið við yfirlesnum og villulausum texta. Greinahöfundar eru beðnir að hafa í huga að því styttri sem greinin er, þeim mun líklegra er að hún fái skjóta birtingu.

Eingöngu er tekið við raunverulegum umræðugreinum, en ekki greinum sem eru fyrst og fremst kynning á til dæmis fyrirtæki eða félagasamtökum, ráðstefnu eða átaki. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða á Vísi eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Fíkniefni og fangelsi

Fíkniefni

Jón Baldur Þorbjörnsson
áhugamaður um fíkniefni

Lengi hef ég undrast afstöðu yfirvalda og almennings til fíkniefna. Yfirvöld ákveða hvaða fíkniefni eru lögleg, eins og reyktóbak og alkóhól auk annarra fíkniefna sem eru svo ný á markaðnum að þau hafa enn ekki verið skilgreind sem slík. Samkvæmt skilgreiningu – ekki endilega raunverulegri ástæðu – eru aðrar tegundir fíkniefna ólöglegar.

Ólögleg fíkniefni eru mjög dýr og eru því gríðarleg gróðrarstía fyrir seljendur. Og af því að fjármunir skipta geysimiklu máli í sambandi við fíkniefni þrífst hér mikið glæpasamfélag í kring um þau. Verslun með fíkniefni er uppspretta mikilla mannlegra harmleikja og harðsvíraðra glæpa, eins og síendurteknar líkamsárásir og nýleg dráp og drápstilraunir sanna, að ógleymdum öllum innbrotunum sem eru afleiðing verslunar með fíkniefni. Má vera að farið sé að líta á innbrot sem sjálfsagðan hlut í okkar samfélagi – til þess eru tryggingarnar, eða hvað? Ég kann þessu ástandi illa.

> Ég sé ekki betur en hægt væri að koma í veg fyrir þennan blett á okkar annars þokkalega þjóðlífi með því að taka á orsökinni en ekki afleiðingunum.

Hvað er hægt að gera? Felst lausnin í byggingu stærri fangelsa? Mér finnst nær að líta á þennan vanda með fyrirbyggjandi ráðstafanir í huga. Svo tekið sé mið af læknisfræði þá læknar maður ekki húðkrabbamein með því einu að að setja umbúðir á blettinn, það þarf að forðast orsakarvaldinn. Á sama hátt gildir væntanlega í hagfræðinni: Ef engin er gróðavonin (orsök) verður ekkert af viðskiptum (afleiðing).

Án orsakar – engin afleiðing. Hví má ekki beita sömu fræðum í sambandi við viðskipti með fíkniefni? Hvað ef fíkniefnin væru seld í apótekum á kostnaðarverði? Er þá ekki fótunum kippt undan ólöglegri sölustarfsemi, gróðavon og glæpastarfsemi? Fíkniefni munu áfram verða til staðar og sótt verður í þau hvað sem hver segir. Með því að afgreiða fíkniefni í apótekum væri þó hægt að halda utan um vandann, halda skrá yfir þá einstaklinga sem hafa ánetjast þessum óæskilegu efnum og veita þeim aðstoð til að vinna bug á fíkninni. Þeir sem vilja lifa í heimi óraunveruleikans munu halda áfram að gera það. En það verða engir dílerar í skúmaskotum og á skólalóðum til að vanabinda börn og aðra þegar hagnaðarvonin er horfin.

Þegar hætt verður að skilgreina fíkniefni sem ólögleg, og heilbrigðisyfirvöld hafa á vissan hátt stjórn á neyslu þeirra, mun samfélagið spara ógrynni fjármagns sem í dag fer í tolleftirlit, löggæslu, réttarkerfi og fangelsismál að ógleymdum þeim harmi sem fylgir innbrotum og glæpum. Miðað við þá staðreynd að nálægt 40% fanga á Litla-Hrauni tengjast sölu fíkniefna mætti meira að segja spara heilt fangelsi á Hólmsheiði. En eins og segir í myndinni American Gangster: „Margir hafa miklar tekjur af þessu ástandi.“ Ætlum við að láta þá staðreynd vega þyngra?

Auðvitað er markmiðið með þessu ekki að gera landið að ódýrri fíkniefnanýlendu fyrir útlendinga, en þetta gæti orðið fyrsta skrefið í alþjóðlegum aðgerðum til að brjóta niður þann tvískinnung sem gildir víðast hvar um fíkniefni, sölu þeirra og vonlausa baráttu gegn henni. Viðurkenna þarf vandann sem er til staðar og sýna fram á ókosti þess að ánetjast fíkninni en leggja í stað þess áherslu á heilbrigðari lífsstíl. Staðreynd er jú að stöðugt fækkar tóbaksreykingafólki á Íslandi, andfíkniefnalegur áróður ber árangur.

Nú ætla ég rétt að vona að enginn skilji orð mín þannig að ég sé hlynntur neyslu fíkniefna. En fíkniefni eru staðreynd, og það er borgaraleg skylda mín – og ykkar – að reyna að vinna bug á þessu ófremdarástandi sem hér ríkir á mjög mörgum sviðum þjóðfélagsins, þar sem gróði af sölu ólöglegra fíkniefna, en ekki neysla þeirra, er meginástæðan fyrir ýmsum hörmungum og hrikalegum glæpum í okkar samfélagi. Ég sé ekki betur en hægt væri að koma í veg fyrir þennan blett á okkar annars þokkalega þjóðlífi með því að taka á orsökinni en ekki afleiðingunum.

Skrifað á dánardægri Ólafs Þórðarsonar.

Blå Band súpur og sósur

198 KR.
3 í pakka

198 KR.
3 í pakka

259 KR.
3 í pakka

259 KR.
3 í pakka

259 KR.
3 í pakka

259 KR.
3 í pakka

259 KR.
3 í pakka

259 KR.
3 í pakka

198 KR.

198 KR.

198 KR.

198 KR.

198 KR.

198 KR.

198 KR.

198 KR.

EKKERT MSG!

Blá Band

BÓNUS

Fæst í verslunum Bónus

Flugbraut 07/25 á Keflavíkurflugvelli

Flugöryggi

Jakob Ólafsson
flugstjóri hjá Landhelgisgæslu Íslands

Þegar flugslys verða er orsakanna oftar en ekki að leita í röð atvika eða keðjuverkun atvika (chain of events) þar sem koma hefði mátt í veg fyrir slysið ef keðjan hefði verið rofin í tæka tíð.

Með þetta að leiðarljósi hefur öryggisnefnd Félags íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) beitt sér fyrir því að flugbraut 07/25 á Keflavíkurflugvelli verði opnuð að nýju í öryggisskyni og sendi fyrir nokkrum árum frá sér áskorun til þáverandi samgöngu- og utanríkisráðherra ásamt tilkynningu til fjölmiðla og hélt að lokum opinn fund í samstarfi við stjórn FÍA um málefni Keflavíkurflugvallar og þá sérstaklega um braut 07/25. Á fundinn mættu m.a. þáverandi samgönguráðherra Sturla Böðvarsson, ráðuneytisstjóri samgönguráðuneytisins og ýmsir forsvarsmenn í flugmálum.

Áskorun öryggisnefndarinnar var svohljóðandi: „Öryggisnefnd Félags íslenskra atvinnuflugmanna (ÖFÍA) vill beina þeim tilmælum til samgöngu- og utanríkisráðherra að flugbraut 07-25 á Keflavíkurflugvelli verði opnuð hið fyrsta.

Nú þegar styttist í að flugbraut 06-24 á Reykjavíkurflugvelli verði lokað er brýnt út frá flugöryggissjónarmiðum að flugbraut 07-25 á Keflavíkurflugvelli sé opin.

Keflavíkurflugvöllur er aðal-, vara- og öryggisflugvöllur fyrir innan- og utanlandsflug landsmanna og er því brýnt að áfram sé opin flugbraut á suðvesturhorni landsins sem nota má við flugtök og lendingar í slæmum suðvestan og norðaustan veðrum og þannig fækka þeim tilvikum þar sem flugáhafnir þurfa að kljást við lendingar út við ystu mörk getu flugvéla til lendinga í hliðarvindi og vindhviðum.

Þá er Keflavíkurflugvöllur vara- og öryggisflugvöllur fyrir alla flugumferð yfir Norður-Atlantshafið. Hafa farþegaþotur ítrekað þurft að lenda á Keflavíkurflugvelli vegna bilana í hreyflum og annarra tæknibilana og einnig vegna veikinda farþega og hryðjuverkahótana. Slík neyðartilvik gera ekki boð á undan sér og koma upp við hvaða veðurskilyrði sem er. Flugáhöfn sem á í neyð vegna elds, hreyfilbilunar eða annarrar þeirrar bilunar sem skert getur stjórnhæfni flugvélarinnar á nóg með að lenda slíkri vél þar sem vindur er beint á braut svo ekki bætist við erfiður hliðarvindur.

Því eru það tilmæli öryggisnefndar FÍA að flugbraut 07-25 á Keflavíkurflugvelli verði opnuð í fullri lengd hið fyrsta með ljósabúnaði og í það minnsta VOR/DME aðflugi að hvorum flugbrautarenda.“

Samgönguráðherra brást hratt við þessari áskorun og ákvað að brautin skyldi opnuð árið 2008 með 250 milljóna fjárframlagi í samgönguáætlun 2007-2010 að fenginni umsögn þáverandi flugmálastjóra, Þorgeirs Pálssonar, þar sem fram kom m.a. þetta: „Opnun flugbrautar 07-25 á Keflavíkurflugvelli snýst bæði um flugöryggi sem og hagkvæmni í flugrekstri. Ljóst er, að miklu máli skiptir vegna flugöryggis, að ekki þurfi að lenda við ýtrustu hliðarvindsaðstæður. Þetta á við í almennu flugi og enn frekar, ef um er að ræða neyðartilvik, þar sem erfitt eða útilokað kann að vera að fljúga til næsta varaflugvallar. Opnun flugbrautarinnar mundi auka nýtingarstuðul flugvallarins og draga úr þörfinni fyrir að lenda í miklum hliðarvindi, þá er ljóst að hagkvæmni og áreiðanleiki í flugrekstri mundu einnig aukast, sem skiptir miklu máli fyrir samkeppnishæfni Keflavíkurflugvallar.“ Að endingu sagði flugmálastjóri í umsögn sinni, „Að framangreindum ástæðum tekur Flugmálastjórn að fullu undir þau sjónarmið, sem fram koma í bréfi öryggisnefndar FÍA um að brýnt sé að flugbraut 07-25 á Keflavíkurflugvelli sé opnuð á ný.“

Síðan verða ríkisstjórnarskipti og nýr samgönguráðherra, Kristján Möller, virðist hafa aðra sýn á flugöryggismálum á Keflavíkurflugvelli en öryggisnefnd FÍA og Flugmálastjórn, þar sem skyndilega er ákvörðun um opnun flugbrautarinnar kippt út úr samgönguáætlun og fjármununum væntanlega ráðstafað í eitthvað annað, hugsanlega í Akureyrarflugvöll í heimahéraði ráðherrans þar sem skyndilega hófust miklar framkvæmdir við flugvöllinn í ráðherratíð hans.

> Þá er Keflavíkurflugvöllur vara- og öryggisflugvöllur fyrir alla flugumferð yfir Norður-Atlantshafið. Hafa farþegaþotur ítrekað þurft að lenda á Keflavíkurflugvelli vegna bilana í hreyflum og annarra tæknibilana og einnig vegna veikinda farþega og hryðjuverkahótana. Slík neyðartilvik gera ekki boð á undan sér og koma upp við hvaða veðurskilyrði sem er.

Í drögum að nýrri fjögurra ára samgönguáætlun, 2011-2014, er hvergi vikið að opnun flugbrautar 07/25, þrátt fyrir að öryggisnefnd FÍA hafi endurnýjað áskorun sína til innanríkisráðherra og samgönguráðs þann 21.okt. sl., en fyrir Keflavíkurflugvöll í liðnum stofnkostnaður og viðhald er gert ráð fyrir 0 kr. næstu fjögur árin.

Í samgönguáætluninni er þó gert er ráð fyrir að Keflavíkurflugvöllur verði sjálfbær árið 2012 þannig að þjónustugjöld standi undir rekstri flugvallarins og framkvæmdum á honum en ríkinu þó heimilt að styrkja þjónustu á honum í almannaþágu.

Því liggur það væntanlega á herðum rekstraraðila flugvallarins, Isavia, að tryggja opnun flugbrautar 07/25 og auka þannig flugöryggi á flugvellinum. Miklum fjármunum hefur verið varið í aðstöðu til verslunar og þjónustu ásamt flugvernd í flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli, en fyrir löngu er tímabært að tryggja frekara öryggi úti á flugbrautunum enda þekkt að flest flugslys verða við flugtök og lendingar.

Oft hafa menn sloppið með skrekkinn við tilraun til hliðarvindslendinga í slæmum suðvestanveðrum við mörk getu vélanna og jafnvel á hálum flugbrautum stundum þannig að farþegar hafa þurft áfallahjálp á eftir, en ekki er víst að lukkan verði alltaf með í för.

Keflavíkurflugvöllur er þekktur fyrir erfiðar veðuraðstæður hjá flugvélaframleiðendum sem senda nýjar flugvélategundir hingað til tilrauna við erfiðustu aðstæður sem völ er á til hliðarvindslendinga og sífellt fleiri flugfélög eru að hefja áætlunarflug til vallarins þar sem kannski er ekki sama reynsla til staðar til flugs við jafn krefjandi veðuraðstæður og geta orðið á Keflavíkurflugvelli.

Verði flugslys á Keflavíkurflugvelli, sem hefði mátt koma í veg fyrir með opinni flugbraut 07/25, þá verða aðgerðir eða frekar aðgerðarleysi þeirra sem með ábyrgðina fara dregnar fram í dagsljósið og spurt af hverju ekki var gripið inní keðjuverkun atvika í tíma og keðjan rofin, fyrsti hlekkurinn sem rjúfa þarf er að opna braut 07/25.

★★★★★
„Sigríður hefur skilað áhrifamiklu verki sem unnið er af alúð ...“
PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / FRÉTTATÍMINN
„Merkileg bók og vel skrifuð.“
EGILL HELGASON / SILFUR EGILS
„Ég hvet alla til að lesa Ríkisfang: Ekkert.“
MARÍANNA CLARA LÚTHERSDÓTTIR / VÍÐSJÁ
„... þrekvirki ...“
VÍKVERJI / MORGUNBLAÐIÐ
★★★★
„... mögnuð bók!“
INGIBJÖRG DÖGG KJARTANSDÓTTIR / DV

Hinn sanni jólaandi og jógaiðkun

Jólin

Guðrún Darshan
kundalini jógakennari og hómópati

Jólin nálgast óðum. Mér finnst ég stundum vera í kapphlaupi við tímann fyrir jólin. En þar sem ég er svo rík að búa yfir daglegri hugleiðsluiðkun, þá staldra ég við á hverjum morgni og anda að mér jólailminum innra með mér. Og þrátt fyrir að dagurinn sé stundum tóm hlaup og mikið að gera þá er oftast einhver hluti af mér sem man eftir innra rými sem er mun stærra en stærsta Bónusverslun eða umferðaráin sem lötrast eftir Miklubrautinni. Það er þrátt fyrir allt mjög nærandi.

Ég bý líka við þau forréttindi mitt í jólaamstrinu að búa með litlum anga sem gefur mér innsýn inn í töfraveröld jólanna með opnum huga og gleði yfir litlum hlutum. Eins og púslinu sem hann fær á hverjum morgni í jóladagatalinu sem við keyptum í Ikea. Og hann minnir mig á þennan hluta í mér sem kunni að njóta þess sem við lærum síðar að líta á sem sjálfsagðan hlut. Og sem kunni að gleðjast yfir litlu.

Jólin eru hátíð barnanna og barnsins sem býr innra með okkur öllum. Og við fullorðna fólkið sem eigum það til að gleyma töfrunum sem búa í núinu getum eftir sem áður rifjað það upp í gegnum augu barnanna okkar – ef við gefum okkur tíma til þess.

Á jólunum höldum við hátíð ljóssins og fögnum því að sólin tekur að rísa hærra og hærra með hverjum degi úr hyldýpi myrkursins. Ljósið fæðist enn á ný og sigrar myrkrið. Eftir það tekur daginn að lengja hröðum og öruggum skrefum.

Um leið og fæðing Jesú er tákn fyrir þessa fæðingu ljóssins á nýju ári þá táknar hún líka fæðingu okkar eigin vitundar. Fæðingu ljóssins sem við geymum innra með okkur. Stundum nefnt Kristsvitund. Jógaiðkun hefur þann tilgang æðstan að vekja þessa meðvitund og kveikja þannig á ljósinu innra með okkur. Jóga þýðir sameining – samruni huga, líkama og sálar. Í gegnum jógaiðkun og hugleiðslu lærum við að upplifa óendanleikann innra með okkur sjálfum. Ef við leyfum huganum reglulega að upplifa óendanlegan sjóndeildarhring þá er

> Ljósið fæðist enn á ný og sigrar myrkrið. Eftir það tekur daginn að lengja hröðum og öruggum skrefum.

auðveldara að sjá stóru myndina í öllum samskiptum og lífið verður einfaldara.

Við búum flest við mikinn hraða og álag. Við slíkar aðstæður er nauðsynlegt að kunna að hlaða batteríin og rækta með sér leiðir til að styrkja allar hliðar þess að vera manneskja. Það er ekki nóg að stunda líkamsrækt og byggja upp vöðvamassa ef við erum síðan í ójafnvægi og eigum erfitt með að höndla daglegt líf.

Kundalini jóga er ævagamalt form af jóga sem hefur notið sívaxandi vinsælda um allan heim. Þetta jógaform er aðeins nýkynnt hér á landi en hefur nú þegar öðlast stóran aðdáendahóp. Kundalini jóga byggir á mjög markvissri tækni sem hjálpar okkur að standa sterk í gegnum álag og komast í snertingu við kyrrðina innra með okkur á fljótvirkan hátt.

Með því að iðka Kundalini jóga fáum við tæki til þess að koma jafnvægi á innkirtlastarfsemina, styrkja taugarnar, auka lungnaþol og hreinsa blóðið. Við lærum að öðlast jákvæða, sjálfseflandi hugsun og byggja með okkur innri styrk svo við getum náð árangri í lífinu hvort sem er í samskiptum eða verkefnum hversdagsins.

Ef við nýtum okkur þau verkfæri sem jóga getur fært okkur þá eigum við auðveldara með að tengja við það sem skiptir máli og njóta þess að vera með fjölskyldunni okkar hvort sem er um jól eða páska – eða á venjulegum mánudegi.

Þegar við skoðum jólin í þessu ljósi, þá verður það kannski skýrara fyrir okkur hvernig jólahátíðin getur dregið fram það besta í okkur. Kristur gaf okkur fyrirmynd til að lifa eftir – ekki til að við tilbæðum hann, heldur til að sýna okkur hvað við getum verið ef við gerum okkar besta.

Ef við kunnum leiðir til að tengja við þennan hluta okkur sjálf getum við glatt okkar nánustu og lýst upp okkar eigin meðvitund. Við getum kannski byrjað á að leggja aðeins minni áherslu á að gefa efnislegar gjafir og meiri áherslu á að vekja okkar innri mann. Við getum um jólin hugsað um að gefa gjafir eins og gagnkvæman skilning, fyrirgefningu og umburðarlyndi. Í stað þess að hlaupa milli búða gætum við þjappað saman orkunni okkar og leitað djúpt innra með okkur eftir innri friði og ljósi Kristsvitundar okkar. Það sem endurspeglast í þessum gjöfum er fullkomin gjöf til fjölskyldu, vina og samfélagsins. Þá komumst við kannski í snertingu við hina sönnu jólagleði.

Allt fínt fyrir jólin

Jólatré, útsölustaðir okkar eru í eftirfarandi verslunum:

Skútuvogur, Grafarholt, Selfoss, Hvolsvöllur
Akureyri, Dalvík, Egilsstaðir, Reyðarfjörður.

Til:
Íslenskra heimila
Jólagladningur frá Blómavali

Sérvalinn Normansþinur, íslenskt rauðgreniog íslensk stafafura. Aðeins eitt verð til jóla 4.990, allar stærðir, meðan birgðir endast.

ÖLL JÓLATRÉ 4.990

ALLAR STÆRÐIR EITT VERÐ

meðan birgðir endast

blómaval HÚSASMIÐJAN

Goðsögnin um blessun hagvaxtarins

Efnahagsmál
Þröstur Ólafsson
hagfræðingur

Við heyrum mikil ramakvein í samtökum atvinnulífs og verkalýðs, svo ekki sé minnst á Morgunblaðið, yfir hægum hagvexti í landinu. Hjól atvinnulífsins, eins og það heitir nú um stund, þurfi bæði að vera fleiri og snúast mun hraðar. Þeir sem ekki taka undir ákallið um hraðari hagvöxt, eru settir í skammarkrókinn og í þá er hreytt ónotum og hnjóðsyrðum. Ef mótmælt er lagningu háspennulínu eða byggingu vegar yfir skóglendi svo ekki sé talað um stórvirkjun með tilheyrandi stíflu, þá eru þeir sömu sagðir á móti hagvexti, haldi niðri atvinnu og hindri framfarir í landinu. Man nokkur lengur eftir meðferðinni á þeim fáu sem vöruðu við ofþenslu og hruni?

Hagvöxtur og framfarir

Er það svo, að hagvöxtur sé ennþá lykill framfara og hvað meina menn með framförum? Hugtakið framfarir var tekið í notkun á nítjándu öld og þýddi að hlutirnir gengu hraðar fyrir sig, hærra og eitthvað áfram. Á tuttugustu öldinni voru framfarir settar að jöfnu við meiri steinsteypu, stál og fleiri bíla. Velferð fyrir alla þýddi, meira af öllu slíku. Tuttugasta öldin er rík af pólitískum hugmyndakerfum sem komu og fóru, en kallið eftir framförum með hagvexti stóð óhaggað. Hinn afar mikli félagslegi og efnahagslegi árangur Vesturlanda sýndi að fyrir þessu var fótur. Aukinn hagvöxtur var svarið.

Svo vel grópaðist þetta inn í hugmyndaheim okkar að það breytti mælikvarðanum á velgengni þjóða. Frá því fyrir miðja síðustu öld hefur enginn annar mælikvarði en hækkun þjóðarframleiðslu verið notaður til að mæla efnahagsárangur. Er meiri stálnotkun, fleiri rúmmetrar af steypu og fleiri áldósir mælikvarði á árangur mannlegrar viðleitni til lífsfyllingar Hefur ótvíræður efnahagslegur árangurinn leitt okkur á villigötur og ruglað okkur í ríminu? Hækkun þjóðarframleiðslu getur aldrei verið takmark í sjálfu sér, ekki frekar en það, að tilgangur trúarbragða sé að lifa eftir einhverri trúarsetningu. Hér ruglum við saman tilgangi og meðali.

Hagvöxtur fyrir hverja?

Hugtakið þjóðarframleiðsla er í besta falli vafasamt til að mæla efnahagslegar framfarir, hvað þá framfarir sem slíkar. Á síðustu tveimur áratugum höfum fylgst með þjóðum sem sýnt hafa öflugan hagvöxt um árabil um leið og lífskjör almennings, svo ekki sé talað um þá lægst settu, hafa farið versnandi. Þetta hefur verið hagvöxtur fyrir hina fáu.

> Er meiri stálnotkun, fleiri rúmmetrar af steypu og fleiri áldósir mælikvarði á árangur mannlegrar viðleitni til lífsfyllingar? Hefur ótvíræður efnahagslegur árangurinn leitt okkur á villigötur og ruglað okkur í ríminu?

Bandaríkin eru gott dæmi um þetta, en alls ekki það eina. Forystumenn hagsmunasamtaka þar hrópa hávært eftir meiri hagvexti í nafni atvinnusköpunar. Og það sem verra er, þeir vilja að skattpeningar almennings verði notaðir til að knýja áfram hagvöxt fyrir þá fáu. Grikkland hafði öfundsverðar hagvaxtartölur um árabil. Það var hagvöxtur sem var reistur á erlendri lántöku til að halda uppi neyslustigi, sem landið gat sjálft ekki staðið undir.

Á áratug útrásarstríðsins var dæmafár hagvöxtur á Íslandi allur greiddur með ránsfeng. Alla þá fjármuni sem íslenska ríkisstjórnin setur nú í hagvaxtaraukandi framkvæmdir þarf að taka að láni, því ríkissjóður er enn rekinn með umtalsverðum halla. Þegar maður hlustar á málflutning hagsmunasamtakanna gæti maður haldið að nógir peningar liggi ónotaðir í ríkissjóði. Aukin skuldsetning mjög skuldugrar þjóðar vísar ekki veginn til „framfara“ heldur gerir illt verra. Minnkandi hagvexti þarf að mæta með meiri jöfnuði og minni neyslu.

Allt hefur sinn tíma

En við vorum að ræða mælikvarðann fyrir framfarir. Hvað með framfarir á sviði menningar, mannréttinda, réttinda kvenna, umbóta í umhverfismálum o.s.frv.? Eru þetta ekki framfarir? Auðvitað er aukning matvælaframleiðslu góð, þegar fólk er hungrað, en verður að sorpúrgangi, ef allir hafa nóg að borða. Það er margt mikilvægara í mannlegu lífi en heimta meira af efnalegum gæðum a.m.k. á flestum Vesturlöndum.

Þar þarf hins vegar að skipta gæðunum öðruvísi og hætta að skilgreina framfarir sem magn – meira af – heldur sem gæði – betra. Framleiðsla á bíl sem eyðir minna og mengar minna er framför. Hraðbraut á brú yfir Mývatn myndi eflaust stytta vegalengdir, og skaffa tímabundna atvinnu, en jafnframt eyða ró, spilla náttúrufegurð og skemma samfélag. Þessi framkvæmd myndi trauðla teljast til framfara, þótt hún yki hagvöxt. Þessar vangaveltur jafngilda ekki því að loka eigi öllum steypustöðvum og hætta að framleiða ál. Þær segja hins vegar að allt hafi sinn tíma. Sá skilningur sem við lögðum í hugtakið framfarir um miðja tuttugustu öld eru tímaskekkja nú. 21. öldin verður óhjákvæmilega öld efnalegrar nægjusemi, því flestir í okkar heimshluta hafa nóg af efnalegum gæðum. Þegar flestar auðlindir eru fullnýttar tekur mannvitið við, framleiðir af hugviti og deilir jafnar auðæfum og atvinnu.

Staða ábyrgðarmanna – sjálfskuldarábyrgðir og lánsveð

Fjármál
Árni Helgason
lögmaður

Þórir Skarphéðinsson
lögmaður

Þrátt fyrir að ýmislegt hafi áunnist í að leysa úr skuldavanda einstaklinga og heimila að undanförnu er ljóst að enn er mörgum málum ólokið og fjöldi nýrra mála er settur í lögfræðiinnheimtu á degi hverjum. Samtímis eru gjarnan hafnar innheimtuaðgerðir gagnvart ábyrgðarmönnum á viðkomandi láni, þ.e. þeim sem ýmist veittu sjálfskuldarábyrgð eða lánsveð í eign sinni til tryggingar láninu.

Greiðslumat skilyrði

Um slíkar skuldbindingar ábyrgðarmanna gilda þó ákveðnar reglur sem vert er að kynna sér vel. Í gildi eru lög um ábyrgðarmenn sem kveða á um að lánastofnun skuli vinna greiðslumat á skuldara og kynna fyrir ábyrgðarmanni áður en ábyrgðarmaðurinn skrifar undir. Vanræki lánveitandi að sinna þessum skyldum þýðir það að ábyrgðin eða lánsveðið er að öllum líkindum ólögmætt.

Lögin tóku gildi vorið 2009 en fram að þeim tíma og allt aftur til ársins 1998 var í gildi samkomulag um sambærilegar verklagsreglur við gerð ábyrgða og veðleyfa. Hið sama átti við þar, þ.e. lánastofnunum bar að vinna greiðslumat af skuldara og kynna ábyrgðarmanni með þeirri undantekningu að ef lánsfjárhæðin var ein milljón króna eða minna gat ábyrgðarmaðurinn skriflega undanþegið sig þeim rétti að vera kynnt greiðslumat skuldara.

Ábyrgðir felldar úr gildi

Ef lánveitandinn vanrækti að sinna skyldum sínum samkvæmt samkomulaginu er ábyrgðin eða lánsveðið ólögmætt. Þetta hefur margoft komið fram í dómum og ákvörðunum úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki, sem hefur mál sem þessi til umfjöllunar. Það ber þó að hafa í huga að lífeyrissjóðir landsins voru ekki aðilar að samkomulaginu og það tók eingöngu til ábyrgða sem einstaklingar gengu í fyrir einstaklinga. Þar af leiðandi falla t.d. ábyrgðir á rekstri einkahlutafélaga utan við samkomulagið. Lögin um ábyrgðarmenn gera hins vegar ekki slíka undanþágu, þau taka almennt til ábyrgða sem einstaklingar takast á hendur og undanskilja ekki tilteknar lánastofnanir eða ákveðnar tegundir ábyrgða.

Sækja verður réttinn

Fjölmörg dæmi eru um að lánastofnanir hafi ekki fylgt ofangreindum reglum og að ábyrgðir hafi verið felldar úr gildi í kjölfarið. Þeir sem hafa gengist í ábyrgð fyrir skuld geta og eiga að kanna stöðu sína að þessu leyti. Hver og einn verður að sækja þennan rétt fyrir sig, þar sem lánveitendur skoða þetta ekki að eigin frumkvæði. Þá er þetta ekki eitt af þeim atriðum sem dómarar kanna af sjálfsdáðum ef málum sem varða ábyrgð er stefnt inn. Það getur því margborgað sig fyrir ábyrgðarmenn að skoða stöðu sína og kanna lögmæti ábyrgða.

Barna- og unglingabækur

Kýrin sem kunni ekki að baula
- og kettlingurinn sem vildi ekki mjálma

FJÖRUGT ÍMYNDUNARAFL
- Á FJÓRUM TUNGUMÁLUM

Litla ljúfa SKRÍMSLA

NÝJAR BÆKUR
eftir Huginn Þór Grétarsson

Undanfarin ár hefur Huginn Þór skrifað vinsæl ævintýri á borð við Nammigrísinn, Kanínan sem fékk ALDREI nóg, Lagarfljótsorminn, Litaleikinn, Og þau lifðu hamingjusöm allt til æviloka... eða hvað og svo mætti lengi telja. Ævintýrin eru í senn skemmtileg og þroskandi fyrir börn.



Mögnuð unglingabók!
Allur aldur upp frá 10 ára...

Fáein eintök eftir í verslunum...
Vönduð og eiguleg jólagjöf

www.odinsauga.com

Óðinsauga

Ójöfnuður og afskipti ríkisvaldsins

Samfélagsmál

Jón Gunnar Bernburg
prófessor í félagsfræði við HÍ

Sigrún Ólafsdóttir
lektor í félagsfræði við Boston-háskóla

Umræða um ójöfnuð lífskjara meðal almennings skýtur reglulega upp kollinum hérlendis, enda er þetta málefni mikilvægt viðfangsefni stjórnmála og vinnumarkaðar. Stefnumörkun á þessum sviðum, til að mynda í skatta- og velferðarmálum, hefur veruleg áhrif á dreifingu lífskjara í þjóðfélaginu. Í þessari grein kynnum við niðurstöður úr nýlegri könnun sem gefur vísbendingu um hve mikinn ójöfnuð Íslendingar vilja og hvaða hlutverk þeir telja að ríkisvaldið eigi að hafa í að sporna við ójöfnuði í þjóðfélaginu.

Hugmyndir almennings um ójöfnuð

Skiptar skoðanir um ójöfnuð, ekki síst lífseig átök um stefnu ríkisvaldsins í velferðar- og skattamálum, endurspegla ákveðna togstreitu í hugmyndaheimi nútíma velferðaríkja. Annars vegar er um að ræða hugmyndir sem leggja áherslu á að ójöfnuður sé æskilegur vegna þess að hann hvetji duglegustu og efnilegustu einstaklingana til dáða og leiði þannig til framfara fyrir þjóðfélagið. Enn fremur sé ójöfnuður réttlátur svo framarlega sem hann byggist á jöfnum tækifærum.

Hins vegar eru það hugmyndir sem leggja áherslu á að of mikill ójöfnuður sé slæmur vegna þess að hann grafi undan félagslegum réttindum þeirra lágt settu sem þurfa að búa við lífskjör langt undir þeim lífskjörum sem teljast eðlileg í þjóðfélaginu. Einnig leiði mikill ójöfnuður til félagslegrar sundrungar með tilheyrandi vandamálum á borð við útbreitt vantraust og háa tíðni afbrota og félagslegra vandamála. Að lokum sé ójöfnuður óréttlátur vegna þess að tækifæri fólks til að klífa þjóðfélagsstigann séu í reynd ójöfn, til að mynda vegna ólíkra uppeldisskilyrða eða mismununar vegna kynferðis.

Oft er deilt um ágæti þessara sjónarmiða í opinberri umræðu en lítið hefur verið fjallað um hvernig togstreitan á milli þeirra endurspeglast í hugmyndum almennings á Íslandi um ójöfnuð og velferðarmál. Á undanförnum tveimur áratugum hafa kannanir ítrekað leitt í ljós að níu af hverjum tíu Íslendingum telja að tekjuójöfnuður í þjóðfélaginu sé of mikill. En þar með er ekki sagt að almenningur vilji fullkominn jöfnuð.

Erlendar rannsóknir benda til þess að meirihluti almennings í vestrænum samfélögum vilji hvetja fólk til dáða með því að launa betur störf sem krefjast meiri menntunar eða færni. En þær sýna jafnframt að almenningur hefur ákveðin þolmörk fyrir því hve mikill tekjumunurinn má vera. Þau þolmörk virðast vera afar mismunandi milli landa.

Hve mikinn tekjuójöfnuð vilja Íslendingar?

Á tímabilinu nóvember 2009 til júlí 2010 framkvæmdum við spurningakönnun á líkindaúrtaki 948 fullorðinna Íslendinga. Eitt af viðfangsefnum rannsóknarinnar var að skoða viðhorf íslensks almennings til tekjuskiptingar. Svarendur voru beðnir um að segja hvað þeir teldu vera æskilegar tekjur fimm starfa, þ.e. þriggja „hátt settra“ starfa (forstjóra í stórfyrirtæki, ráðherra og heimilislæknis) og tveggja „lágt settra“ starfa (ófaglærðs verkamanns í verksmiðju og almenns starfsmanns í verslun). Þessar upplýsingar gefa ákveðna vísbendingu um hve mikinn tekjuójöfnuð svarendur vilja.

Taflan sýnir viðhorf svarenda til þess hver sé æskilegur hlutfallslegur munur á tekjum hátt settu starfanna og þeirra lágt settu. Fram kemur samstaða um það viðhorf að hátt sett störf eigi vissulega að fá hærri tekjur en lágt sett störf, en jafnframt kemur í ljós samstaða um það að tekjumunurinn eigi ekki að fara yfir ákveðin mörk. Stór meirihluti svarenda (75%) vill að hátt settu störfin hafi milli 50 til 249% hærri tekjur en lágt settu störfin. Lítill hluti svarenda (8%) vill að tekjumunurinn sé 350% eða meiri.

HVE MIKINN TEKJUÓJÖFNUÐ VILJA ÍSLENDINGAR?

„Hátt sett“ störf eiga að fá...% svarenda	
0 til 49% hærri tekjur	5
50 til 149% hærri tekjur	43
150 til 249% hærri tekjur	32
250 til 349% hærri tekjur	12
350% hærri tekjur eða meira	8

Svarendur voru jafnframt beðnir um að meta hvaða tekjur þessi störf hefðu í raun og veru (ekki sýnt í töflu). Flestir svarendur (77%) telja að tekjumunurinn sé meiri en 249%. Flestir Íslendingar vilja með öðrum orðum minni tekjuójöfnuð en þeir telja að sé raunin.

Á ríkisvaldið að sporna við lífskjaraójöfnuði?

TILBOÐ 19.990

Nikon

TASKA OG 2GB KORT FYLGJA!

Nikon S3100
14 milljón punkta uppl. með 2,7" LCD skjá, NIKKOR linsu, 4x skerpu, EXPEED myndvinnslu, 5x Optical og 7x Digital Zoom, hreyfiskynjun, AF-eltifókus, VR titringsjöfnun, ISO-3200, hreyfimyndatöku, 45MB minni, kortarauf, USB, ísl. leiðarvísi ofl.

VERÐ 22.990

Höggheld - Frostheld - Vatnsheld

OLYMPUS

Olympus TG310
Högg- frost- og vatnsheld myndavél með 14 milljón punkta upplausn, 1/2.33 CCD myndflögu, 2.7 tommu LCD skjá, 3.6x Optical og 4x Digital zoom, DIS hristivörn, HD hreyfimyndatöku, 5.0 - 18.2 mm linsu, hleðslurafhlöðu, SD/SDHC kortarauf ofl.

VERÐ 33.990

ALLT ÚRVALIÐ OKKAR MÁ SKOÐA Á WWW.SM.IS
YFIR 1000 SPENNANDI HARÐIR PAKKAR

NAVIGON And the world is yours

GPS MEÐ ÍSLANDSKORTI

NAVIGON 40EASY
Tvö í einu GPS leiðsögutæki með 4.5" snertiskjá. Með Íslands-, Norðurlanda- og Evrópukorti (43 lönd). 2GB Flash / 64 MB RAM minni ofl.

VERÐ 22.990

Panasonic

Panasonic SCBTT262
520w heimabíókerfi með 3D Blu-ray Disc spilara, 2 hátölurum og bassaboxi, 7.1 Virtual Cinema Surround Sound, 2D-3D conversion (breytir 2D í 3D), High Definition 1080p, P4HD, DTS-HD, Dolby TrueHD, innbyggð iPod/iPhone, SD/SDHC/SDXC kortalesari, VIERA Link, FM útvarp með 30 stöðvaminni, Optical, HDMI, USB tengi ofl. 1 BlueRay mynd fylgir.

VERÐ 79.990

2.1 Blu-ray heimabíó með iPod vöggu

22" Einnig til með DVD spilara á 54.990

FINLUX

Finlux 22FLX850UD
22" HD LCD sjónvarp með 1366x768p upplausn, stafrænum DVB-T móttakara og er 12/220v. Fjöldi tengimöguleika m.a. Scart, HDMI, USB margmiðlunartengi, Digital Coax, Heyrnartólstengi og CI rauf fyrir afruglarakort.

VERÐ 49.990

32" FULL HD USB 2xHDMI

Philips 32PFL3606H
32" LCD sjónvarp með Digital Crystal Clear og 1920x1080p upplausn.100 Hz Perfect Motion Rate. 100.000:1 í dýnamískri skerpa. Active Control með ljósskynjari. Stafrænn HDTV DVB-T móttakari. 2x HDMI, USB, VGA og Scart tengi.

VERÐ 84.990

42" Vreal LIVE ENGINE 600Hz FULL HD 1920x1080p VIERA CONNECT NETTENGING

Panasonic TXP42S30Y
42" Full HD Plasma sjónvarp með 1920x1080p upplausn, 600Hz Sub Field Drive, Intelligent Frame Creation Pro, Vreal Live Engine, 2.000.000:1 skerpu, háskerpu HDTV DVB-T/T2 stafrænum móttakara, 24p Playback, x.v Colour, 3x HDMI, SD kortalesara, Wi-fi ready ofl.

VERÐ 149.990

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

Sjónvarpsmiðstöðin 40 ára

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

JÓLADJASS Í GERÐUBERGI Valdimar Guðmundsson söngvari, Leifur Gunnarsson kontrabassaleikari og Kristján Tryggvi Martinsson pínóleikari halda Jóldjasstónleika í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi klukkan 20 í kvöld. Valdimar er söngvari samnefndrar hljómsveitar og var tilnefndur til íslensku tónlistarverðlaunanna á dögunum í flokknum besti söngvarinn. Kristján nemur píanóleik í Amsterdam og Leifur kontrabassaleik í Kaupmannahöfn. Aðgangseyrir er 1.500 krónur en á kaffihúsinu verður boðið upp á súkkulaði og kaffi ásamt rjómapönnukökum.

Tónlist ★★★★

K03CD28. Verk eftir Kjartan Ólafsson.

Kjartan ÓLafsson

Erkitónlist

Stílhreint, rökrétt, glæsilegt

Kjartan Ólafsson er prófessor í tónsmíðum við Listaháskóla Íslands. Eftir hann liggur fjöldi tónsmíða, sum elektrónísk, önnur ekki. Nú er kominn út þrefaldur geisladiskur með verkum hans sem spanna hátt í þrjátíu ár. Á einum diskinum eru kammerverk, á öðrum raftónsmíðar, á þeim þriðja leikhústónlist.

Það er auðheyrt að Kjartan er flínkur. Kammerverkin hans eru mörg afbragðsgóð, fallega samansett og spennandi. Og rafverkin eru oft mögnuð. Ég man að ég heillaðist af Hljómkeldu, sem ég heyrði á tónleikum um miðjan níunda áratuginn, og aftur fyrst nú. Hún hefur elst vel.

Verk Kjartans eru kannski ekki alltaf aðgengileg, og sjálfsagt finnst mörgum þau framúrstefnuleg. Auðvitað spilar smekkur þar líka inn í. En það er ekki hægt að neita því að tónlistin er glæsileg, framvindan er fókuseruð og oft óvænt, en rökrétt – svona eftir á að hyggja. Þetta er stílhrein músík, og skrifuð af fagmennsku.

Leikhústónlist Kjartans er sérkapítuli út af fyrir sig. Ég verð að viðurkenna að ég fer lítið í leikhús, og margar þessara tónsmíða er ég að heyra í fyrsta sinn. Þær eru lagrænar og grípandi, og virka sjálfsagt fullkomlega í því umhverfi sem þær eru hugsaðar. Tónlistin við Pétur Pan er t.d. óborganleg!

Í það heila er þetta metnaðarfullur þverskurður á verkum Kjartans.

Jónas Sen

Niðurstaða: Glæsileg tónlist sem lætur vel í eyrum, þrátt fyrir framandi yfirbragð.

SÖLVI BJÖRN SIGURÐSSON Sendi á dögunum frá sér skáldsöguna Gestakomur í Sauðlauksdal meðan skáldsagan Síðustu dagar móður minnar gerir það víðreist í Danmörku og Bandaríkjunum.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Nýja Ísland í Sauðlauksdal

Sölvi Björn Sigurðsson hefur fengið mikið lof fyrir nýjustu skáldsögu sína, Gestakomur í Sauðlauksdal. Þá kom skáldsaga hans, Síðustu dagar móður minnar, út í Danmörku á dögunum og er væntanleg á Bandaríkjamarkað innan skamms.

Sölvi Björn Sigurðsson hefur dvalið í gömlum málheimum undanfarin misseri; eftir að hafa þýtt Ofviðri Shakespeares fyrir Borgarleikhúsið í fyrra lá leiðin inn í 18. öldina, þar sem hann skrifaði skáldsöguna Gestakomur í Sauðlauksdal, sem fjallar um Björn Halldórsson, frumkvöðul í jarðyrkju og einn helsta talsmanns Upplýsingastefnunnar hér á landi. Sölvi segir þó engan beinan þráð hafa verið milli þessara verka.

„Björn tók við svo að segja í beinu framhaldi af Óveðrinu en ég held að það hafi í sjálfu sér ekki verið hvatinn að baki því, heldur frekar áhugi minn á að takast á við ólíkar gerðir texta," segir Sölvi Björn.

Hann kveðst ekki hafa þekkt til verka Björns svo heitið geti.

„Ég hafði alltaf vitað af þessum karakter en kynnti mér hann ekkert að ráði fyrr en ég fór að grúska í átjándu öldinni og sökkti mér í þessi rit hans. Ég hafði mikið yndi af þeim lestri og kjölfarið fór þessi saga að myndast í kollinum á mér."

Gestakomur í Sauðlauksdal er skrifuð í orðastað Björns, sem kemur blindur í heimahagana á gamals aldri og skrifar bréf til mágs síns heitins, Eggerts Ólafssonar, og greinir honum frá matarboði sem hann ætlar að efna til. Þótt bókin byggi á sögulegum fyrirmyndum er atburðarásin skáldskapur. Sölvi segir að sér þyki sögulegur skáldskapur ríkari ef hann kallast að einhverju leyti á við þann samtíma sem hann er skrifaður í. Sú er raunin í Gestakomum í Sauðlauksdal.

„Það blés ekki byrlega fyrir Íslendingum á þessum tíma," segir hann. „Þessi bók fjallar um það hvernig tekist er á við erfiðar aðstæður og menn leita leiða til að feta inn í framtíðina. Það má segja að Björn og Eggert hafi verið að leita að Nýja Íslandi síns tíma, hvernig mætti koma Íslendingum út úr moldarkofunum, og þeir höfðu ansi stórar og miklar hugmyndir um það."

Síðasta skáldsaga Sölva Björns var Síðustu dagar móður minnar, sem kom út 2009. Hún kom út í Danmörku í byrjun nóvember og er væntanleg á Bandaríkjamarkað innan skamms á vegum forlagsins Open Letter. Það sætir tíðindum þegar íslensk verk koma út í enskumælandi löndum, þar sem hlutfallslega mun færri þýðingar koma út í Bandaríkjunum og Bretlandi en öðrum meginlandsþjóðum á borð við Þýskaland og Frakkland.

„Ég var líklega bara heppinn," segir Sölvi. „Ég sendi sýnishorn á tvö forlög og fékk tilboð frá báðum."

Open Letter er lítið en virt forlag á vegum Rochester-háskóla í Bandaríkjunum; eitt fárra forlaga þar í landi sem helgar sig útgáfu þýddra samtímabókmennta og gefur út um tíu titla á ári. Sölvi býst við að Síðustu dagar móður minnar komi út í nokkur þúsund eintökum í Bandaríkjunum. Open Letter hefur áður gefið út verk eftir Braga Ólafsson, sem Sölvi segir hafa ekki legið á liði sínu. „Hann var mér innan handar í samskiptum við forlagið og reyndist mér vel í öllu þessu ferli."

bergsteinn@frettabladid.is

ÚR STEYPU Ásmundur Ásmundsson er í hópi sjö listamanna sem fjallað er um í heimildarmyndinni Steypu.

Steypa á DVD

Steypa, heimildarmynd um íslenska samtímalist eftir Ragnheiði Gestsdóttur og Markús Þór Andrésson, er komin út á mynddiski.

Myndin var tekin á árunum 2003 til 2006 en var frumsýnd 2007. Í henni er fylgst með sjö ungum myndlistarmönnum þar sem þeir vinna að ólíkum verkefnum víða um heim og ræða meðal annars efnisnotkun, innihald, áhrifavalda og bakgrunn.

Myndin er með enskum og þýskum texta og á diskinum er einnig að finna áður óbirt aukaefni sem og frumsamda tónlist eftir Ólaf Björn Ólafsson. Framleiðslu- og útgáfufyrirtækin Lófi og Útúrdúr standa að útgáfunni, en Útúrdúr hyggst gefa út nokkra kvikmyndatitla á næstunni.



ORPHIC OXTRA.

Kebab Diskó á Faktorý

Lúðraþytsbandið Orphic Oxtra heldur stórtónleika á Faktorý við Smiðjustíg á miðvikudagskvöld, í tilefni af útgáfu nýjustu breiðskífu sinnar, Kebab Diskó, sem kom út hjá Record Records í október.

Orphic Oxtra leikur „óhreinræktaða skringi-balkan-tónlist" og mun byrja að þeyta lúðra í hliðarsal Faktorý á slaginu 23. Sveitin lofar mannmergð á sviðinu, mjög náinni dansstund, svita og jafnvel tárum. Aðgangur er ókeypis.

Kertaljósatónleikarnir hafnir

Hin árlega kertaljósatónleikaröð Kammerhópsins Camerarctica hófst í gær.

Hópurinn hefur leikið ljúfa tónlist eftir Mozart við kertaljós í kirkjum landsins í átján ár.

Í ár verða leiknar tvær af perlum Mozarts, óbókvartettinn og flautukvartett í D-dúr. Einnig verður leikinn kvintett eftir J.C.Bach fyrir flautu, óbó og strengi. Að venju rekur Camerarctica smiðshöggið á tónleikana með því að leika jólasálminn „Í dag er glatt í döprum hjörtum" úr Töfraflautunni eftir Mozart.

Fyrstu kertaljósatónleikarnir voru í Hafnarfjarðarkirkju í gærkvöldi; þeir næstu verða í Kópavogskirkju í kvöld, þeir þriðju í Garðakirkju á miðvikudagskvöld en fjórðu og síðustu tónleikarnir verða í Dómkirkjunni í Reykjavík á fimmtudagskvöld.

Tónleikarnir eru klukkustundarlangir og hefjast þeir allir klukkan 21. Almennur aðgangseyrir er 2.500 krónur en 1.500 krónur fyrir nemendur og eldri borgara. Frítt er inn fyrir börn. Miðasala er við innganginn.

CAMMERARCTICA Heldur kertaljósatónleika í Kópavogskirkju í kvöld, Garðakirkju á miðvikudagskvöld og í Dómkirkjunni í Reykjavík á fimmtudag.

Camerarcticu skipa að þessu sinni þau Hallfríður Ólafsdóttir flautuleikari, Hildigunnur Halldórsdóttir fiðluleikari, Guðrún Þórarinsdóttir víóluleikari og Sigurður Halldórsson sellóleikari en gestur á tónleikunum er Daði Kolbeinsson óbóleikari.

TÍMALAUS

HÖNNUN FYRIR FYRIRTÆKIÐ OG HEIMILIÐ

ENNEMM / SÍA / NM49081

Magni staflastóll
Hönnuður: Valdimar Harðarson
Margir litir.

10% afsláttur
af öllum vörum frá **Vitra** til jóla

Plastic Chair Group
Hönnuðir: Ray og Charles Eames (1950)

Wooden Dolls
Hönnuður: Alexander Girard (1963)

Sunburst klukka
Hönnuður: George Nelson (1949)

Fansa skrifstofuhúsgögn
Hönnuður: Valdimar Harðarson
Fjölbreytt úrval.

Mirra skrifborðsstóll
Frá Herman Miller
Margar gerðir.



Penninn hefur opnað nýja húsgagnaverslun
með glæsilegum sýningarsal í Skeifunni.

Penninn
Með þér í vinnunni

Húsgagnaverslun Pennans | Grensásvegur 11 - Gengið inn frá Skeifunni | www.penninn.is | sími 540 2000

TRÍÓ LJÓMUR Sophie Schoonjans hörpuleikari, Gerður Bolladóttir sópran og Victoria Tarevskaia sellóleikari.

Tríó Ljómur leikur í Laugarneskirkju

Tríóið Ljómur heldur jólatónleika í Laugarneskirkju annað kvöld klukkan átta. Söngdagskráin er í alþjóðlegum jólaanda þar sem rödd og strengir fá sín notið að fullu. Hún inniheldur íslensk jólalög samhliða lögum frá Þýskalandi, Wales, Ameríku og Svíþjóð.

Tríóið dregur nafn sitt af fræga trúarljóði Jóns Arasonar Hólabiskups er kallast Ljómur sem er önnur útgáfa orðsins Hljómur.

Það er skipað af þeim Gerði Bolladóttur sópran, Sophie Schoonjans hörpu og Victoriu Tarevskaia selló. Þær stöllur hafa starfað saman og hver í sínu lagi um langt skeið og flutt íslensk þjóðlög, Suðurríkjasálma og ýmis klassísk erlend lög.

En annað kvöld verða jólalögin í hávegum höfð sem fyrr sagði. Frjáls framlög verða við inngangginn.

Nöfnin eru ekkert Baggalútsbull

Baggalútur hefur gefið út 2. hefti Vísdómsrita sinna, sem fjallar um jólasveinana sem komust ekki í úrslit hjá Jóhannesi úr Kötlum.

„Margir halda að misgáfuleg nöfnin á þessum jólasveinum séu bara bull í okkur. En þetta eru nöfn úr gömlum þulum, margir eru jólasveinar sem komust ekki í úrslit hjá Jóhannesi úr Kötlum," segir Baggalúturinn Bragi Valdimar Skúlason um 2. hefti Vísdómsrita Baggalúts, Týndu jólasveinarnir. „Við ætluðum að gefa út ristastórt afmælisrit í tilefni tíu ára afmælis Baggalúts, en nenntum því ekki og ákváðum þess í stað að gefa út ritröð. Lesendur geta átt von á fréttahefti, söngbók og ýmsu fleira."

Sögurnar og vísurnar um þessa lítt þekktu jólasveina voru flestar samdar árið 2003 fyrir jóladagatal Baggalúts á vefnum. „Við dustuðum rykið af þeim, löguðum bragfræðina og fengum Bobby Breiðholt til að myndskreyta. Bobby er svo frábær að við erum að hugsa um að ættleiða hann," segir Bragi Valdimar.

Í bókinni gefur að líta meðal annarra blökkujólasveininn Svartaljót, Sleddu, sem er femínistajólasveinn og kommúnistajólasveininn Rauð, sem kom til byggða í gær. „Í textanum um Rauð er einmitt útskýrt að hann hafi átt í nánum bréfaskriftum við einn kunnasta jólasvein Asíu, Kim Jong Il, sem geispaði einmitt golunni um helgina."

kjartan@frettabladid.is



TÝNDIR SVEINAR Baggalútur er einn hinna minna þekktu jólasveina í bók **Braga Valdimars** og félaga.

RAUÐUR Rauður segir jólin rusl og raunar einskis nýt. Einkanlega espast hann ef þau reynast hvít. Hann sýpur ekki sykurvatn né sjónvarp augum ber; baðað blóði öreigans af Bandaríkjaher.

MYND/BOBBY BREIÐHOLT

2012 EDDAN

EDDUVERÐLAUNIN

Frestur til innsendinga kvikmyndaverka til Edduverðlaunanna **rennur út 9. janúar 2012, kl. 17:00**. Gjaldgeng eru kvikmyndaverk sem frumsýnd eru á tímabilinu 1. janúar 2011 til 31. desember 2011.

Verðlaunin verða afhent 18. febrúar 2012 í Gamla bíói. Tilkynnt verður um tilnefningar 3. febrúar 2011.

Hverju innsendu verki skal fylgja útfyllt eyðublað sem er að finna á vefnum **www.eddan.is** þar sem jafnframt má finna innsendingarreglur og aðrar upplýsingar.

Innsendingarblöðum skal skilað til **Kvikmyndamiðstöðvar Íslands að Hvefisgötu 54, info@kvikmyndamidstod.is** í Reykjavík ásamt kvittun fyrir greiðslu innsendingargjalds.

Innsending verka fer fram með rafrænum hætti og aðgangsheimildir verða sendar út eftir innsendingu gagna.

Allar nánari upplýsingar um innsendingarform verka og reglur er að finna á **www.eddan.is**

AKADEMÍUMEÐLIMIR

Ákveðið hefur verið að taka upp árgjöld fyrir aðild að Íslensku kvikmynda- og sjónvarpsakademíunni. Árgjaldið 2012 verður kr. 2.000 og þeir sem hyggjast nýta kosningarétt sinn til Edduverðlaunanna 2012 þurfa að hafa staðið skil á árgjaldinu fyrir 1. febrúar 2012.

Akademíumeðlimir eru beðnir um að senda upplýsingar með réttu heimilisfangi og kennitölu á eddan@eddan.is

Nýjar aðildarumsóknir sem berast eftir 1. febrúar 2012 verða ekki afgreiddar fyrr en eftir 1. mars 2012.

ÍSLENSKA KVIKMYNDA- & SJÓNVARPSAKADEMÍAN

Áhugaverð saga flóttakvenna

Bækur ★★★

Ríkisfang: Ekkert

Sigríður Víðis Jónsdóttir

Mál og menning



Bókin Ríkisfang: Ekkert eftir Sigríði Víðis Jónsdóttur telst til tíðinda hér á landi, en ekki hefur áður verið gerð jafn metnaðarfull tilraun til að gera grein fyrir sögu flóttamanna sem hingað hafa ratað.

Í bókinni er rakin saga átta kvenna sem komu til Íslands með börnum sínum haustið 2008. Konurnar áttu það sameiginlegt að vera ríkisfangslausir Palestínumenn, afkomendur flóttamanna sem hrakist höfðu frá Palestínu við stofnun Ísraelsríkis. Eftir að stríðið hófst í Írak, þar sem Palestínumenn höfðu notið ákveðinna fríðinda í stjórnartíð Saddams Hussein, versnaði staða þeirra og konurnar neyddust eins og fjölmargir aðrir Palestínumenn búsettir í Írak til þess að flýja í Al Waaled-flóttamannabúðirnar. Þar bjuggu þær þegar íslensk stjórnvöld afréðu að bjóða hópi einstæðra mæðra að setjast að hér á landi en flestar höfðu konurnar misst mann sinn í umróti stríðsins.

Höfundur bókarinnar hefur frásögn sína einmitt í Al Waaled-búðunum. Þaðan liggur leiðin til Bagdad og söguhetjurnar eru kynntar til leiks. Aðaláherslan er á sögur þeirra Línu Mazar og Aydu Abdullah. Lífshlaup þeirra er rakið, fjölskylduaðstæðum lýst, greint frá brúðkaupum og barneignum. Frásögnin er ekki í tímaröð, í upphafi bókarinnar hefur Íraksstríðið staðið í þrjú ár, en svo er flakkað fram og aftur í tímann, allt til Palestínu árið 1947.

Inn í frásögnina af konunum og fjölskyldum þeirra fléttast heimssagan. Dregin er upp mynd af því hvernig valdatafl stjórnmálamanna hefur hrikaleg áhrif á líf kvennanna sem lentu í flóttamannabúðum vegna Íraksstríðsins og sátu þar ríkisfangslausar vegna eftirmála stofnunar Ísraelsríkis.

Það er gott framtak hjá Sigríði að skrá sögu kvennanna og skynsamlegt að hafa sögu tveggja kvenna af átta í forgrunni. Þannig öðlast saga Línu og Aydu meiri dýpt og lesendur tengjast þeim betur. Á köflum er þó eins og höfundur reyni að koma of miklu að. Fyrir vikið verður frásögn bókarinnar nokkuð losaraleg, víða hefði mátt stytta hana og skerpa.

Uppsetning bókarinnar er ágæt, fleiri myndir hefðu gætt hana meira lífi, en væntanlega hefur ekki verið úr miklu að moða. Korti sem sýnir helstu sögustaði er komið fyrir á innanverðri bókakápu en gjarnan hefði mátt draga upp kort af flóttamannabúðunum til að lesandi gæti áttað sig betur á skipan mála þar.

Sigríður er reyndur blaðamaður og frásagnarháttur bókarinnar ber þess vitni. Best tekst henni upp þegar hún lýsir lífi kvennanna í flóttamannabúðunum, í Bagdad og ekki síst á Akranesi og notar til þess einfaldan og skýran stíl. Stundum segir Sigríður hins vegar söguna frá sínum sjónarhóli og verður þá stíllinn gjarnan tilfinningahlaðinn, sem tekst ekki alltaf vel upp.

Ríkisfang: Ekkert er ekki hnökralaus bók en á heildina litið er hún góð og þarft innlegg í umræðu um flóttafólk á Íslandi og hlutskipti þess.

Sigríður Björg Tómasdóttir

Niðurstaða: Áhugaverð saga kvenna sem hafa lifað tímana tvenna.

SIGRÍÐUR VÍÐIS JÓNSDÓTTIR Ríkisfang: Ekkert er metnaðarfyllsta tilraun til að gera grein fyrir hlutskipti flóttamanna sem ratað hafa til Íslands, segir í ritdómnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

★★★★

„... STEFÁN MÁNI EINFALDLEGA UPP Á SITT BESTA.“

KRISTJÓN K. GUÐJÓNSSON / PRESSAN.IS

„STEFÁN MÁNI VERÐUR Æ BETRI STÍLISTI MEÐ HVERRI BÓK ... RÖFF, TÖFF OG SPENNANDI SAGA.“

ÞÓRUNN HREFNA SIGURJÓNSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

„... KRAFTUR, ÞUNGUR TAKTUR, ÖFLUGUR SLÁTTUR ... LESANDI HÁLFPARTINN DÁLEIÐIST Á STUNDUM OG HJARTAÐ BYRJAR AÐ HAMAST.“

ÚLFHILDUR DAGSDÓTTIR / BOKMENNTIR.IS

„... ÞEGAR [STEFÁN MÁNI] KEMST Á SKRIÐ HALDA HONUM ENGIN BÖND!“

KARL BLÖNDAL / MORGUNBLAÐIÐ

STEFÁN MÁNI

JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

Besti barinn: Óskar Axel Óskarsson

Góð stemning á Hvítu perlunni

„Ég fer mjög lítið á einhvern ákveðinn bar. Þetta fer oftast eftir því hvað við strákarnir erum að gera. Stundum kíkjum við á Hvítu perluna, það er mjög góð stemning þar," segir rapparinn Óskar Axel Óskarsson. „Systir mín var að opna veitingastað niðri í bæ, Grillmarkaðinn. Ég er stundum þar líka og á Uno."


Íslensk hönnun
Íslenskt handverk

Metal design
Stefán Bogi gullsmiður
Metal design • Skólavörðustígur 2 • sími 552 5445

Súrefni snýr aftur á X-mas

Hljómsveitin Súrefni snýr aftur eftir tíu ára hlé og spilar á jólatónleikunum X-mas í Kaplakrika.

Súrefni stígur á svið í fyrsta sinn í tíu ár á jólatónleikunum X-mas í Kaplakrika í kvöld. Tónleikarnir eru haldnir í minningu útvarps- og athafnamannsins Hermanns Fannars Valgarðssonar, sem lést langt fyrir aldur fram í nóvember.

„Það lá alltaf beinast við að við myndum spila á tónleikunum. Hemmi starfaði mikið með okkur þegar hljómsveitin var að byrja. Hann var mikið í kringum bandið og það kom eiginlega ekkert annað til greina en að við myndum hóa saman í mannskapinn í þrjú lög," segir Páll Arnar Sveinbjörnsson úr Súrefni.

> Hemmi starfaði mikið með okkur þegar hljómsveitin var að byrja.
>
> **PÁLL ARNAR SVEINBJÖRNSSON**
> TÓNLISTARMAÐUR

Hann er upphaflegur meðlimur hljómsveitarinnar ásamt Þresti Elvari Óskarssyni. Síðar meir bættust í hópinn þeir Arnar Þór Gíslason trommari og Tómas Tómasson, gítarleikari úr Rokkabillíbandi Reykjavíkur, og ætla þeir fjórir að spila saman í kvöld. „Við erum búnir að taka tvær mjög góðar æfingar og menn hafa engu gleymt. Það verður hrikalega gaman að spila."

Páll Arnar er einn af þeim sem standa að X-Mas-tónleikunum í ár. „Það var mjög auðvelt að fá hljómsveitirnar og alla sem koma að þessu til að taka þátt. Þetta er búið að vera ótrúlegt verkefni og velvildin og stemningin hefur verið frábær."

Tónleikarnir hefjast klukkan 18 og miðaverð er 2.000 krónur.

AFTUR Á SVIÐ Hljómsveitin Súrefni á árum áður. Hún snýr aftur á jólatónleikana X-mas í Kaplakrika í kvöld. Páll Arnar Sveinbjörnsson er til vinstri og Þröstur Elvar Óskarsson er til hægri.
MYND/BRYNJAR GAUTI

Auk Súrefnis koma fram Mugison, Dikta, Of Monsters and Men, Hjálmar, Lay Low, Retro Stefson, Pollapönk, Ensími og fleiri.

freyr@frettabladid.is

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Þriðjudagur 20. desember

Tónleikar

20.30 Hjaltalín og **Lay Low** spila í Edrúhöllinni, Efstaleiti 7. Kaffi og kökur í boði í massavís. Aðgangseyrir kr. 500.

20.30 Kór Fella- og Hólakirkju heldur jólatónleika í kirkjunni. Ásamt þeim munu fram koma **Áshildur Haraldsdóttir** flautuleikari og Katie Buckley hörpuleikari. Aðgangseyrir er kr 1.500.

19.00 X-mas - minningartónleikar til heiðurs Hermanns Fannars Valgarðssonar, betur þekktum sem Hemma feita, verða haldnir í Kaplakrika. Meðal þeirra sem fram koma eru Mugison, Dikta, Friðrik dór og Ensími. Miðaverð er kr. 2.000 og rennur allur ágóði í minningarsjóð Hemma.

21.00 Kammerhópurinn Camerarctica heldur sína árlegu kertaljósatónleika, Mozart við kertaljós, í Kópavogskirkju. Aðgangseyrir er kr. 2.500 og 1.500 fyrir nemendur og eldri borgara. Frítt fyrir börn.

22.00 Tónleikarnir Oddkrist aðventa og obláta verða haldnir á Ob-La-Dí, Frakkastíg 8. **Guðlaugur Kristinn Óttarsson** mun flytja aðventuhugvekjur af ýmsum toga ásamt hljómsveit og góðum gestum. Aðgangur er ókeypis og í boði verða oblátur og messuvínsíðýfur.

Leiklist

20.00 Leikhópurinn Svavar stendur fyrir sýningu í Norðurpólnum. Flutt verður gamansamt leikrit, stuttmyndin Svavar verður sýnd og að lokum þrír dramatískir einleikir. Miðaverð er kr. 1.000.

Uppákomur

11.00 Bjúgnakrækir kíkir í heimsókn í Þjóðminjasafn Íslands og syngur og spjallar við börnin. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir

12.34 Jóladagatal Norræna hússins heldur áfram. Jólaglögg og piparkökur í boði, auk þess sem óvæntur snillingur skemmtir fólki. Ókeypis aðgangur og allir velkomnir!

16.00 Útgáfu myndverkabókarinnar Apfelsin Bros verður fagnað í húsakynnum Útúrdúrs að Hverfisgötu 42.

Málþing

15.00 Helgi Tómasson verður framsögumaður á málstofu í fundarsal Seðlabankans, Sölvhóli. Efnið verður: Áhættuvöktun - Tölfræðigreining á vísbendingum um kerfislægar breytingar.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.

FIMM Í VIÐBÓT? Craig getur leikið Bond í átta myndum ef hann vill.

Vill Craig í átta myndir til viðbótar

Framleiðandi James Bond-myndanna, Michael G. Wilson, vill að Daniel Craig leiki njósnarann 007 í fimm myndum til viðbótar. Craig hefur þegar samþykkt að leika í þriðju Bond-myndinni, Skyfall. „Daniel hefur verið frábær Bond. Hann er mjög góður leikari og er virkilega góður náungi. Aðdáendur elska hann og ég held að það sé ekki til betri maður til að leika hann," sagði hann við The People. Ef Craig leikur Bond í átta myndum tekur hann fram úr Roger Moore sem hefur leikið hann oftast, eða sjö sinnum.

Fagmennskan í fyrirrúmi

Tónlist ★★★★★

Gullvagninn

Björgvin Halldórsson

Árið 2005 sendi Björgvin Halldórsson frá sér þriggja diska safnpakka, Ár og öld, sem var það flottasta sem þá hafði verið gefið út hérlendis í safnplötubransanum. Síðan hefur íslenskum plötuútgefendum farið mikið fram í því að setja saman viðhafnarútgáfur og yfirlitspakka þannig að nú þegar Björgvin fagnar 60 ára afmælinu með nýjum plötupakka þá hafa viðmiðin hækkað og kröfurnar aukist.

Það er hægt að segja það strax að karlinn er ekkert að klikka á þessu frekar en fyrri daginn. Gullvagninn er sérstaklega flottur gripur. Þetta eru fimm diskar og bók með greinargóðum upplýsingum, flottu myndefni og texta um Björgvin eftir Jónatan Garðarsson. Allt er þetta bundið inn í harðspjaldabók sem svo er rennt inn í veglega öskju. Í einu orði sagt glæsilegt.

Það eru fjórir geisladiskar með tónlist í pakkanum, alls 88 lög. Þeim er skipt upp eftir efni og heita Söngvarinn, Dúettar, Höfundurinn og Hljómsveitir. Auk þess er DVD-diskur með afmælistónleikum stjörnunnar í Háskólabíói í vor og viðtalsþættinum Bolur inn við bein, sem RÚV gerði í tilefni af sextugsafmælinu, en þar talaði Þórhallur Gunnarsson við Björgvin og rifjað var upp gamalt efni.

Björgvin er búinn að vera „mainstream“ mjög lengi sem þýðir að það er fullt af ofurvinsælum lögum í þessum pakka – fullt af sígildu poppi, en kannski líka lög sem einhverjir eru búnir að fá sig fullsadda af. Inn á milli leynist samt minna þekkt efni. Þemaskiptingin á plötunum fjórum er fínt mál og dregur fram mismunandi hliðar á Björgvini. Það sem kom mér einna mest á óvart er hvað hann hefur sjálfur samið mikið af sínum bestu lögum.

Björgvin leggur alltaf mikinn metnað í það sem hann gerir og það heyrist vel hér. Það ræðst svo af smekk hvers og eins hvaða skeið eða tónlistarverkefni eru í mestu uppáhaldi. Er það Brimkló? Vísnaplöturnar? HLH? Íslandslög? Lónlí Blú Bojs? Eða dúettaplöturnar? Eða kannski Ævintýri? Hver dæmir fyrir sig. Það er gæðatónlist á öllum plötunum fjórum, en Dúettaplatan höfðar samt minnst til mín.

Það er líka mikill fengur í DVD-disknum. Afmælistónleikarnir frá því í vor tókust vel og viðtalsþátturinn við Þórhall er stórskemmtilegur og fullur af gömlum myndskeiðum.

Á heildina litið er Gullvagninn sérstaklega glæsilegur safnpakki. Einn af þeim flottustu sem hafa komið út hér á landi.

Trausti Júlíusson

Niðurstaða: **Bo vandar til verka eins og fyrri daginn.**

LOKSINS Á ÍSLANDI
JACOB JENSEN ÚR FÁST HJÁ OKKUR

EINSTAKT HANDBRAGÐ,
SÍGILD HÖNNUN

FÁGUN OG GLÆSILEIKI
ALLA TÍÐ

PIPAR\TBWA • SÍA • 113392

JACOB JENSEN™ JÓ 40 JÓN & ÓSKAR 1971-2011

LAUGAVEGUR / SMÁRALIND / KRINGLAN
www.jonogoskar.is Sími: 552 4910

90 DEMANTAR prýða trúlofunarhring Britney Spears en kærasti hennar Jason Trawick bað poppstjörnunnar fyrir helgi,

Sígræna jólatréð
-eðaltré ár eftir ár!
SÍGRÆNA JÓLATRÉÐ

Skátahreyfingin hefur um árabil selt sígræn eðaltré í hæsta gæðaflokki og prýða þau þúsundir heimila og fyrirtækja.

Frábærir eiginleikar:

- 10 ára ábyrgð
- 12 stærðir (90-500 cm)
- Stálfótur fylgir
- Ekkert barr að ryksuga
- Veldur ekki ofnæmi
- Eldtraust
- Þarf ekki að vökva
- Íslenskar leiðbeiningar

Sígrænu jólatrén eru seld í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123 í Reykjavík, s: 550 9800 og á skátavefnum: www.skatar.is
Skátarnir

BRELLUMEISTARI Einar Mikael býr sig undir að saga aðstoðarkonu sína í tvennt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Það geta allir lært töfrabrögð

Einar Mikael töframaður heillaði yngri kynslóðina upp úr skónum á töfrasýningu um helgina. Ágóðinn af sýningunni rann til góðs málefnis.

Töframaðurinn Einar Mikael Sverrisson bauð um helgina upp á ekta töfrasýningu í Hafnarfirði og lét allan ágóða renna óskertan til Mæðrastyrksnefndar. Fullorðnir og börn skemmtu sér saman við að horfa á töfrabrögðin og létu á meðan gott af sér leiða.

Einar segir hugmyndina hafa kviknað þegar hann frétti af því að Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar hefði fengið fáa styrki að undanförnu. „Ég ákvað bara að skella upp sýningu og láta verða af þessu. Ég bý sjálfur í Hafnarfirði og mig langaði að gera eitthvað fyrir samfélagið hérna í kringum mig."

Sýningin er ekki eina leiðin sem Einar hefur nýtt til að hjálpa til, heldur hefur hann styrkt Hringinn og Fjölskylduhjálp með töfradóti sem hann gefur út núna fyrir jólin og segir henta vel í jólapakkana. „Þetta eru lítil stök stykki sem eru rosalega skemmtileg. Brögðin eru einföld og þau eru flott fyrir ungar töfrastelpur og -stráka sem langar að æfa sig að galdra. Þetta hefur vakið mikla lukku," segir Einar sem sjálfur fékk brennandi áhuga á töfrabrögðum þegar hann var ungur að árum. „Eitt af stykkjunum sem ég er að gefa út núna er fyrsta töfrabragðið sem ég lærði og gerði þegar ég var þrettán ára. En allir hafa gaman af töfrum, óháð aldri og það er alltaf hægt að byrja að læra töfrabrögð."

Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á síðu Einars, Töfrabrögð.is.

bergthora@frettabladid.is

ÁNÆGÐIR GESTIR Hrefna, Einar, Karólína og Hrafnhildur höfðu gaman af töfrabrögðunum.

GERÐU GÓÐVERK Lúðvík og Marta styrktu Mæðrastyrksnefnd um aðgangseyrinn.

HRESSIR KRAKKAR Jónas, Margrét, Arna, Rakel og Fannar skemmtu sér konunglega.

HRIFIN Fréttamennirnir Þóra Arnórsdóttir og Svavar Halldórsson mættu með börn sín á sýninguna.

VINIR Áróra, Jóhann, Ástrós og Valgeir hafa gaman af töfrum.

E L M

40% AFSLÁTTUR

OPIÐ ÖLL KVÖLD TIL JÓLA

ELM LAUGAVEGI 1 WWW.ELM.IS




HEIMURINN SIGRAÐUR



Rauður: Liturinn sýnir í hvaða löndum Arnaldur hefur verið gefinn út.

ARNALDUR ÚTI UM ALLAN HEIM

Arnaldur Indriðason er einn söluhæsti íslenski rithöfundurinn, bækur hans hafa náð geysilegri útbreiðslu og sögur hans af Erlendi Sveinssyni eiga sér dygga aðdáendahópa úti um allan heim.

HEIMURINN SIGRAÐUR Fáum íslenskum rithöfundum hefur tekist að ná jafn mikilli útbreiðslu og Arnaldi Indriðasyni.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að útgáfuréttur Einvígisins, nýjustu bókar Arnaldar Indriðasonar, hefði verið seldur til Þýskalands, Frakklands og Hollands. Þetta teljast vart mikil tíðindi hjá Arnaldi því hann hefur átt stóra aðdáendahópa í þessum þremur löndum. Og bækurnar sitja oft og iðulega í efstu sætum vinsældalistanna.

Fáum íslenskum höfundum hefur tekist að ná viðlíka útbreiðslu og Arnaldi, hann hefur verið þýddur á yfir fjörutíu tungumál og komið út í um hundrað löndum en með Einvíginu eru bækurnar orðnar fimmtán og hafa þær selst í yfir sjö milljónum eintaka á heimsvísu. **- fgg**

SNÚA AFTUR The Beach Boys árið 1967. Frá vinstri: Brian Wilson, Mike Love, Carl Wilson, Dennis Wilson og Al Jardine.
NORDICPHOTOS/GETTY

Beach Boys snúa aftur

Bandaríska hljómsveitin The Beach Boys ætlar að koma saman á næsta ári í tilefni fimmtíu ára afmælis síns. Tónleikaferð um heiminn er fyrirhuguð auk þess sem ný plata verður tekin upp.

BRIAN WILSON

Allir upphaflegir meðlimir sveitarinnar sem eru enn á lífi, Brian Wilson, Mike Love og Al Jardine, taka þátt í endurkomunni ásamt Bruce Johnston og David Marks sem hafa spilað með hljómsveitinni undanfarna áratugi. „Þetta afmælisár verður sérstakt vegna þess að ég sakna strákanna. Það verður gaman fyrir mig að gera með þeim plötu og stíga með þeim á svið á nýjan leik," sagði Wilson. Deilur stóðu yfir á milli Love og Jardine varðandi notkunina á nafni hljómsveitarinnar en þeir sömdu um málið utan dómstóla árið 2008.

EFNILEGUR Jonah Hill getur leikið fleira en fyndna hrakfallabálkinn. NORDICPHOTOS/GETTY

Hættur að leika feita strákinn

Jonah Hill leikur í Moneyball á móti Brad Pitt. Hlutverkið hefur breytt lífi hans til mikilla muna.

Ferill leikarans unga Jonah Hill hefur heldur betur tekið kipp upp á við á árinu sem er að líða. Hill, sem áður var þekktastur fyrir að hafa leikið í gamanmyndum líkt og Get Him to the Greek og Superbad, hefur verið tilnefndur til Screen Actors Guild og Golden Globe verðlaunanna fyrir hlutverk sitt í Moneyball þar sem hann leikur á móti Brad Pitt og Philip Seymour Hoffman.

Hill segist enn ekki trúa því að hann hafi fengið tilnefningarnar, og segir tilfinninguna líkjast því að gifta sig eða eignast barn. „Viðbrögðin sem ég hef fengið eru ólík nokkru sem ég hef kynnst áður. Þetta er í fyrsta sinn sem eitthvað svona ótrúlegt gerist í lífi mínu – mamma mín og pabbi fóru meira að segja að gráta.“

> Mér leið eins og ég væri að upplifa örlagaríkt augnablik þegar ég fékk hlutverkið.
>
> **JONAH HILL**
> LEIKARI

Hill er ánægður með að hafa fengið tækifæri til að sýna leikhæfileika sína, og telur sig hafa verið á barmi þess að festast til frambúðar í sama hlutverkinu sem feiti, fyndni strákurinn.

Hann sagðist hafa fundið á sér að stór breyting yrði á lífi hans þegar hann fékk hlutverkið á móti Brad Pitt. Þegar tökum á Moneyball lauk tók leikarinn upp heilsusamlegra líferni og hefur grennst um tugi kílóa. Hann sagði í viðtali; „Mér líður eins og ég sé staddur á frábæru skeiði í lífinu. Þetta er tími breytinga. Mér leið eins og ég væri að upplifa örlagaríkt augnablik þegar ég fékk hlutverkið, og það var það svo sannarlega.“

Gljáð hátíðarlamb

MEÐ PISTASÍUHNETUM, HUNANGI, ANANAS OG RAUÐUM PERLUM

FYRIR 10-12 MANNS
2 lambalæri
4 dl hunang, 4 dl vatn
200g pistasíuhnetur
krydd á hnífsoddi: Malaðar kardímommur, kanill, pipar, malað og ristað kúmen, karrí,
10 msk hakkaður eða saxaður ananas, 1 msk sjávarsalt,
1 msk heill rósapipar (rauðar perlur)

Eplaturn á blöðrukáli
12 smá epli, hrátt hangikjöt 2-3 sneiðar í hvert epli, 400 g rjómaostur, 3-4 greinar fersk mynta,
2 msk rifin piparrót, 2 msk hunang, smjör, sykur og blöðrukál

Trönuberjasósa
1 l trönuberjasafi, kanilstöng,
1 l kjötsoð, 2 dl rauðvín,
100 g trönuber

Skerið gróft munstur í lærið í líkingu við taflborð. Nuddið með salti og pipar. Bakið við 180 °C í 20 mín. Takið lærið út og látið standa í 15-20 mín. Saxið pistasíuhnetur (ekki of smátt). Sjóðið vatn og hunang í potti ásamt kryddi og ananas. Setjið pistasíur og sjávarsalt útí í lokin. Dreifið helmingnum ofan á lærið og bakið lærið áfram í 30 mín. eða þar til kjarnhiti er orðinn 58-61°. Leyfið lærinu að hvíla í minnst 10 mín. Smyrjið svo með afganginum af vökvanum og berið fram.

Eplaturn á blöðrukáli *(1 turn á mann)*
Skerið toppinn af epli, kjarnhreinsið og skerið restina í þrjár til fjórar sneiðar og steikið í smjöri og smá sykri. Blandið saman rjómaosti, piparrót, hunangi og saxaðri myntu og smyrjið á 3 eplasneiðar. Leggið hangikjöt á milli og raðið upp, efst kemur eplalokið með stöngli. Einnig má setja salat með.

Skerið blöðrukálið hringlaga og sjóðið í saltvatni í 3 mín. Snöggkælið og hitið svo upp með góðri olíu.

Trönuberjasósa
Sjóðið niður safa og vín með kanilstöng þar til 1/3 er eftir af vökvanum, bætið kjötsoði við og sjóðið áfram þar til góðu bragði er náð. Bætið trönuberjunum í sósuna rétt áður en borið er fram. Sjóðið ekki.

LAMBAKJOT.IS

ADELE Söngkonan vill flytja upp í sveit til að vernda röddina.

Vill flytja upp í sveit

Adele hefur í hyggju að yfirgefa Lundúnaborg til að vernda röddina sína. Söngkonan gekkst undir aðgerð á raddböndum í Bandaríkjunum í síðasta mánuði og þurfti að fresta mörgum tónleikum sem höfðu verið fyrirhugaðir. Töluverð mengun er í London sem fer illa með raddböndin og samkvæmt heimildarmanni ætlar hún að flytja upp í sveit.

Fyrr í þessum mánuði sagði Adele aðdáendum sínum að næsta plata sín, sem mun fylgja á eftir hinni vinsælu 21, kæmi ekki út í bráð. Fyrst ætlar hún að semja ný lög og býst hún ekki við nýrri plötu fyrr en eftir tvö til þrjú ár.

LÍF OG FJÖR Á POPUP

Fjöldi íslenskra hönnuða hreiðraði um sig í Hörpu um helgina og greinilegt að mikill áhugi er á innlendri hönnun hjá landsmönnum. Ungir sem aldnir lögðu leið sína í tónlistarhúsið og gerðu góð kaup en meðal þeirra hönnuða sem voru með bás voru Babette, Áróra, Rim, Mosi og Hildur Yeoman. Popup-markaðirnir eru orðnir fastir liðir víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu og vekja alla jafna mikla lukku enda er hönnunarheimurinn á Íslandi blómstrandi.

SAMANKOMIN Kolbeinn Árnason, Aðalheiður Guðrún Kolbeinsdóttir, Eva Margrét Ævarsdóttir, Jónína S. Lárusdóttir og Lárus Örn Birgisson létu sig ekki vanta.

FLOTTAR Þessi unga dama fékk að aðstoða við sölumennskuna.

FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

BROS Á VÖR Margir festu kaup á íslenskri hönnun í jólapakkana í ár.

ÍSLENSK HÖNNUN Herdís Anna Jónsdóttir og Steef Van Oosterhout komu við.



SPENNANDI Sævar Óli Magnason fann sér margt forvitnilegt að skoða.

GÓÐIR GESTIR Sigurjón Jóhannsson og Ólöf Karlsdóttir skoðuðu sig um.

KOMIN MEÐ KÆRASTA Scarlett Johansson kynntist rokkaranum Dan White er hún var í tökum í London.

NORDICPHOTOS/~~GETTY~~

Með bresk-um rokkara

Scarlett Johansson er komin með nýjan kærasta upp á arminn en sá heppni er gítarleikari bresku hljómsveitarinnar Tribes, Dan White. Þau kynntust þegar leikkonan var stödd í London við tökur á myndinni Under the Skin og hafa verið að hittast í nokkrar vikur.

Johansson hefur verið iðin við kolann síðan hún skildi við leikarann Ryan Reynolds fyrir ári. Leikkonan hefur meðal annars verið að hitta Sean Penn, Kieran Culkin, Joseph Gordon-Levitt og Jefferson Hack. Reynolds er hins vegar byrjaður með leikkonunni úr Gossip Girl, Blake Lively.

X-MAS
Í MINNINGU HERMANNS FANNARS VALGARÐSSONAR
Á MORGUN Í KAPLAKRIKA
MUGISON - DIKTA - OF MONSTERS AND MEN - POLLAPÖNK - REYKJAVÍK - HJÁLMAR - SÚREFNI - VICKY - SAMARIS
1980 2011
LAY LOW - RETRO STEFSON - BOGOMIL FONT OG FÉLAGAR - FRIÐRIK DÓR - JÓN JÓNSSON - ENSÍMI - DR SPOCK - OURLIVES
ÓKEYPIS RÚTUR HEIM
Hafnarfjarðarbær býður upp á ókeypis rútuferðir í nágrannasveitarfélögin þegar líða fer á kvöldið.
Rúturnar stoppa við Ásgarð í Garðabæ, í Hamraborginni, við Kringluna og á Hlemmi.
Fyrsta rútan fer klukkan 23.00, næsta klukkan 24.00 en þær síðustu að tónleikum loknum.
MIÐAVERÐ KR. 2.000.- Á midi.is
TÓNLEIKARNIR HEFJAST KL. 18:00

ora

Ástríða í matargerð

Ora óskar landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

www.ora.is

Wahlberg hrósar Baltasar

Contraband, Hollywood-mynd Baltasars Kormáks, verður frumsýnd í næsta mánuði. Aðalleikarinn Mark Wahlberg hrósar leikstjóranum fyrir vinnu sína.

Hollywood-stjarnan Mark Wahlberg fer fögrum orðum um íslenska leikstjórann Baltasar Kormák í viðtali sem birtist á vefsíðunni flicksandbits.com í gær.

Tilefnið er kvikmyndin Contraband en allur leikarahópurinn var staddur í New York um helgina þar sem hann sinnti blaðaviðtölum vegna myndarinnar sem verður frumsýnd um miðjan næsta mánuð.„Hann var frábær og tók hlutina engum vettlingatökum,“

> Hann sat ekkert inni í hjólhýsinu sínu með tærnar upp í loft heldur var á þönum nánast allan tímann.
>
> **MARK WAHLBERG**
> LEIKARI

segir Wahlberg þegar hann er inntur eftir samstarfinu við Baltasar. „Ég held að hann hafi aldrei gert svona dýra mynd eins og Contraband en hann nálgaðist efnið á sama hátt,“ heldur Wahlberg áfram og lýsir því síðan hversu orkumikill íslenski leikstjórinn hafi verið á tökustað. „Hann sat ekkert inni í hjólhýsinu sínu með tærnar upp í loft heldur var á þönum nánast allan tímann að sýna mér hvernig ég ætti að klifra í þessu eða hinu atriðinu,“ segir Wahlberg og bætir því við að hann kunni vel að meta slíkan leikstjórastíl. „Hann hafði yfirsýn yfir allt og kunni virkilega að stýra leikurum. Hann hafði auðvitað leikið í upprunalegu myndinni og þekkti því söguna eins og lófann á sér.“

Wahlberg var það ánægður með Baltasar að þeir tveir hafa ákveðið að gera aðra mynd saman, 2 Guns, sem verður byggð á myndasögu. Viðræður við annan stórleikara standa yfir um þessar mundir en hver það er kemur væntanlega í ljós eftir áramót.

freyrgigja@frettabladid.is

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA			
MISSION IMPOSSIBLE 4	kl. 5:10 - 8 - 10:50	2D	12
MISSION IMPOSSIBLE 4 VIP	kl. 5:10 - 8 - 10:50	2D	VIP
HAROLD AND KUMAR 3D Íslenskt	kl. 5:50 - 8 - 10:10	3D	16
STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ísl. Tali	kl. 5:50	3D	L
STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ísl. Tali	kl. 5:50	2D	L
PUSS IN BOOTS Íslenskt M/ensku. Tali	kl. 10:20	2D	L
A GOOD OLD FASHIONED ORGY	kl. 10:50	2D	16
HAPPY FEET 2 M/ísl. Tali	kl. 5:40	2D	L
TWILIGHT	kl. 8 - 10:50	2D	12
THE HELP	kl. 8	2D	L
TOWER HEIST	kl. 8	2D	12

SAMBÍÓIN AKUREYRI			
HAROLD AND KUMAR 3D Íslenskt	kl. 5:50	3D	16
MISSION: IMPOSSIBLE 4	kl. 8 - 10:50	2D	12
HAPPY FEET TWO	kl. 6	2D	L
THE TWILIGHT SAGA: BREAKING DAWN	kl. 8	2D	12
A GOOD OLD FASHIONED ORGY	kl. 10	2D	16

SAMBÍÓIN SELFOSS		
MISSION IMPOSSIBLE 4	kl. 5:20 - 8 - 10:40	12
PUSS IN BOOTS M/ísl. Tali	kl. 6	L
TOWER HEIST	kl. 8 - 10.20	12

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL			
MISSION IMPOSSIBLE 4	kl. 3 - 5:10 - 8 - 10:50	2D	12
HAROLD AND KUMAR 3D Íslenskt	kl. 3:30 - 5:40 - 8 - 10:10	3D	16
STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl tali	kl. 3 - 5:50	3D	L
STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl tali	kl. 5:40	2D	L
TWILIGHT: BREAKING DAWN PART 1	kl. 8 - 10:30	2D	12
HAPPY FEET TWO m/ísl tali	kl. 3:30	2D	L

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI			
MISSION IMPOSSIBLE 4	kl. 5:50 - 8:30 - 10:10	2D	12
HAROLD AND KUMAR 3D Íslenskt	kl. 8 - 10:10	3D	16
STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ísl. Tali	kl. 5:50	3D	L
TRESPASS	kl. 8	2D	16
HAPPY FEET 2 M/ísl. Tali	kl. 5:40	3D	L

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK			
MISSION IMPOSSIBLE 4	kl. 8 - 10:50	3D	12
JACK AND JILL	kl. 8 - 10	2D	L



SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR		5%
ALVIN OG ÍKORNARNIR 3	KL. 3.40 - 5.50 - 8	L
MISSION IMPOSSIBLE 4	KL. 6 - 8 - 10.50	16
MISSION IMPOSSIBLE 4 LÚXUS	KL. 5 - 8 - 10.50	16
STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN 3D	KL. 3.40 - 5.50	L
ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D	KL. 3.40 - 5.50	L
ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM	KL. 3.40	L
IMMORTALS 3D	KL. 10.10	16
ÆVINTÝRI TINNA 3D	KL. 9 - 10.10	7
JACK AND JILL	KL. 8	L

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIDI.IS		5%
ALVIN OG ÍKORNARNIR 3	KL. 6 - 8	L
ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D	KL. 5.50	L
TROPA DE ELITE 2	KL. 8 - 10	16
IMMORTALS 3D	KL. 10.30	16
JACK AND JILL	KL. 5.50 - 8 - 10.10	L
IN TIME	KL. 5.30 - 8 - 10.30	12

BORGARBÍÓ ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI	NÁNAR Á MIDI.IS	
ALVIN OG ÍKORNARNIR 3	KL. 6	12
THE RUM DIARY	KL. 8 - 10.10	12
MONEYBALL	KL. 8 - 10.20	L
JACK AND JILL	KL. 6	L

facebook / smarabio • facebook / haskolabio

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
MISSION IMPOSSIBLE	7, 10(POWER)
ALVIN OG ÍKORNARNIR 3	4, 6
THE RUM DIARY	8, 10.30
STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN 3D	4, 6
BLITZ	8, 10.15
ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM	4 - 3D

Bíó ★★★★

Hjem til jul

Leikstjórn: Bent Hamer

Leikarar: Trond Fausa Aurvåg, Fridtjov Såheim, Reidar Sørensen, Ingunn Beate Øyen, Nina Andresen Borud, Tomas Norström, Joachim Calmeyer, Cecilie Mosli

Snjókorn falla

Norska kvikmyndin Hjem til jul er sannkölluð jólamynd og um leið eins konar smásagnasafn, en myndin gerist á aðfangadagskvöld og segir sögur margra mismunandi persóna sem standa flestar á einhvers konar krossgötum í lífi sínu. Þrátt fyrir að frásögnin sé oftast dramatísk er sjaldan stutt í svartan húmorinn og er það hrein unun að fylgjast með mislukkaða fráskilda pabbanum reyna að koma gjöfum til barnanna sinna í gervi jólasveins, eftir að hafa rotað stjúppabbann með skóflu úti í hlöðu.

Sagan af umrenningnum sem reynir að komast heim til sín fyrir jól er ekki jafn spaugileg og minnir mann á það hversu hverfult lífið er. Tveir gamlir skólafélagar hittast. Hún lítur vel út og selur jólatré. Hann er dauðvona alkóhólisti og betlari. Gríðarsterk sena og laus við tilgerð.

Leikstjórinn, Bent Hamer, gerir þetta vel. Myndin er jólaleg og upplífgandi þrátt fyrir að vera stútfull af drama og depurð. Það er helst bláendirinn sem ég set spurningamerki við. Er hann fallegur eða hallærislegur? Ég er ekki alveg viss. Það er varla að ég nenni að velta mér upp úr því. Hjem til jul er nefnilega búin að koma mér í svo mikið jólaskap.

Haukur Viðar Alfreðsson

Niðurstaða: Krúttleg mynd sem gefur yl í kroppinn eftir langan dag á Laugaveginum.

NÝTT MYNDBAND Hljómsveitin Coldplay sendir brátt frá sér myndband við lagið Charlie Brown.

Berbrjósta í myndbandi

Berbrjósta stúlkur verða áberandi í nýju myndbandi Coldplay við lagið Charlie Brown. Hljómsveitin auglýsti eftir stúlkum á aldrinum 18 til 35 ára til að koma fram í myndbandinu og fengu þær aukapening fyrir að fara úr að ofan. „Viðbrögðin voru rosalega mikil. Það var alveg búist við því, enda er þetta Coldplay,“ sagði heimildarmaður The Sun. Tökurnar fóru fram í vöruhúsi og stóðu yfir í þrjá daga. „Það var dálítið kalt þar sem þetta var tekið upp en það var vel hugsað um alla,“ sagði heimildarmaðurinn en tökurnar stóðu yfir frá níu um morguninn til miðnættis.

BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is

ÞRIÐJUDAGUR: WE NEED TO TALK ABOUT KEVIN 20:00, 22:00 ■ HJEM TIL JUL 18:00, 20:00 ■ *RARE EXPORTS* 20:00, 22:00 ■ Á ANNAN VEG 18:00 ■ ELDFJALL 18:00 ■ SUPERCLASICO 18:00, 20:00 ■ PARTIR 18:00, 22:00
ÍSL. TEXTI / *ENGLISH SUBTITLES.*

VERTU FASTAGESTUR!
Ódýrara í bíó með aðgangskortum!

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

ÞRIÐJUDAGUR OPIÐ 10-19

ALLAR VERSLANIR

995 KR. KG

FISKBÚÐIN OKKAR
KÆST OG SÖLTUÐ SKATA

298 KR. 900 G

BÓNUS 900 GRÖMM
ÞVOTTAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR

139 KR. KG

SFG KARTÖFLUR Í LAUSU
GULLAUGA OG RAUÐAR

998 KR. KG

GRÍMS PLOKKFISKUR

1998 KR. KG

NORÐANFISKUR
LÉTTSALTAÐUR ÞORSKHNAKKI

898 KR. KG

NORÐANFISKUR **SALTFISKBITAR**
BEINLAUSIR M.ROÐI

2398 KR. KG

NORÐANFISKUR **REYKTUR OG GRAFINN LAX** (FLÖK)

ALLAR VINSÆLUSTU JÓLABÆKURNAR
FÆRÐU Í BÓNUS

298 KR. 350 G

BÓNUS
GRAFLAXSÓSA

79 KR. 1/2 LTR

PILSNER & THULE

359 KR. 250 G

FRÁ STÓRUVÖLLUM
HAMSATÓLG

AFGREIÐSLUTÍMINN Í VERSLUNUM BÓNUS DAGANA FYRIR JÓL

20.DES	ÞRIÐJUDAGUR	10-19
21.DES	MIÐVIKUDAGUR	10-20
22.DES	FIMMTUDAGUR	10-22
23.DES	FÖSTUDAGUR	10-22
24.DES	LAUGARDAGUR	10-14

198 KR. 500 G

BÓNUS
RÚGBRAUÐSKUBBUR

		3			6		7	
5	2		4			8	9	
			8					6
	5			1		3		9
	6						2	
2		8		7			4	
9					8			
	7	5			9		1	4
	3		7			9		

BÓNUS SUÐUKÓ ÞRAUT 20.12
LAUSNIN ER Á WWW.BONUS.IS

Gjafakort Bónus

Gjöf sem kemur að góðum notum fyrir alla.

Gjafakortið er hægt að nota í verslunum Bónus um land allt. Sparaðu tíma og fyrirhöfn, gefðu gjafakort Bónus.

Gjafakortið fæst á skrifstofu Bónus, Skútuvogi 13 sími 527 9000

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

GUNNAR JARL JÓNSSON hefur verið tekinn inn á lista FIFA-dómara hjá KSÍ. Þeir eru fjórir talsins en af listanum hverfur Sandgerðingurinn Magnús Þórisson. Hjá aðstoðardómurum eru Birkir Sigurðarson og Rúna Kristín Stefánsdóttir ný á lista en Oddbergur Eiríksson er ekki lengur FIFA-aðstoðardómari, sem eru alls átta.

BARÁTTA Örn Ingi Bjarkason sækir að marki Hauka en Freyr Brynjarsson verst honum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þjálfarar liðanna eftir Hafnarfjarðarslaginn:

Munum fara vel yfir okkar mál í fríinu

HANDBOLTI „Þetta eru mjög svekkjandi úrslit og sérstaklega í ljósi stuðningsins sem við fengum hér á pöllunum," sagði Einar Andri Einarsson, annar þjálfari FH, eftir leikinn gegn Haukum í gær.

„Við spiluðum frábærlega í 42 mínútur en restin af leiknum var alls ekki nægilega góð. Síðustu tuttugu mínútur leiksins áttum við virkilega erfitt með að skapa okkur færi og ég sé ekki í fljótu bragði af hverju. Við litum ekkert sérstaklega ferskir út á löppunum og kannski voru menn orðnir þreyttir. Varnarleikur Haukarkom okkur ekkert á óvart en strákarnir voru samt sem áður ekki að finna lausnir á honum," sagði hann.

Hlé verður nú gert á deildinni þar til í febrúar vegna EM í Serbíu. „Núna verðum við bara að fara í gegnum alla þætti handboltans í fríinu og koma sterkari til baka," sagði Einar Andri.

„Þetta var gríðarlega jafn leikur nánast allan tímann," sagði Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, eftir sigurinn á erkifjendunum í FH.

FH byrjaði þó betur og var með eins marks forystu eftir fyrri hálfleik, 8-7. „Við fórum virkilega illa með færin í fyrri hálfleik en menn nýttu þau mun betur í þeim síðari. Einnig gerði liðið einhverja sjö tæknifeila í fyrri hálfleiknum. Sem betur fer náði liðið aftur á móti tökum á þessum hlutum í síðari hálfleiknum og spilamennskan var allt önnur," bætti Aron við.

„Við höfum alls ekkert efni á því að segja að við séum besta liðið á Íslandi. Það eru mörg virkilega jöfn lið í þessari deild og allt frekar jafnir leikir. Það sem Haukar hafa náð fram það sem af er tímabilinu er ákveðinn stöðugleiki og mikil sigurhugsun. Núna þurfum við bara að vinna vel í fríinu og mæta enn sterkari til leiks í febrúar."

- sáp

Valdaskipti í Hafnarfirði

Haukar unnu montréttinn í Hafnarfirðinum yfir jólin með glæstum sigri á Íslandsmeisturum FH í Krikanum. Síðasta tímabil var FH-inga en valdaskipti eru að verða í Hafnarfirðinum á ný þar sem Haukar eru á kunnuglegum stað.

HANDBOLTI Haukar fara í jólafrí með fimm stiga forskot á toppi N1-deildar karla eftir magnaðan fimm marka sigur, 16-21, á FH í Kaplakrika í gær. Haukar voru undir lengstum en tóku öll völd á vellinum síðustu 15 mínútur leiksins og hreinlega kaffærðu FH-inga.

Það var algjörlega frábær stemning í Krikanum eins og venjulega á leikjum þessara liða. Hátt í tvö þúsund manns og fólkið lét vel í sér heyra. Bæði lið virtust ekki alveg höndla pressuna og það var áberandi á sóknarleik beggja liða að menn voru skítstressaðir. Endalausir tæknifeilar þar sem liðin skiptust á að tapa boltanum á neyðarlegan hátt.

Eini maðurinn sem var með einhverri meðvitund í sóknarleiknum var Ólafur Gústafsson sem fór mikinn og raðaði inn mörkum með þrumuskotum. Þó svo markvarslan væri engin hjá Haukum þá héngu þeir inn í leiknum. Aron Rafn kom inn í markið og varði nokkra mikilvæga bolta en hinum megin fór Daníel Freyr Andrésson á kostum en hann var með 61 prósent markvörslu í fyrri hálfleiknum.

Í STRANGRI GÆSLU Línumaðurinn Heimir Óli Heimisson er hér tekinn föstum tökum af þeim Andra Berg Haraldssyni og Ari Magnúsi Þorgeirssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skelfilegur sóknarleikur

Bæði lið spiluðu hreint út sagt herfilegan sóknarleik í fyrri hálfleiknum og hálfleikstölurnar 8-7 hafa ekki sést ansi lengi. Þetta litla markaskor segir allt sem segja þarf um gæði sóknarleiksins en vissulega var varnarleikurinn fínn hjá liðunum. Haukar urðu fyrir áfalli undir lok hálfleiksins er Matthías Árni Ingimarsson fékk sína þriðju brottvísun og Haukar urðu að endurskipuleggja varnarleikinn í síðari hálfleik með hliðsjón af því.

Gæði leiksins bötnuðu lítið í síðari hálfleik en baráttan og hasarinn var þeim mun meiri. FH-ingar voru sem fyrr eilítið beittari og náðu fljótt þriggja marka forskoti, 10-7. Svo aftur 13-10 en eftir það gjörbreyttist leikurinn. Aron Rafn hreinlega lokaði marki Hauka og Gylfi Gylfason tók af skarið í sóknarleiknum. Síðustu fimmtán mínútur leiksins voru eign Hauka sem hreinlega völtuðu yfir heimamenn.

Haukarnir unnu lokakaflann 11-3 og það var ótrúlegt að fylgjast með hruni FH-liðsins. Leikmenn stóðu hræddir og ráðleysislegir í sókninni. Köstuðu frá sér boltanum hvað eftir annað og Haukar, sem komnir voru með blóð á tennurnar, refsuðu hvað eftir annað og efldust við hvert mark. Haukar vinna á endanum fimm marka sigur sem var ótrúleg niðurstaða í jöfnum og illa spiluðum leik.

Aron Rafn kom inn með látum

Aron Rafn var frábær með 55 prósent markvörslu í Haukamarkinu. Hann mátti sætta sig við að byrja á bekknum en kom svo inn með látum. Gylfi yfirburðamaður í sókninni og tók af skarið á meðan aðrir leikmenn á vellinum voru nær meðvitundarlausir. Freyr Brynjarsson steig svo heldur betur upp er Haukarnir fóru á skrið.

Lykilatriði að hemja Ólaf

Daníel Freyr átti mjög góðan leik í marki FH og Ólafur Gústafsson var eini maðurinn með meðvitund í sóknarleik FH. Þegar Haukarnir náðu að hemja hann var ekkert eftir í sókn FH. Enginn leikmaður steig upp og því fór sem fór.

Aron Kristjánsson er enn og aftur að gera ótrúlega hluti. Haukarnir hrundu í fyrra án hans en Aron hefur sýnt í vetur að hann er einn færasti þjálfari landsins.

henry@frettabladid.is



Vantar þig aukapening?

Við leitum að duglegu og ábyrgu fólki á höfuðborgarsvæðinu til að bera út blöð á morgnana milli kl: 6 og 7.

Einnig vantar afleysingafólk á skrá.

Dreifing fer fram sex daga vikunnar, mánudaga til laugardaga. Póstdreifing sér meðal annars um dreifingu á Fréttablaðinu og öðrum pósti.

Allar nánari upplýsingar veitir Póstdreifing í síma 585 8300. Einnig má finna upplýsingar á **www.postdreifing.is** og þar er hægt að senda inn starfsumsókn.

Póstdreifing | Suðurhrauni 1 | 210 Garðabær

Póst dreifing

Gylfi Gylfason, hornamaðurinn öflugi í liði Hauka eftir sigurinn á FH:

Bestu leikmennirnir í Haukum

HANDBOLTI „Þetta var alveg frábært og auðvitað enn sætara að vinna hér í Kaplakrika," sagði Gylfi Gylfason, leikmaður FH.

„Það er einnig frábært að komast í frí á toppnum og sérstaklega eftir sigur á FH. Spilamennska okkar hefur verið upp og ofan að undanförnu en þegar allt smellur þá ráða fáir við okkur. Það er stutt í það að við förum að spila alveg skelfilega og því verðum við að halda rétt á spilunum næstu vikur og æfa vel."

Staðan var 8-7 fyrir FH í hálfleik og sóknarleikur liðanna langt frá sínu besta.

„Þetta eru spennuþrungnir leikir og menn greinilega réðu ekki nægilega vel við það í fyrri hálfleiknum. Alltaf þegar liðin voru jöfn og annað þeirra átti möguleika á að komast yfir þá sá maður greinilega mikið stress koma upp hjá leikmönnum beggja liða. Við náðum samt sem áður að vinna bug á því í síðari hálfleiknum. Þegar um korter var eftir af leiknum komumst við þremur mörkum yfir og við það tvíefldist liðið og gáfum við bara enn meira í. FH-ingar fóru þá að stytta sínar sóknir og gerðu í kjölfarið mörg mistök."

Freyr Brynjarsson og Gylfi Gylfason voru heldur betur mikilvægir fyrir Haukana á lokasprettinum og höfðu greinilega oft verið í svipaðri aðstöðu.

„Það lenti einhvern veginn á okkur að klára færin í lokin en ég er ekki í nokkrum vafa um að allir hinir leikmennirnir hefðu einnig gert það. Menn hafa margir hverjir talað um það í vetur að Haukaliðið sé ekki skipað neinum stórstjörnum en ég vil meina að bestu leikmenn deildarinnar séu einmitt í okkar liði."

FARIÐ YFIR MÁLIN Aron Kristjánsson, þjálfari Haukanna, ræðir við þá Nemanja Malovic og Tjörva Þorgeirsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

- sáp

GÓÐAR JÓLAGJAFIR

FYRIR ÞÁ SEM ELSKA AÐ HREYFA SIG!

OPIÐ TIL 22:00
Í LINDUM OG BÍLDSHÖFÐA!

PROTOUCH BERLIN
Léttir og þægilegir fótlaga inniskór.
Stærðir: 36 - 46.

2.990

1.990

INTERSPORT SOKKAR
Íþróttasokkar. 10 pör í pakka. Svartir, hvítir, gráir.
Stærðir: 31 - 45. 1 pakki 1990. 2 pakkar 2990.

9.990
HANDLÓÐ 10 kg

BOXPÚÐI 25 kg
15.990

ENERGETICS SANDS FYLLD
Boxpúði. 25kg: 15.990. 35kg: **19.990**

ENERGETICS HANTELSET BOX
Handlóð í tösku. 2 x 10kg: **14.990**.

3.990

FIREFLY JUNIOR SWEAT PANT
Íþróttabuxur úr 80% bómull og 20% polyester. Stærðir: 120 - 150.

2.990

NIKE FANCY SWOOSH
Stuttermabolur úr bómull. Svartur, grænn, blár. Stærðir: 128 - 176.

3.990

ENERGETICS GYMBALL
Æfingabolti. 65, 75 og 85 cm.

9.990
(fullt verð 12.990)

ADIDAS SUMBRAH
Léttir æfingaskór úr leðri. 3-d dempun í hæl.
Mjög góðir í ZUMBA-leikfimi. Dömustærðir.

FÓTBOLTI
5.990

HANSKAR
2.490

ADIDAS TANGO 12 RÉPLIQUE
Fótbolti. Sama útlit og EM-boltinn 2012. Stærðir: 4 og 5.

ADIDAS RESPONSE GRAPHIC RÉPLIQUE
Markmannshanskar. Barnastærðir.

6.990
(fullt verð 8.990)

ADIDAS PUNTERO VI TRX TF
Fótboltaskór með gervigrastökkum.
Stærðir: 39 - 47.

INTERSPORT

LINDUM / BÍLDSHÖFÐA / AKUREYRI / SELFOSSI / www.intersport.is / GILDISTÍMI: 20. – 31. DESEMBER

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl.

EXPO - www.expo.is

Ég er meiri Englendingur í mér en Þjóðverji

Gylfi Þór Sigurðsson hefur gengið í gegnum erfiðan kafla á sínum unga ferli síðustu vikur og mánuði. Hann hefur lítið fengið að spila í tvo mánuði en vonast til að fá tækifærið þegar Hoffenheim mætir Augsburg í þýsku bikarkeppninni í kvöld.

FÓTBOLTI Það hefur minna farið fyrir Hafnfirðingnum Gylfa Þór Sigurðssyni síðustu vikur og mánuði en á síðasta keppnistímabili, er hann sló í gegn með Hoffenheim í þýsku úrvalsdeildinni. Hann hefur ekki enn skorað á tímabilinu en meiddist reyndar í sumar sem setti stórt strik í reikninginn.

Hoffenheim leikur í kvöld gegn Augsburg á heimavelli í bikarkeppninni. Gylfi bindur vonir við að fá að spila en hann var ónotaður varamaður þegar Hoffenheim gerði 1-1 jafntefli við Herthu Berlín í deildinni um helgina. Hann hefur reyndar aðeins fengið að spila einn leik síðan í lok október.

„Ég veit ekki hvort ég fæ að spila á morgun [í dag]. Við fáum að vita hvernig byrjunarliðið verður eftir létta morgunæfingu," segir Gylfi. „Það er auðvitað erfitt að fá ekki að spila alla leiki. En svona er þetta í fótboltanum. Maður verður bara að halda áfram og nýta þau tækifæri sem gefast."

Betra að spila en að fá hrós

Holger Stanislawski er þjálfari Hoffenheim og hefur þrátt fyrir allt hrósað Gylfa í þýskum fjölmiðlum að undanförnu. Sagt til að mynda að viðhorf hans væri til fyrirmyndar og að hann legði sig ávallt allan fram á æfingum.

„Það er auðvitað jákvætt að heyra það en það sem mestu skiptir er að fá að spila. Ég er enn ungur og vil spila alla leiki. Ef ekki fer að horfa til betri vegar hér verð ég að taka mín mál til endurskoðunar," segir Gylfi en bætir þó við að hann sé ekki að íhuga að fara frá liðinu strax í janúar. „Það er rúmur mánuður síðan ég komst aftur á fullt eftir meiðslin í sumar og mér hefur gengið mjög vel á æfingum. Ég hef ekkert verið að velta fyrir mér hvort ég komist eitthvert annað í janúar – helst myndi ég vilja fá að spila sem mest hér. Vonandi gengur það eftir í næstu leikjum og eftir jól."

Níu stig úr síðustu ellefu leikjum

Eftir að hafa unnið fjóra leiki í fyrstu sex umferðunum hefur Hoffenheim aðeins tekist að fá níu stig úr síðustu ellefu leikjum sínum. Liðið hefur aðeins unnið einn leik síðan um miðjan október. Leikmenn eru þó ekki farnir að missa þolinmæðina fyrir þjálfaranum að sögn Gylfa.

„Ég veit svo sem ekki hvernig stjórnarmenn líta á þetta en við leikmenn eru nokkuð rólegir. Við höfum verið óheppnir og tapað mörgum stigum í lok leikja sem hefur haft mikið að segja," segir Gylfi en um helgina kom jöfnunarmark Herthu Berlín úr föstu leikatriði einmitt í uppbótartíma.

> Ég er enn ungur og vil spila alla leiki. Ef ekki fer að horfa til betri vegar hér verð ég að taka mín mál til endurskoðunar.
>
> **GYLFI ÞÓR SIGURÐSSON**

Markaleysið hefur ekki áhrif á sjálfstraustið

Gylfi Þór var markahæsti leikmaður Hoffenheim í þýsku úrvalsdeildinni í fyrra en á enn eftir að skora á þessu tímabili. Hann segist ekki missa svefn vegna þess.

„Auðvitað pæli ég í því hvort ég sé að skora eða ekki en þetta hefur ekki haft áhrif á sjálfstraustið. Ég var lengi frá vegna meiðsla en hef ekki fengið að spila marga leiki í röð nema þegar ég kom fyrst til baka eftir meiðslin. Þá var ég ekki kominn í almennilega leikæfingu og náði ekki að nýta þau færi sem ég fékk. Stundum er það þannig – maður nýtir fjögur færi í röð og svo koma fjögur sem fara öll forgörðum. Ég veit að ef ég fæ að spila nokkra leiki í röð þá kemur þetta."

Meiri Englendingur en Þjóðverji

Gylfi flutti ungur til Englands en hann samdi við Reading aðeins sextán ára gamall. Hann bjó þar í fimm ár en hefur verið í Þýskalandi undanfarna fimmtán mánuði. „Ég verð alltaf meiri Englendingur í mér en Þjóðverji, ég verð að viðurkenna það," sagði Gylfi. Hann er nú að flytja úr sveitaþorpinu Horrenberg til Heidelberg þar sem aðeins meira er um að vera öllu jöfnu. „Ég hef í raun verið úti í sveit og það verður fínt að komast í aðeins stærri bæ. Þýskan er öll að koma til og það kemur fyrir að maður veitir viðtal á þýsku," segir Gylfi.

Hann neitar því ekki að hann horfir til þess að komast aftur til Englands. „Markmiðið nú er að komast aftur í liðið og fá að spila. Draumurinn er samt að komast aftur til Englands og ég held að ég fari aftur þangað þegar mínum tíma í Þýskalandi lýkur," segir hann en bætir við: „Ég mun þó aldrei sjá eftir því að hafa spilað í þýsku úrvalsdeildinni. Það var einstakt tækifæri. Ég hef svo lært nýtt tungumál og hef þar fyrir utan bætt mig heilmikið. Þó svo að ég hafi lítið fengið að spila í vetur þá stóð ég mig vel á síðasta ári og ég veit að ég fæ tækifæri bráðlega."

eirikur@frettabladid.is

PIRRANDI Gylfi Þór Sigurðsson hefur lítið fengið að spila með Hoffenheim að undanförnu. NORDICPHOTOS/GETTY

Núna og aldrei aftur!

Kauptu næstum nýjan bíl á dúndurverði í dag

Nýttu tækifærið!
Dúndurafsláttur í boði kaupir þú fyrir 23. des.
Thrifty bílaleiga þarf að rýma fyrir veturinn.

Kauptu fyrir 23. des. og þú færð dúndurafslátt

Tveir sýningarsalir Brimborgar, Bíldshöfða 6 og 8, Reykjavík.
Opið í dag 9-17



Brimborg sér um söluna fyrir Thrifty bílaleigu.
Talaðu við ráðgjafa Brimborgar fyrir viðkomandi bílmerki.

Kynntu þér hagstæða bílafjármögnun Landsbankans hjá ráðgjöfum Brimborgar eða á www.landsbankinn.is

Skoðaðu fleiri Ford dæmi

Dæmi: 540.000 kr. Dúndurafsláttur fyrir 23. des. nk.

Ford Kuga Trend AWD árg. 2011
2,0 dísil, sjálfskiptur, 5 dyra. Upphitanleg framrúða, hraðastillir, málmlitur o.fl.
FMS31. Skrd. 5/2011. Ek. 27.000 km.
Verð áður 5.530.000 kr.
Dúndurafsláttur 540.000 kr.
Dúndurverð með afslætti: 4.990.000 kr.
Dúndur mánaðargreiðsla: 57.831 kr.*
Árleg hlutfallstala kostnaðar 10.45%
Tilbúinn á götuna, skoðaður, í ábyrgð og á vetrardekkjum. Takmarkað magn.
Settu gamla bílinn upp í.

Skoðaðu fleiri Ford dæmi

Dæmi: 540.000 kr. Dúndurafsláttur fyrir 23. des. nk.

Ford Mondeo Trend árg. 2011
1,6 dísil beinskiptur 5 dyra.
GNX92. Skrd. 5/2011. Ek. 22.000 km.
Verð áður: 3.930.000 kr.
Dúndurafsláttur: 540.000 kr.
Dúndurverð með afslætti: 3.390.000 kr.
Dúndur mánaðargreiðsla 38.928 kr.*
Árleg hlutfallstala kostnaðar 10.84%
Tilbúinn á götuna, skoðaður, í ábyrgð og á vetrardekkjum. Takmarkað magn.
Settu gamla bílinn upp í.

Skoðaðu fleiri Mazda dæmi

Dæmi: 200.000 kr. Dúndurafsláttur fyrir 23. des. nk.

Mazda 3 Advance árg. 2010
1,6i bensín, beinskiptur, 5 dyra.
JFK26. Skrd. 7/2010. Ek. 47.000 km.
Verð áður: 2.390.000 kr.
Dúndurafsláttur: 200.000 kr.
Dúndurverð með afslætti: 2.190.000 kr.
Dúndur mánaðargreiðsla: 25.089 kr.*
Árleg hlutfallstala kostnaðar 11.18%
Tilbúinn á götuna, skoðaður, í ábyrgð og á vetrardekkjum. Takmarkað magn.
Settu gamla bílinn upp í.

Skoðaðu fleiri Ford dæmi

Dæmi: 200.000 kr. Dúndurafsláttur fyrir 23. des. nk.

Ford Focus Trend Collection árg. 2011
1,6 bensín beinskiptur 5 dyra.
DNG85. Skrd. 5/2011. Ek. 25.000 km.
Verð áður: 2.580.000 kr.
Dúndurafsláttur: 200.000 kr.
Dúndurverð með afslætti: 2.380.000 kr.
Dúndur mánaðargreiðsla: 27.280 kr.*
Árleg hlutfallstala kostnaðar 11.11%
Tilbúinn á götuna, skoðaður, í ábyrgð og á vetrardekkjum. Takmarkað magn.
Settu gamla bílinn upp í.

Skoðaðu fleiri dæmi á ***notadir.brimborg.is***

Fáðu dúndurafslátt fyrir:
23. des
Tilboð framlengt um nokkra daga vegna mikillar eftirspurnar.

Tveir sýningarsalir Brimborgar, Bíldshöfða 6 og 8, Reykjavík. Opið í dag 9-17

2 sýningarsalir Brimborgar
Bíldshöfða 6 og 8, Reykjavík
Sími 515 7000 | notadir.brimborg.is

Thrifty® Bílaleiga

Mánaðargreiðsla er miðuð við 70% fjármögnun. Óverðtryggður bílasamningur til 7 ára, á föstum vöxtum fyrstu 36 mánuðina. Tilboð gildir til 23. des. 2011. Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðin myndunum í auglýsingunni.

NÍUNDI TITILLINN Katrine Lunde Haraldsen hefur verið með frá 2002. AFP

Ótrúlegur árangur Noregs:

Tuttugu verðlaun frá 1986

HANDBOLTI Árangur norska kvennalandsliðsins í handbolta hefur á undanförnum áratugum verið stórkostlegur. Gullverðlaunin á HM í Brasilíu eru tuttugustu verðlaun kvennalandsliðsins á stórmóti frá árinu 1986 þegar liðið vann til sinna fyrstu verðlauna – brons á HM.

Noregur hefur tvívegis sigrað á HM, fyrst árið 1999 þegar keppnin fór fram í Noregi. Evrópumeistaratitlarnir eru alls fimm en Norðmenn hafa unnið síðustu fjórar keppnir, 2004, 2006, 2008 og 2010. Ólympíumeistaratitillinn kom í hús í Peking í Kína árið 2008 í fyrsta sinn í sögu Norðmanna.

Þórir Hergeirsson hefur stýrt liðinu á þremur stórmótum frá því að hann tók við sem aðalþjálfari eftir ÓL í Peking 2008. Íslendingurinn hefur varla getað byrjað betur með liðið, tvenn gullverðlaun og ein bronsverðlaun eru uppskeran það sem af er. **- seth**

Árangur Noregs 1986-2011:

1986-1993	**Sven-Tore Jacobsen, þjálfari**
HM í Hollandi 1986	Brons
Ól í Seúl 1988	Silfur
HM í Suður-Kóreu 1990	6. sæti
Ól í Barcelona 1992	Silfur
HM í Noregi 1993	Brons
1994-2000	**Marit Breivik, þjálfari**
EM í Þýskalandi 1994	Brons
HM í Austurríki og Ungverjal. 1995	4. sæti
ÓL í Atlanta 1996	4. sæti
EM í Danmörku 1996	Silfur
HM í Þýskalandi 997	Silfur
EM í Hollandi 1998	**Gull**
HM í Danmörku og Noregi 1999	**Gull**
EM í Rúmeníu 2000	6. sæti
2001-2009	**Marit Breivik, þjálfari**
	Þórir Hergeirsson, aðstoðarþjálfari
HM á Ítalíu 2001	Silfur
EM í Danmörku 2002	Silfur
HM í Króatíu 2003	6. sæti
EM í Ungverjalandi 2004	**Gull**
HM í Rússlandi 2005	9. sæti
EM í Svíþjóð 2006	**Gull**
HM í Frakklandi 2007	Silfur
ÓL í Peking 2008	**Gull**
EM í Makedóníu 2008	**Gull**
2009-2011	**Þórir Hergeirsson, þjálfari**
HM í Kína 2009	Brons
EM í Noregi og Danmörku 2010	**Gull**
HM í Brasilíu 2011	**Gull**

ÉG Á HEILMIKIÐ Í ÞVÍ SEM HEFUR VERIÐ GERT ÁÐUR

Þórir Hergeirsson varð á sunnudagskvöldið fyrsti Íslendingurinn sem nær því að verða heimsmeistari í handbolta. Norska kvennalandsliðið hefur orðið bæði heims- og Evrópumeistari undir hans stjórn á síðustu tólf mánuðum og hann hefur verið í þjálfarateymi hins sigursæla norska kvennalandsliðs í áratug.

HANDBOLTI Þórir Hergeirsson og stelpurnar hans í norska kvennalandsliðinu eru bestar í heimi. Þær unnu átta síðustu leiki sína á HM í Brasilíu og tryggðu sér titilinn með því að vinna sannfærandi átta marka sigur á Frakklandi í úrslitaleiknum. Þórir tók við starfi Marit Breivik og undir hans stjórn hefur liðið unnið verðlaun á þremur fyrstu mótunum þar af gull á þeim tveimur síðustu.

„Við erum búin að vera hér í þrjár vikur og þetta er búið að vera alveg meiri háttar mót fyrir okkur. Við höfum leikið betur og betur með hverjum leik þannig að það er ekki hægt að biðja um meira. Það er mjög góð tilfinning að vera heimsmeistari. Þetta er almennilega að renna upp fyrir manni núna. Það voru blandaðar tilfinningar í gær og þetta fer að síga inn meira og meira," sagði Þórir

Var að gæla við undanúrslitin

„Þetta var alveg frábært. Þetta var framar vonum. Ég var að gæla við það ef við myndum ná stíganda og ná að spila þetta þokkalega þá gætum við kannski náð í undanúrslit. Þegar við vorum komin í átta liða úrslitin þá var svo mikil orka í mannskapnum og svo mikill stígandi í þessu hjá okkur og þá fórum við bara að tala um það að við gætum alveg eins farið alla leið ef þetta héldi svona áfram. Við sáum það að ef við gætum náð að lyfta þessu upp um fimm prósent í hverjum leik þá liti þetta vel út," segir Þórir en hann hefur unnið frábært starf í að vega upp fjarveru lykilmanna sem duttu út fyrir þetta mót.

Búin að nota árið mjög vel

„Við erum búin að nota árið mjög vel. Ég er búinn að nota mikið af yngri stelpunum og hef verið að vinna með þær. Þær sem voru meiddar og í barnsburðarleyfum hafa síðan verið í sérprógrammi og við höfum fylgt því vel eftir sem hefur borið ávöxt. Þetta verður mjög spennandi á næstu árum," segir Þórir sem er ekki aðeins búinn að setja saman besta lið í heimi í dag heldur einnig lið sem er líklegt til afreka á næstu árum þar á meðal á næsta stórmóti sem eru Ólympíuleikarnir í London í september.

Þetta var stór stund fyrir Þóri og marga reynsluboltana í liðinu sem voru búnar að vinna alla titla nema heimsmeistaramótið.

Leikgreindi fyrir liðið á HM 1999

„Ég var búinn að vera í tveimur úrslitaleikjum á HM áður, 2001 og 2007. Við töpuðum þeim báðum og svo spilaði ég um þriðja sætið í Kína fyrir tveimur árum. Ég hef ekki unnið HM nema 1999, þá var ég í leikgreiningu fyrir Marit," sagði Þórir en hvað finnst honum um það sjónarhorn norsku fjölmiðlamannanna að hann sé nú kominn út úr skugga Marit Breivik sem þjálfaði liðið með frábærum árangri frá 1994 til 2008.

„Ég er voða rólegur yfir því. Ég er búinn að vinna með Marit síðan 1994 þegar hún byrjaði að þjálfa kvennaliðið og ég var að þjálfa yngri landsliðin. Ég er búinn að þjálfa þessar stelpur í landsliðinu meira eða minna síðan þær komu inn í yngri landsliðin," segir Þórir en norska landsliðið hefur unnið tíu verðlaun á stórmótum þar sem Þórir hefur verið annaðhvort þjálfari eða aðstoðarþjálfari.

„Við Marit erum búin að vinna saman síðan 1994 og svo vorum við saman í teymi frá 2001 til 2009. Ég hefði ekkert verið með í því nema ef ég hefði fengið að hafa einhver áhrif. Mér finnst ég eiga heilmikið í því sem hefur verið gert áður og ég hef líka lært heilmikið í samvinnu við Marit," sagði Þórir og bætir við:

„Það hefur verið mjög gott fyrir mína þróun sem þjálfara að vinna með henni en ég hef mitt og við erum ekki lík í öllu. Við höfum líka leiðtogahugmyndafræði en svo höfum við mismunandi skoðanir varðandi handbolta sem er bara mjög gott," segir Þórir og það fer ekki á milli mála að fagmennskan er í hávegum höfð í uppbyggingu norska liðsins.

Unnið kerfisbundið

„Það hefur verið unnið mjög kerfisbundið með þessar stelpur frá því að þær komu inn í yngri landsliðin. Það er verið að byggja mikið á sömu heimspekinni. Við leggjum mikið upp með það að fá leikmennina meðvirka í sinni eigin þjálfun. Þær þurfa að taka meiri ábyrgð á því sem þær eru að gera og læra. Það hefur gefið okkur mjög gott jafnvægi og þegar á reynir er mikill vinnuandi í þessum hópi. Við höfum náð að virkja hópinn, leikmennirnir eiga miklu meira í þessu og þá hefur þetta meira gildi fyrir þá," segir Þórir.



HEIMSMEISTARI Aðstoðarmenn Þóris Hergeirssonar báru hann um salinn eftir að heimsmeistaratitilinn var í höfn hjá norska liðinu. AFP

Tvær milljónir horfðu á leikinn

Þórir veit af miklum áhuga norsku þjóðarinnar á gullstelpunum en býst við rólegum viðtökum þegar liðið kemur heim til Noregs á morgun.

„Liðið er mjög vinsælt. Það voru rúmlega tvær milljónir sem sáu úrslitaleikinn og það er helmingurinn af þjóðinni sem er met. Þetta er mjög góður árangur og þetta er búið að vera alveg geysilega vel unnið hjá stelpunum. Þetta er hörkuhópur," segir Þórir sem viðurkennir að bensíntankurinn hjá sér sé nú orðinn frekar tómur.

„Ég væri að ljúga ef ég segði eitthvað annað. Nú er bara að fara heim, halda upp á jólin, slappa af og fylla á batteríin," segir Þórir en tengsl Selfyssingsins við Ísland eru alltaf sterk þrátt fyrir að hann hafi verið í Noregi í 25 ár.

Fullt af kveðjum frá Íslandi

„Ég er búinn að fá fullt af kveðjum frá Íslandi og það er gaman að því. Íslenska liðið stóð sig mjög vel á mótinu og tók nýtt skref í þessu sem er mjög jákvætt," segir Þórir og hann fagnar því að íslenska þjóðin vilji eigna sér einhvern hlut í árangri hans. „Einu sinni Íslendingur alltaf Íslendingur," sagði Þórir að lokum.

ooj@frettabladid.is

NORSKU HEIMSMEISTARARNIR Norsku leikmennirnir og þjálfarar liðsins fagna hér saman eftir sigurinn á Frökkum í úrslitaleiknum á HM í Brasilíu. AFP

PUMA®
puma.com

30. mars 1980 var einstaklega góður dagur fyrir norskan kvennahandbolta:

Norsku tvíburasysturnar mikilvægar

HANDBOLTI Norsku tvíburasysturnar Kristine Lunde-Borgersen og Katrine Lunde Haraldsen voru lykilmenn í árangri norska kvennalandsliðsins á heimsmeistaramótinu í handbolta í Brasilíu. Kristine skoraði 6 mörk í úrslitaleiknum gegn Frökkum og gaf 5 stoðsendingar á meðan markvörðurinn Katrine lokaði nánast markinu með frábærri markvörslu.

Heimsmeistaratitill var það eina sem þær systur áttu eftir að upplifa sem leikmenn, en þær hafa báðar fagnað sigri í Meistaradeild Evrópu með félagsliði, auk Evrópu- og Ólympíugullverðlauna með landsliðinu.

Kristine vakti athygli á verðlaunaafhendingunni að hún mætti þar með 10 mánaða gamlan son sinn, Matheo. Kristine var með eiginmann sinn og soninn með í för allt mótið – og ekki nóg með það, móðir þeirra systra var einnig í stuðningsliðinu. Pabbinn, Ånund Lunde, var hins vegar eftir í Noregi.

MEÐ SONINN Kristine Lunde-Borgersen átti strák fyrir tíu mánuðum. AFP

Þórir Hergeirsson segir það hafa verið mjög mikilvægt að fá Kristine inn í liðið. „Hún átti barn í febrúar og hefur verið í spesprógrammi síðan. Við lögðum mikla áherslu á að hún væri með af því að Gro Hammerseng og Tonje Larsen voru ekki með. Ég myndi segja að hún væri Ólafur Stefánsson okkar Norðmanna í kvennaboltanum. Hún skapar mikið spil, les leikinn vel og er mjög mikill haus. Hún er mjög mikill heili í öllu sem hún gerir. Hún er mikilvægur leikmaður fyrir okkur," segir Þórir. **- seth, óój**

★★★★★

„Margbrotið skáldverk
þar sem pakkað er saman miklum örlögum.“

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / FRÉTTATÍMINN

3. PRENTUN KOMIN

„Frásagnartækni höfundar nýtur sín ofboðslega vel ... Þetta er
„page-turner“.“

EGILL HELGASON / KILJAN

ÓLAFUR JÓHANN ÓLAFSSON

★★★★

„Listilega gert málverk ... fyrst og fremst skemmtileg.“

ANNA LILJA ÞÓRISDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

★★★★

„Eftirminnileg saga, svo vel unnin og fallega saman sett að það er hreinlega aðdáunarvert.“

ÞÓRUNN HREFNA SIGURJÓNSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

„Þetta er flott verk og spennandi, læsilegt og fallega skrifað ... að öllu leyti vel heppnað ...“

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / KILJAN

„Besta bók Ólafs Jóhanns ... gríðarlega vel heppnað verk og það er gaman að lesa það.“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

> Stöð 2 kl. 22.10

Terra Nova

Spennan magnast í Terra Nova en þættirnir eru sýndir innan við sólarhring eftir frumsýningu þeirra í bandarísku sjónvarpi. Núna er framtíð nýlendunnar í bráðri hættu og íbúarnir þurfa að taka ákvarðanir sem geta skipt sköpum fyrir mannkynið.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR FYLLIST SÖKNUÐI

Bókajól fram undan

Á sama tíma og sjónvarpsstöðvarnar keppast við að auglýsa sína frábæru jóladagskrá fyllist ég vonleysi í garð sjónvarpsins. Þetta er nefnilega líka tíminn þar sem mínir föstu liðir og kæru vinir renna sitt skeið og snúa oft ekki aftur fyrr en að mörgum mánuðum liðnum. Þannig hafa horfið af skjánum frá því í haust þættir á borð við Game of Thrones, Grey's Anatomy, heimildarþættirnir Human Planet og vampírudramað True Blood. Heimsendi er nýlokið og kemur ekki aftur og á sunnudaginn var sýndur síðasti þáttur af The Killing. Þar sem þáttaröðinni lauk án þess í rauninni að ljúka bíð ég spennt til vors.

Í staðinn fyrir þessa fyrirtaksþætti fyllist nú skjárinn af jólalegri afþreyingu. Dregnar eru fram þakkargjörðar- og jólaútgáfur allra hugsanlegra gamanþátta. Stórmyndir síðustu ára fá sinn skerf á tyllidögum en þar sem þetta eru jú stórmyndir hef ég séð þær flestar. En Íslendingar liggja víst hvort eð er bara í bókum um jólin og því er þetta kannski hið fínasta fyrirkomulag.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Eilífðar smáblóm: Þjóðsöngvar um víða veröld **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Fyrr og nú **14.00** Fréttir **14.03** Sker **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Aðventa **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Í heyranda hljóði **21.20** Tríó **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Fimm fjórðu **23.05** Matur er fyrir öllu **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

RÚV

11.30 Jóladagatalið - Sáttmálinn (e)
12.00 Enginn má við mörgum (2:7) (e)
12.30 Myndheimur raunveruleikans
13.00 Tvíburar (2:2) (Twins) (e)
13.55 Kingdom lögmaður (2:6) (e)
14.45 Í fótspor Tangerbúans – Töframenn og dulspekingar (2:3) (e)
15.45 Tíu mínútna sögur – Styttur
16.00 Íslenski boltinn (e)
16.40 Leiðarljós (Guiding Light)
17.20 Táknmálsfréttir
17.28 Barnatíminn
18.00 Jóladagatalið - Sáttmálinn
18.30 Laus og liðugur (18:20) (Gary Unmarried)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.10 Íþróttaannáll 2011
20.40 Krabbinn (3:13) (The Big C) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
21.15 Djöflaeyjan
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Millennium - Karlar sem hata konur II (2:6) (Millennium) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
23.55 Sönnunargögn (12:13) (Body of Proof) (e)
00.40 Kastljós (e)
01.05 Fréttir
01.15 Dagskrárlok

BÍÓ

08.15 Love and Other Disasters
10.00 Prince and Me II
12.00 Beethoven's Big Break
14.00 Love and Other Disasters
16.00 Prince and Me II
18.00 Beethoven's Big Break
20.00 Angels & Demons
22.15 Hannibal
00.25 Lethal Weapon
02.15 Even Money
04.05 Hannibal

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 Doctors (79:175)
10.15 Hawthorne (8:10)
11.05 Borgarilmur (3:8)
11.45 Hot In Cleveland (10:10) Fr
12.10 Wonder Years (2:23)
12.35 Nágrannar
13.00 Frasier (18:24)
13.25 America's Got Talent (3:32)
14.10 America's Got Talent (4:32)
15.00 Sjáðu
15.30 iCarly (1:25)
15.55 Barnatími Stöðvar 2
17.00 Bold and the Beautiful
17.25 Nágrannar
17.52 The Simpsons (13:22)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.21 Veður
19.30 Malcolm in the Middle (18:25)
19.55 Jamie's Family Christmas Jamie Oliver er snillingur þegar kemur að því að framreiða fljótlegan og gómsætan mat. Nú býður hann okkur velkomin á heimili sitt þar sem hann sýnir okkur hvernig hægt er að undirbúa veislumat með lítilli fyrirhöfn og njóta þess um leið að vera í faðmi fjölskyldu og vina.
20.25 Modern Family (3:24)
20.55 Mike & Molly (15:24)
21.20 Chuck (14:24)
22.10 Terra Nova
23.00 Community (11:25)
23.25 Daily Show. Global Edition
23.55 The Middle (9:24)
00.20 Cougar Town (21:22)
00.45 Hawthorne (6:10)
01.30 Medium (8:13)
02.15 Satisfaction
03.10 Pride
04.55 Chuck (14:24)
05.40 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

18.10 Spænsku mörkin
18.40 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu
19.10 Þýski handboltinn: Lemgo - Fuchse Berlin BEINT. Dagur Sigurðsson er þjálfari Fuchse Berlin og Alexander Petersson leikur með liðinu.
20.50 Miami - Dallas Útsending frá öðrum leik Miami Heat og Dallas Mavericks í úrslitum NBA.
22.40 Þýski handboltinn: Lemgo - Fuchse Berlin

SPORT 2 *enski boltinn*

15.00 Newcastle - Swansea
16.50 Fulham - Bolton
18.40 Premier League Review 2011/12 Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
19.35 Wolves - Norwich BEINT
21.40 Football League Show Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
22.10 Blackburn - Bolton
00.00 Wolves - Norwich

EXTRA

19.30 The Doctors (8:175)
20.10 Bones (10:22)
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.25 Ísland í dag
22.00 Glee (9:22)
22.50 Covert Affairs (11:11)
23.35 Twin Peaks (1:22)
01.10 Bones (10:22)
01.55 The Doctors (8:175)
02.35 Sjáðu.
03.00 Fréttir Stöðvar 2
03.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Rachael Ray (e)
09.30 Pepsi MAX tónlist
15.45 Parenthood (18:22) (e)
16.35 Rachael Ray
17.20 Dr. Phil
18.05 Saturday Night Live (10:22) (e)
18.55 America's Funniest Home Videos - OPIÐ (37:50) (e)
19.20 Everybody Loves Raymond (14:25)
19.45 Will & Grace - OPIÐ (18:24) (e)
20.10 Outsourced (15:22) Yfirmaður Todd er mættur til Indlands og Todd þarf að hafa hraðar hendur til að heilla hann upp úr skónum.
20.35 Mad Love (7:13) Fjórmenningarnir fara í vegferð en umferðaróhapp verður til þess að þau þurfa öll að deila sama hótelherberginu.
21.00 Charlie's Angels (3:8) Kate, Eve og Abby eiga allar vafasama fortíð en fá tækifæri til að snúa við blaðinu og vinna fyrir hinn leyndardómsfulla Charlie Townsend. Þegar rannsóknarblaðakona hverfur af skemmtiferðaskipi þurfa englarnir að rifja upp gamla pókertakta svo þær komist um borð og geti rannsakað hvarf hennar.
21.50 Nurse Jackie (12:12) Margverðlaunuð bandarísk þáttaröð um hjúkrunarfræðinginn og pilluætuna Jackie. Í þessum lokaþætti skikkar mannauðsdeildin sem er að rannsaka pillustuld af spítalanum, alla hjúkrunarfræðinga í lyfjapróf.
22.20 United States of Tara (12:12)
22.50 Jimmy Kimmel
23.35 Mad Dogs (4:4) (e)
00.25 Falling Skies (9:10) (e)
01.15 Everybody Loves Raymond (e)
01.35 Pepsi MAX tónlis

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America **08.15** Chevron World Challenge (3:4) **13.35** Golfing World **14.25** World Golf Championship 2011 (2:4) **18.00** Golfing World **18.50** Golfing World **19.40** Wendy's Three-Tour Challenge (1:1) **22.00** Golfing World **22.50** US Open 2002 - Official Film **23.50** ESPN America

N4

18.00 Að norðan **18.30** Tveir gestir **21.00** Bæjarstjórnarfundur

BBC entertainment

06.20 The Weakest Link **07.55** The Graham Norton Show **09.25** Live at the Apollo **10.10** QI **10.40** QI **11.10** EastEnders **11.40** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **12.25** The Graham Norton Show **13.55** Live at the Apollo **14.40** QI **15.40** Top Gear **16.35** Top Gear **17.30** QI **18.00** QI **18.25** My Family **19.00** My Family **19.30** The Graham Norton Show **20.15** The Graham Norton Show **21.00** Live at the Apollo **21.45** QI **22.15** QI **22.45** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **23.30** The Graham Norton Show

DR 1

11.40 De kongelige juveler **12.40** Aftenshowet **13.15** Piger på landet **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Miss Marple **15.00** Vinden i piletræerne **15.20** Shanes verden **15.50** Professor Balthazar **16.00** Rockford **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Det søde liv - jul **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet **18.30** Nissebanden i Grønland **19.00** Price og Blomsterberg **19.30** Bonderøven - op mod jul **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.45** SportNyt 2011 - WHATS ON **20.55** Wallander. Brandvæg

NRK 1

11.15 Overeksponert **12.00** Nyheter **12.05** Aktuelt **12.35** Ut i naturen **13.00** Nyheter **13.05** Norge rundt **13.30** Folk **14.00** Nyheter **14.10** Dallas **15.00** Nyheter **15.10** Jessica Fletcher **16.00** Nyheter **16.10** Det søte juleliv **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Tegnspråknytt **17.00** Jul i Blåfjell **17.25** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** En naturlig helaften **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Desi Nation Furuset **21.20** Extra-trekning **21.30** Bare Egil **22.00** Kveldsnytt

SVT 1

10.30 Nobel 2011 **12.00** Helgsport i SVT **12.05** Swing it, fröken! **13.45** Det söta livet **14.15** Rapport **14.20** Alpint. Världscupen från Levi **15.30** Hur Steve Jobs förändrade världen **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **17.45** Julkalendern. Tjuvarnas jul **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** Sommarpratarna **20.00** Veckans brott **21.00** Gazas tårar **22.25** Dag **22.50** Mahmouds hus **23.50** Skuggor ur det förflutna

iNN

20.00 Hrafnaþing **21.00** Svartar tungur

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	**FM 90,9** Gullbylgjan	**FM 93,5** Rás 1	**FM 96,3** FM Suðurland	**FM 97,7** X-ið	**FM 99,4** Útvarp Saga	**FM 102,9** Lindin
FM 90,1 Rás 2	**FM 91,9** Kaninn	**FM 95,7** FM957	**FM 96,7** Létt Bylgjan	**FM 98,9** Bylgjan	**FM 102,2** Útvarp Latibær	**FM 105,5** Útvarp Boðun

Frábær tilboð fyrir jólin hjá Icewear!

John eða Julia ekta dún Parka áður 39.990 kr

Nú aðeins: 29.990 kr

Opnunartími yfir jólin:

Þingholtsstræti 2, 101 Reykjavík / sími: 561 9619

10-22 virka daga / 10-23 Þorlákmessu / 10-13 24. des.

Lokað 25. des. Venjulegur opnunartími frá 26. des.

Opið: 10-13 gamlársdag. Lokað nýársdag.

Suðurhraun 12c, 210 Garðabær / sími: 555 7409

10-18 alla virka daga / Lokað 24., 25., 26., 31. des. og 1. jan.

ICE WEAR

NORWEAR FOR ALL CONDITIONS

www.icewear.is

BESTI BITINN Í BÆNUM



„Ég tek svona tímabil og á mér alltaf einhvern uppáhaldsstað sem ég fer vandræðalega oft á, en skipti þeim frekar hratt út. Þessa dagana er uppáhalds staðurinn minn Tandoori í Skeifunni. Ég fæ mér alltaf Karachi-kjúklinga Naanwich.“

Aníta Eldjárn ljósmyndari.

Boðið að sýna á New York Fashion Week

„Jú, þetta var hálf ótrúlegt allt saman,“ segir Halldóra Eydís Jónsdóttir skóhönnuður, sem er nýkomin heim frá New York þar sem hún sýndi sína fyrstu skólínu á skósýningu The Fashion Footwear Association of New York, líkt og Fréttablaðið greindi frá á dögunum. Hönnun Halldóru vakti mikla athygli og hún er kampakát með viðbrögðin. „Fólk var mjög hrifið af básnum okkar. Það er ekki auðvelt að vera eitt af nýju merkjunum þarna, en ég skar mig úr og sumir göptu af undrun þegar þeir sáu hráefnið í skónum.“

Hönnun Halldóru, sem útskrifaðist úr skóhönnun fyrir einungis ári, vakti það mikla lukku að gylliboðin hafa streymt til hennar eftir sýninguna. „Mér hefur meðal annars verið boðið að sækja um að vera ein af hönnuðunum sem sýna á næstu Kvikmyndahátíð í Cannes og að vera ein af 25 sjálfstæðum skóhönnuðum sem sýna á New York Fashion Week á næsta ári. Það er mjög dýrt að taka þátt í svona sýningum þannig að ég á eftir að leggjast yfir þetta.“

Viðbrögðin hafa ekki einungis verið góð ytra, því hér heima er skósending Halldóru sem kemur til landsins rétt fyrir jólin nánast uppþöntuð. „Það er auðvitað frábært, sérstaklega þar sem það varð mikil seinkun á sendingunni,“ segir Halldóra sem á von á annarri sendingu eftir jól og mun selja þau pör á heimasíðu sinni og í nokkrum verslunum.

Hugur hennar dvelur hins vegar þessa dagana við næstu vetrarlínu, sem hún segir nærri tilbúna. „Ég er með prufur í framleiðslu núna á Ítalíu og í Portúgal. Ég stefni auðvitað á að toppa sjálfa mig og vonast til að sýna hluta af þessari línu á Íslandi í mars eða apríl á næsta ári.“ - bb

GENGUR VEL Árið hefur verið gott fyrir Halldóru sem byrjar feril sinn af fullum krafti.

Enn meiri Hæ Gosi

„Síðasta sería gekk ógeðslega vel og það eru allir í skýjunum. Það er gríðarlegur hiti fyrir þriðju seríu,“ segir Baldvin Z, einn af framleiðendum Hæ Gosa á Skjá einum.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að taka eigi upp þriðju þáttaröðina af Hæ Gosa á næsta ári. Baldvin vildi ekki staðfesta það í samtali við blaðamann og sagði málið í vinnslu.

Hann er mjög ánægður með áhorfið á aðra þáttaröðina sem var sýnd fyrr á árinu. „Það hafa verið á milli 50 til 60% áskrifenda að fylgjast með þættinum og við erum mjög sátt með það. Það gekk ágætlega með fyrstu seríuna en við bjuggumst engan veginn við því að það yrði eitthvað meira úr þessu.“

Fyrsta kvikmynd Baldvins í fullri lengd, Órói, kom út í fyrra og hlaut mjög góðar viðtökur. Næsta mynd hans verður líkast til samstarfsverkefni hans og Birgis Arnar Steinarssonar, Bigga Maus. „Það lítur vel út. Fjármögnun er í gangi og við erum virkilega að vona að við séum í enda næsta árs að fara í tökur.“

Baldvin starfar þessa dagana sem aðstoðarleikstjóri vísindatryllisins Frosts sem Reynir Lyngdal leikstýrir. „Það er gaman að vinna með Reyni,“ segir hann. - fb

NÝ ÞÁTTARÖÐ Þriðja þáttaröð Hæ Gosa sem Baldvin Z framleiðir verður að öllum líkindum tekin upp á næsta ári.

KÁRI STURLUSON: HEFUR VERIÐ BEÐINN UM FREKARI UPPLÝSINGAR

Vel tekið í hugmyndir um risatónleika á Klambratúni

Umhverfis-og samgönguráð Reykjavíkurborgar ákvað á fundi sínum í síðustu viku að fresta afgreiðslu á erindi Kára Sturlusonar tónleikahaldara. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá vill Kári halda veglega tónleikaveislu á Klambratúni næsta sumar.

Hugmyndir Kára eru metnaðargjarnar en hann vill meðal annars girða Klambratúnið af og rukka þar inn. Samkvæmt teikningu, sem var látin fylgja með til umhverfis-og samgönguráðs, er augljóst að Kári hefur ekki eingöngu tónleikahald í huga heldur er gert ráð fyrir leiktækjum og öðrum skemmtunum fyrir alla fjölskylduna. Hugmyndin er að Klambratún verði lagt undir stórtónleika frá hádegi til miðnættis einn dag næsta sumar.

Í umsögn Sifjar Gunnarsdóttur, forstöðumanns Höfuðborgarstofu, frá 7. september telur hún að miðað við þær upplýsingar sem liggi fyrir sé ómögulegt að veita aðra umsögn en þá að full ástæða sé til að fá ítarlegri upplýsingar um hugmyndina og taka á móti þeim með opnu hugarfari. Sif nefnir jafnframt Sigur Rósar-tónleikana árið 2006, sem hátt í 20 þúsund manns sóttu, og segir að þeir hafi gengið ákaflega vel fyrir sig, tónleikahaldarinn hafi staðið við allar áætlanir. Kári var einmitt einn þeirra sem stóðu að þeim tónleikum.

Kári Sturluson segir í samtali við Fréttablaðið að hann hafi verið beðinn um frekari upplýsingar, hann bíði einfaldlega afgreiðslu hjá Reykjavíkurborg. Kári segir það liggja nokkuð ljóst fyrir að ef þetta verði að veruleika muni erlend stórhljómsveit verða aðalnúmerið, engin íslensk hljómsveit beri slíka tónleika. „Hins vegar er rétt að árétta að ég er bara að kanna hvort þetta sé möguleiki og hvort það sé grundvöllur fyrir þessu.“

HÁLEITAR HUGMYNDIR

Kári Sturluson vill girða af Klambratúnið fyrir mikla tónleikaveislu þar sem einnig verða leiktæki fyrir börnin. Íbúi í hverfinu er ekkert sérstaklega hrifinn og segir hljóðmengunina verða svo sannarlega fyrir hendi.

MYND/TOGGI

> Í örfá skipti hafa verið haldnir tónleikar á túninu og hefur það heyrst um allt hverfið.
>
> **KÁRI STURLUSON**
> TÓNLEIKAHALDARI

Hugmynd Kára leggst misjafnlega í íbúa hverfisins. Samkvæmt tölvupósti sem einnig var lagður fyrir umhverfis- og samgönguráð kemur fram að einn íbúi hefur áhyggjur af hljóðmengun tónleikahalds. „Í örfá skipti hafa verið haldnir tónleikar á túninu og hefur það heyrst um allt hverfið,“ skrifar íbúinn sem býr við Nóatún. Hann segir jafnframt það vera óhjákvæmilega reglu að útitónleikum fylgi mikið drasl og sóðaskapur. „Foreldrar og börn nota túnið og að mæta þangað til leiks í e-m sóðaskap er bara til þess að við íbúarnir myndum ekki telja okkur lengur geta notað það. Túnið er perla fyrir okkur íbúa sem búum þar og mér finnst frekar að eigi að efla það sem útifólkvang.“

freyrgigja@frettabladid.is

Auðvelda útrás hönnunar

„Við höfum lengi verið með þessa hugmynd i kollinum og ákváðum svo að flytja til Berlínar og kýla á þetta í haust,“ segir Tinna Pétursdóttir ein af eigendum fyrirtækisins Boxer Nation, sem er dreifingarþjónusta fyrir hönnuði.

Tinna sér um fyrirtækið ásamt hópi af góðu fólki en hlutverk fyrirtækisins er að auðvelda íslenskum merkjum að koma hönnun sinni á framfæri erlendis. „Við viljum gera hönnuðum kleift að einbeita sér að sölunni og hönnuninni á meðan við tökum á móti vörunum frá framleiðanda, sjáum um að pakka og geyma hana og loks áframsenda vöruna til kaupenda. Við erum með lagerrými, sendingaþjónustu og sýningarsali til afnota,“ segir Tinna sem flutti til Berlínar ásamt fjölskyldu sinni í haust gagngert til að koma fyrirtækinu af stað.

„Við erum að stíla inn á fyrirtæki í löndum utan ESB. Flestir láta framleiða vörur fyrir sig í Asíu og þá þarf að borga tolla inn í landið og svo aftur úr landi. Þetta sleppur hönnuðurinn við með því að láta senda vöruna til okkar,“ segir Tinna en þau hjónin eru sjálf að hanna undir merkinu Dottir&Sonur.

„Okkur fannst alltaf vanta svona fyrirtæki, það eru til svipuð fyrirtæki úti um allan heim en þau henta ekki endilega íslenskum merkjum, og margir hvöttu okkur áfram. Við erum bara rétt að byrja en höfum góða tilfinningu fyrir framhaldinu,“ segir Tinna en frekari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðunni www.boxernation.net. - áp

ÞJÓNUSTA HÖNNUÐI Tinna Pétursdóttir hefur komið fyrirtækinu Boxer Nation á koppinn í Berlín en fyrirtækinu er ætlað að auðvelda hönnuðum utan ESB að selja hönnun sína úr landi.

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S

ÞÚ SÆKIR MIÐSTÆRÐ AF PIZZU MEÐ ÞREMUR ÁLEGGS-TEGUNDUM Á 1.000 KR.

13 ÞRAUTIR JÓLASVEINANNA

Þrauta- og litabók fyrir krakka
á öllum aldri fylgir frítt með öllum
pöntunum fram að jólum á meðan
birgðir endast.

58 · 12345 | dominos.is

stefansson

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir
Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Anna lofuð í hástert

Blaðamaður LA Weekly skrifar grein um söngkonuna **Önnu Mjöll Ólafsdóttur** í tilefni jólatónleika hennar á klúbbnum Vibrato í Los Angeles næstkomandi fimmtudagskvöld. Þar hefur hún sungið undanfarin ár við góðar undirtektir. „Fegurð Mjallar og oft á tíðum glæsilegir kjólar hennar blandast saman við sönghæfileika sem djassistar á borð við George Duke, Don Heckman og Dave Weckl hafa talað vel um," skrifar blaðamaðurinn. „Þegar horft er til skopskyns Mjallar og hversu góðum tengslum hún nær við áhorfendur fer maður að velta fyrir sér hversu langur tími muni líða þangað til hún verður aðalnúmerið á sýningu einhvers staðar í Vegas. Sir Tom Jones er nú þegar tíður gestur á tónleikum hennar í borginni."

Hrun Air

Það var engu líkara en að flug Icelandair frá London til Keflavíkur á föstudagskvöldið síðasta væri að taka á sig mynd hörkuspennutryllis með áherslu á bankahrunið. Farþegar urðu fyrst varir við **Hreiðar Má Sigurðsson**, fyrrverandi forstjóra Kaupþingssamstæðunnar, sem fékk sér sæti á almennu farrými ásamt dóttur sinni. Í humátt fylgdi **Ólafur Þór Hauksson**, sérstakur saksóknari, sem hneppti Hreiðar einmitt í gæsluvarðhald í fyrravor vegna gruns um stórfelld lögbrot. Á fyrsta farrými sat svo slitastjórn Glitnis með **Steinunni Guðbjartsdóttur** í broddi fylkingar, og nokkru aftar þóttust menn sjá Árna Tómasson, fyrrverandi formann skilanefndar sama banka. Allt reyndist þetta þó einskær tilviljun og flugið gekk að mestu átakalaust fyrir sig.

- fb, sh



Mest lesið

vísir

1. „Hinn mikli arftaki" tekur við í N-Kóreu
2. Kim Jong-il leiðtogi Norður-Kóreu látinn
3. Aratúnsfjölskyldan tapaði meiðyrðamáli í héraðsdómi
4. Enn fleiri gætu fengið ákæru í málinu
5. Þrjú börn týndust í Jólaskóginum í Heiðmörk

Egill Árnason™

JUNCKERS
parketsápa

Mundu ...við erum flutt!

Suðurlandsbraut 20 - Sími: 595 0500
www.egillarnason.is

10.000 kr. afsláttur af öllum heilsurúmum
(Gildir ekki með öðrum tilboðum)

Proflex stillanlegt rúm.
Gott stillanlegt rúm á frábæru verði.
2x90x200 cm með okkar bestu IQ-care heilsudýnu 399.900 kr.
Nú 379.900 kr.

Board Wallhugger stillanlegt rúm.
Eitt vinsælasta stillanlega rúmið.
2x90x200 cm með okkar bestu IQ-care heilsudýnu 549.900 kr.
Nú 529.900

Saga/Freyja hágæða heilsudýna.
Gerð úr 7 svæðisskiptu pokagormakerfi með 4 cm þrýstijöfnunarefni í bólstrun.
Queen 153x203 cm á íslenskum botni 129.900 kr. Nú 119.900 kr.

Þór hágæða heilsudýna. Gerð úr tvöföldu 7 svæðisskiptu pokagormakerfi með þrýstijöfnunarefni.
Queen 153x203 cm á íslenskum botni 149.900 kr. Nú 139.900 kr.

BOAS leður sjónvarpssófi 3 sæta. 169.900 kr.
BOAS leður hægindastóll. 79.900 kr.
BOAS rafmagns lyftu stólar. 149.900 kr.

20% afsláttur
Vinsælasta jólagjöfin, IQ-Care heilsukoddar. 3 stærðir.

20% afsláttur
Jólagjöfin þín í ár. Hágæða Damask sængurverasett í miklu úrvali. Frá 8.900 kr. Nokkrar stærðir

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi

Svæðisskipt þrýstijöfnunardýna sem veitir fullkominn stuðning. Tveir stífleikar.
Queen 153x203 cm á íslenskum botni 179.900 kr. Nú 169.900 kr.
Íslenskur höfuðgafl 94.900 kr.
(Sé keypt rúm fæst **20%** afsláttur af höfuðgafli og fylgihlutum.)

Mikið úrval af svefnsófum

12 mánaða vaxtalausar greiðslur

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

www.svefn.is